

UMSAGNIR UM KERFISÁÆTLUN 2025-2034

Umsagnartími 9. apríl – 31. maí 2025

Efnisyfirlit

Umsagnirnar eru númeraðar í þeirri röð sem þær bárust. Allar umsagnir þar sem ekki voru send inn skjöl í viðhengi í skipulagsgátt eru teknar saman á fyrstu tveimur síðunum á eftir efnisyfirliti. Þessar umsagnir eru merktar með stjörnu* hér að neðan.

Tveir umsagnaraðilar koma fyrir tvisvar en númeraröðinni er haldið, til samsvars við birtingarröð í Skipulagsgáttinni. Langanesbyggð sendi inn tvisvar, að því er virðist sömu umsögn. Skorradalshreppur sendi fyrst inn beiðni um framlengdan frest og síðan umsögnina sjálfa.

1. Húnaþing Vestra	5
2. Eyjafjarðarsveit*	3
3. Skagafjörður	7
4. Hvalfjarðarsveit	8
5. Dalvíkurbyggð	9
6. Hafnarfjarðarkaupstaður	10
7. Borgarbyggð	11
8. Reykjanesbær**	3
9. Bolungarvíkurkaupstaður*	3
10. Langanesbyggð	12
11. Suðurnesjabær	14
12. Sveitarfélagið Árborg	15
13. Rangárþing eystra*	3
14. Svalbarðsstrandarhreppur*	3
15. Ísafjarðarbær	17
16. Fjórðungssamband Vestfirðinga	18
17. Samgöngustofa*	4
18. Skipulagsstofnun	22
19. Langanesbyggð	25
20. Grindavíkurbær	27
21. Samband sveitarfélaga á Austurlandi	28
22. Grímsnes- og Grafningshreppur*	4
23. Orkubú Vestfjarða	29
24. Rarik	30
25. Norðurþing	43
26. SSNE - Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra	44
27. Kópavogsbær	46

* Allar umsagnir þar sem ekki voru send inn skjöl í viðhengi í skipulagsgátt eru teknar saman á bls.3-4.

28. Landeigendur við SN2	50
29. Vestmannaeyjabær	54
30. Akureyrarbær	55
31. Veitur	58
32. Orka náttúrunnar	61
33. Náttúrufræðistofnun	70
34. Fjarðabyggð	73
35. Húnabyggð	76
36. HS Veitur	85
37. Skorradalshreppur – beiðni um frest. Umsögnin er birt á síðu 108	
38. Þingeyjarsveit	89
39. Múlaþing *†	4
40. Akraneskaupstaður	90
41. Landsvirkjun	92
42. Minjastofnun	104
43. Landeigendur við HH1	107
44. Skorradalshreppur	108
45. Sveitarfélagið Ölfus	112
46. Náttúruverndarstofnun	113

* Allar umsagnir þar sem ekki voru send inn skjöl í viðhengi í skipulagsgátt eru teknar saman á bls.3-4.

Umsagnir án viðhengja

Eyjafjarðarsveit

Ása Dóra Finnbogadóttir

UMSÖGN BIRT **30.04.2025**

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar gerir ekki athugasemdir við kerfisáætlun 2025-2034.

2

Reykjanesbær

Gunnar Kristinn Þór Ottósson

UMSÖGN BIRT **23.05.2025**

Umhverfis- og skipulagsráð gerir ekki athugasemd við Kerfisáætlun en ítrekar mikilvægi þess að tryggja afhendingaröryggi raforku á Suðurnesjum. Umsögn staðfest á fundi bæjarstjórnar 20.05.2025

8

Bolungarvíkurkaupstaður

Finnbogi Bjarnason

UMSÖGN BIRT **26.05.2025**

Bolungarvíkurkaupstaður gerir ekki athugasemd við kerfisáætlun Landsnets 2025-2034

9

Þ Þóra Björg Ragnarsdóttir

UMSÖGN BIRT **26.05.2025**

Skipulags- og umhverfisnefnd Rangárbæis eystra gera ekki athugasemd við kerfisáætlun 2025-2034.

13

Þ Þórunn Sif Harðardóttir

UMSÖGN BIRT **27.05.2025**

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps gerir ekki athugasemdir við kerfisáætlun 2025-2034.

Þórunn Sif Harðardóttir
Sveitarstjóri

14

Samgöngustofa

Ólöf Anna Rudolfsdóttir

UMSÖGN BIRT 28.05.2025

Samgöngustofa gerir ekki athugasemdir.

17

Grímsnes- og Grafningshreppur

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir

UMSÖGN BIRT 28.05.2025

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps gerir ekki athugasemdir við kerfisáætlun 2025-2034.

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir
Sveitarstjóri

22

Því miður náðist ekki að taka til umfjöllunar umhverfismatsskýrslu Kerfisáætlunar fyrir tilskilinn frest en umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings afgreiddi umsagnarbeiðnina á fundi sínum fyrir í dag, 2. júní 2025. Þar var eftirfarandi bókun samþykkt:

202504148 - Umsagnarbeiðni um kerfisáætlun 2025-2034

Umhverfismatsskýrsla Kerfisáætlunar 2025-2034 lögð fram til kynningar.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð gerir ekki athugasemd við framkomna umhverfismatsskýrslu Kerfisáætlunar 2025-2034.

Samþykkt samhljóða.

Bestu kveðjur,



Sóley Valdimarsdóttir
Verkefnastjóri skipulagsmála
Sveitarfélagið Múlaþing

(354) 4700 700

soley.valdimarsdottir@mulathing.is

www.mulathing.is

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Húnaþingi vestra, 28. apríl 2025
Mál nr. 2504038 U.V.H.

Efni: Umsögn Húnaþings vestra um Kerfisáætlun 2025-2034.

Á 1243. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra sem haldinn var þann 28. apríl 2025 var umsagnarbeiðni um Kerfisáætlun Landsnets fyrir árin 2025-2034 tekin fyrir. Svohljóðandi var bókað:

Í Kerfisáætlun Landsnets er fjallað um þau verkefni sem áformuð eru á árabílinu 2025-2034. Þó öll uppbygging raforkukerfisins á landinu varði Húnaþing vestra er hér einkum fjallað um þrjú verkefni sem á áætluninni eru og að hluta eða öllu leyti eru innan sveitarfélagamarka Húnaþings vestra.

Laugarbakki - nýtt tengivirki

Um er að ræða byggingu nýs 132kV afhendingarstaðar í meginflutningskerfinu sem mun tengjast inn á Laxárvatnslínu 1 við Laugarbakka. Megintilgangur framkvæmdarinnar er að auka afhendingargetu á svæðinu til að koma til móts við framtíðarálagsaukningu. Byggðarráð fagnar framkvæmdinni enda möguleikar til atvinnuuppbyggingar sem krefjast orku engir á svæðinu fyrr en tengivirkið verður risið. Byggðarráð mælist til þess að leitað verði leiða til að flýta framkvæmdinni enn frekar en áformað er að hún fari fram á árunum 2027-2029.

Holtavörðuheidiarlína 1

Um er að ræða lagningu nýrrar 220kV loflínu frá tengivirki á Klafastöðum að nýju tengivirki sem reist verður á Holtavörðuheidi. Verkefnið er hluti af endurnýjun byggðalínu og sem slíkt afar mikilvægt til að auka bæði afhendingargetu og -öryggi um land allt. Lítill hluti línunnar er innan sveitarfélagamarka Húnaþings vestra en þó ekki í löndum sveitarfélagsins. Byggðarráð lýsir sig fúst til samstarfs um allt það sem að sveitarfélaginu snýr í tengslum við framkvæmdina enda verkefnið afar mikilvægt fyrir landsmenn alla.

Holtavörðuheidiarlína 3

Um er ræða lagningu nýrrar 220kV loflínu frá Blönduvirkjun í nýtt tengivirki á Holtavörðuheidi. Mun línan loka tengingu frá Fljótsdal að Klafastöðum og er því mikilvægur hluti af nýrri kynslóð byggðalínu með það að markmiði að auka afhendingargetu og -öryggi um land allt. Fyrir liggja tveir meginvalkostir um lagningu línunnar. Byggðarráð vísar til [umsagnar um umhverfismatsskýrslu um verkefnið dags. 17. febrúar 2025](#) þar sem áhersla er lögð á að farin verði svokölluð heiðaleið en hún liggur að stórum hluta um lönd sveitarfélagsins sem einfaldar framkvæmdina verulega.

Ofangreint tilkynnist hér með.

Byggðarráð áskilur sér rétt til athugasemda á síðari stigum framangreindra verkefna og lýsir sig reiðubúið til samtals við Skipulagsstofnun og Landsnet um efni umsagnar þessarar.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri.

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Skagafjörður, 30. apríl 2025
nr. erindis 2504112 SHI

Á 72. fundi skipulagsnefndar Skagafjarðar 30. apríl 2025 var tekið fyrir neðangreint erindi. Á fundinum var eftirfarandi bókað.


Kerfisáætlun Landsnets 2025-2034 - Kynning umhverfismatsskýrslu (Umhverfismat áætlana)

„Skipulagsstofnun hefur óskað eftir umsögn Skagafjarðar við eftirfarandi mál í Skipulagsgátt:
- Kerfisáætlun 2025-2034, nr. 0509/2025:
Kynning umhverfismatsskýrslu (Umhverfismat áætlana) <https://skipulagsgatt.is/issues/2025/509> .
Kynningartími er frá 9.4.2025 til 31.5.2025.

Skipulagsnefnd samþykkir samhljóða að gera ekki athugasemd við Kerfisáætlun Landsnets 2025-2040.“

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt
f.h. skipulagsnefndar


Sigurður H. Ingvarsson
 **Skagafjörður**
Skipulags- og byggingarfulltrúi



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hvalfjarðarsveit, 8. maí 2025

Málsnr. 2504024

Efni: Kerfisáætlun 2025-2034 - Umsagnarbeiðni

Á 48. fundi Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefndarfundi Hvalfjarðarsveitar þann 16. apríl 2025 var eftirfarandi erindi tekið fyrir:

**Kerfisáætlun 2025-2034, nr. 0509/2025: Kynning umhverfismatsskýrslu
(Umhverfismat áætlana)**

Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Hvalfjarðarsveitar í Skipulagsgátt:

„Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemd við framlagða kerfisáætlun til ársins 2032.“

Það tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Helga Harðardóttir

Verkefnastjóri Umhverfis- og skipulagsdeild



Skipulagsráð - 34 (6.5.2025) - Kerfisáætlun 2025-2034 - umsagnarbeiðni um umhverfismatsskýrslu

Málsnúmer	: 202504059
Málsaðili	: Skipulagsstofnun
Niðurstaða (stutt)	: Lagt fram til kynningar
Niðurstaða	: Skipulagsráð Dalvíkurbyggðar telur framlagða skýrslu gera fullnægjandi grein fyrir áhrifum á umhverfispætti í kjölfar framkvæmdarinnar. Samþykkt samhljóða með fimm atkvæðum.
Inngangur	: Erindi dagsett 11.apríl 2025 þar sem Skipulagsstofnun óskar umsagnar Dalvíkurbyggðar um umhverfismatsskýrslu fyrir kerfisáætlun 2025-2034. Skýrslan er í kynningu til 31.maí nk. og eru gögn málsins aðgengileg á skipulagsgátt undir máli nr. 509/2025.
Fundardags	: 6.5.2025
Skráð dags	: 7.5.2025 10:05:00
Höfundur	: Friðjón Árni Sigurvinsson



Varðar: Umsögn Hafnarfjarðarkaupstaðar um drög að Kerfisáætlun 2025-2034

Hafnarfjarðarkaupstaður hefur farið yfir kynningargögn kerfisáætlunar, sem eru drög að framkvæmdaáætlun, drög að langtímaáætlun og umhverfismatsskýrsla. Eftir yfirferð eru lagðar fram eftirfarandi ábendingar.

Framkvæmdaáætlun

Kafla 3.3.6 Ísallínur 3 og 4

Almennt eru þær breytingar sem eru boðaðar á flutningskerfinu innan Hafnarfjarðar til bóta fyrir hagsmuni Hafnarfjarðar, þótt ósk væri um að fara sem fyrst með Ísallínur í jörðu á milli Hraunhelli og Hamraness. Framtíðarsýn Hafnarfjarðar um skipulag raflína í sveitarfélaginu er að Ísallínur verði í jörðu frá Hamranesi að nýju tengivirki sem rísi við Hraunhelli.

Í samræmi við bókun skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar, dags. 3. apríl 2025, er óskað eftir að Landsnet kynni fyrirkomulag raflína sem tengjast tengivirkinu í Hamranesi innan þriggja ára, en Hafnarfjarðarkaupstaður hefur lengi kynnt þá framtíðarsýn að engar loftlínur tengist Hamranesi í framtíðinni.

Kafla 3.5.2 Tvítenging Hafnarfjarðar

Í kerfisáætlun eru kynntir þrír valkostir um tengingu við afhendingarstaðinn við Öldugötu og að Landsnet leggi til að skoða áfram valkosti 2 og 3. Hafnarfjarðarkaupstaður fellst á þá niðurstöðu, en vill minna á mikilvægi þess að hafa samráð við sveitarfélagið við endanlega ákvörðun um valkost. En á bls. 95 í kafla um niðurstöður valkostagreiningar er eingöngu nefnt samráð við HS veitur.

Langtímaáætlun

Eins og komið hefur fram að ofan, þá vinnur Hafnarfjarðarkaupstaður að endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins. Þar er m.a. unnið að framtíðarskipulagi flutningskerfisins, þar sem lögð er áhersla á að engar loftlínur fari um tengivirkið í Hamranesi, nýtt tengivirki verði byggt við Hraunhelli og að Búrfellslína 3 verði færð að hluta og tengist nýju tengivirki við Hraunhelli. Er þessi framtíðarsýn í samræmi við framtíðarþróun byggðar í Hafnarfirði. Í vinnslutillögu aðalskipulags mun Hafnarfjörður kynna þessar hugmyndir, sem eru í samræmi við það samráð sem hefur átt sér stað við Landsnet á undanförunum árum. Gert er ráð fyrir að í næstu kerfisáætlun Landsnets, þ.e. 2027-2036, verði fjallað um ofangreindar breytingar á flutningskerfinu í sveitarfélaginu.

Bent er á að það vantar á mynd 11.2, tímalína framkvæmda í meginflutningskerfinu, að gera grein fyrir Ísallínunum 3 og 4 í T0, til samræmis við mynd 12.4 um fyrirhugaðar framkvæmdarverkefni á höfuðborgarsvæðin og Reykjanesi.

Umhverfismatsskýrsla

Ekki eru gerðar athugasemdir við umhverfismatsskýrslu kerfisáætlunar.

Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðarkaupstaðar



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Borgarnesi 23. maí 2025

Umsögn Borgarbyggðar um Kerfisáætlun Landsnets 2025-2034

Örugg afhending raforku og miðlun orku á milli landshluta skapar lífsgæði og atvinnu um land allt. Kerfisáætlun leiðir í ljós þau miklu þjóðhagslegu verðmæti sem skapast við bætt flutningsskilyrði eða glatast þegar öryggi er ábótavant eða flutningsgetu skortir.

Fyrirsjáanlegt er að verulegur hluti Holtavörðuheiðarlínu 1 muni liggja um sveitarfélagið Borgarbyggð. Línán mun hafa talsverð áhrif á aðra nýtingu landsins og umhverfi í Borgarbyggð. Landeigendur og fleiri íbúar í Borgarbyggð hafa lýst áhyggjum sínum við sveitarfélagið. Sveitarstjórn Borgarbyggðar fjallaði um málið á 263. fundi sínum 10. apríl 2025 og þar var eftirfarandi bókun samþykkt:

„Sveitarstjórn Borgarbyggðar stendur heils hugar með landeigendum eins og öðrum íbúum í sveitarfélaginu. Að sama skapi hefur sveitarstjórn fullan skilning á mikilvægi þess að styrkja flutningskerfi raforku í landinu. Þessi tvö sjónarmið geta auðveldlega farið saman. Framleiðsla og flutningur á raforku skapar mikil verðmæti fyrir íslenskt samfélag. Það er óviðunandi að sú verðmætasköpun sé á kostnað landeigenda á línuleið flutningsmannvirkja. Það er sanngirnismál að greitt sé eðlilegt verð fyrir það land sem tekið er undir slík mannvirki. Það verð hlýtur að taka mið af þeim skorðum sem línán setur á nýtingu landsins og þeim miklu verðmætum sem línunni er ætlað að skapa.

Þegar línuleið Holtavörðuheiðarlínu 1 kemur til afgreiðslu á vettvangi á sveitarstjórnar verður eðlilega horft til þess hvort sanngirni hafi verið gætt í viðskiptum við landeigendur í sveitarfélaginu og þeir gangi sáttir frá borði.“

Samþykkt á 708. fundi byggðarráðs Borgarbyggðar

Virðingarfyllt,

Stefán Broddi Guðjónsson
Sveitarstjóri Borgarbyggðar



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Langanesbyggð, 28. maí 2025

Efni: Umsögn Langanesbyggðar um Kerfisáætlun 2025-2034.

Á 39. fundi byggðarráðs Langanesbyggðar sem haldinn var þann 28. maí 2025 var umsagnarbeiðni um Kerfisáætlun Landsnets fyrir árin 2025-2034 tekin fyrir. Svohljóðandi var bókað:

Í Kerfisáætlun Landsnets er fjallað um þau verkefni sem áformuð eru á árabílinu 2025-2034. Í meðfylgjandi langtímaáætlun er farið nánar yfir sviðsmyndir og verkefni, m.a. yfirstandandi greiningarvinnu Landsnets og Rarik sem snýr að framtíð raforkuflutnings- og dreifingar á Norðausturlandi.

Byggðarráð Langanesbyggðar telur brýnt að þeirri vinnu verði lokið hið fyrsta, þannig að hægt sé að færa aðkallandi verkefni inn á áætlun Landsnets, í takt við niðurstöður og til samræmis við stefnu stjórnvalda. Staða raforkumála á þessu landshorni er grafalvarleg og úr því verður að bæta.

Opinber stefna stjórnvalda (um uppbyggingu flutningskerfis raforku) kveður á um að jafnræðis sé gætt milli landsvæða þegar kemur að afhendingaröryggi raforku. Þá eigi að horfa til þeirra svæða sem eru lakar sett en önnur, að því er raforkumál varðar. Einnig er lögð áhersla á að flutningskerfið mæti þörfum fyrir aukin orkuskipti í samgöngum og haftengdri starfsemi, m.a. að því er varðar innviði fyrir rafbíla, notkun raforku í höfnum og raforku til fiskimjölsbræðslna. Að endingu kveður stefna stjórnvalda á um að allir afhendingarstaðir Landsnets verði tvítengdir fyrir 2040.

Líkt og fram kemur í drögum að kerfisáætlun þá á enn eftir að tvítengja Kópasker og Vopnafjörð og er fyrirkomulag þess eitt af því sem er til skoðunar í fyrrnefndri greiningu Landsnets og Rarik. Í langtímaáætlun eru þessar tvítengingar kynntar sem „fyriséðar þarfir til lengri tíma“ og sömuleiðis að Þórshöfn gæti þá orðið nýr afhendingarstaður í kerfinu, út frá sömu forsendum.

Sveitarfélagið Langesbyggð



Byggðarráð telur afar brýnt að þessi verkefni rati strax inn á tímasetta áætlun, og í kjölfarið inn á framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar. Þá sé brýnt að flýta framkvæmdum eins og frekast er kostur, enda er aukin flutningsgeta raforku nauðsynleg forsenda annarrar uppbyggingar á svæðinu. Ekki sé hægt að tryggja á annan hátt: Samkeppnishæfni svæðisins; orkuskipti og rafvæðingu fiskiðnaðar; sjálfbærar forsendur fyrir sókn nýrra atvinnuvega; og afhendingaröryggi á Norðausturhorninu.

Ofangreint tilkynnist hér með.

F.h. byggðarráðs Langesbyggðar,

Björn S. Lárusson, sveitarstjóri

Suðurnesjabæ, 26. maí 2025
2504059 GG

09.0

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Efni: Landsnet - Kerfisáætlun 2025-2034 - Kynning umhverfismatsskýrslu

Á 63. fundi Framkvæmda- og skipulagsráðs Suðurnesjabæjar þann 16.04.2025 var lögð fram til umsagnar umhverfismatsskýrsla Kerfisáætlunar 2025-2034.

Eftirfarandi er afgreiðsla nefndarinnar á erindinu:

Ráðið gerir ekki athugasemdir umhverfismatsskýrslu Kerfisáætlunar 2025-2034

Afgreiðsla Framkvæmda- og skipulagsráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,



Jón Ben. Einarsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Selfossi, 26.maí 2025
2505309

**Umsagnarbeiðni – Kerfisáætlun Landsnets 2025-2034, kynning
umhverfismatsskýrslu**

Skipulagsstofnun hefur óskað eftir umsögn Sveitarfélagsins Árborgar vegna Kerfisáætlunar Landsnets 2025-2034, mál nr. 0509/2025 í Skipulagsgátt.

Sveitarfélagið Árborg gerir ekki athugasemdir við framlagða kerfisáætlun.

Virðingarfyllst,

Rúnar Guðmundsson
Skipulagsfulltrúi



Minnisblað - stílsnið.docx

Ísafjarðarbær fagnar framlagningu Kerfisáætlunar Landsnets 2025–2034 og framkvæmdaáætlunar 2026–2028. Ljóst er að fyrirhuguð verkefni á svæðinu, einkum Miðdalslína, launaflsútjöfnun á Vestfjörðum og tenging Hvalárvirkjunar, eru mikilvæg skref í átt að auknu orkuöryggi og atvinnuuppbyggingu í fjarri landshlutum.

Þrátt fyrir jákvæða þróun telur Ísafjarðarbær nauðsynlegt að hnykkja á þremur meginatriðum: tryggingu tvítengingar fyrir árið 2040, frekari stækkun og mótun afhendingarstaða á svæðinu og þörf á að flýta eða endurmeta forgangsöröðun til að tryggja að þróun atvinnulífs og orkuskipta á svæðinu sé ekki sett í biðstöðu til 2030 eða síðar. Í fyrsta lagi vill sveitarfélagið ítreka það að Ísafjarðarbær og nærliggjandi byggðakjarnar búa við skert afhendingaröryggi og veik flutningstengsl. Þótt Miðdalslína bæti stöðu svæðisins verulega þegar hún verður að veruleika, er ljóst að hún nægir ekki ein og sér til að mæta þörfum sveitarfélagsins til framtíðar. Samkvæmt langtímaáætlun Landsnets þarf öll uppbygging flutningskerfisins að tvöfalda afkastagetu sína til að mæta orkuskiptum og þróun atvinnulífs. Því er eðlilegt að Ísafjarðarbær fái skýr svör við því hvort frekari tengingar, svo sem tvítenging í Skutulsfirði eða í Hnífsdal, verði hluti af langtímaáætluninni, og ef svo er, hvort unnt sé að flýta þeim framkvæmdum fram á fyrri hluta tímabilsins.

Í öðru lagi vekur Ísafjarðarbær athygli á þeirri miklu þróun sem framundan er í orkuskiptum í sjávarútvegi, samgöngum og ferðaþjónustu. Þá sérstaklega í dreifbýlum byggðakjörnum og hafnarsvæðum þar sem skammtímanotkun og aflþörf aukast verulega á fáum árum. Kerfisáætlunin gerir ráð fyrir umtalsverðri aukningu eftirspurnar á landsvísi fyrir 2030, en framkvæmdir sem tengjast svæðinu – utan þeirra sem þegar eru í undirbúningi – eru ekki settar í brýnan forgang fyrir en eftir 2030. Ísafjarðarbær telur því mikilvægt að flýta þeim þáttum sem tryggja raunhæfa dreifingu á aukinni flutningsgetu um landið, og að ekki verði beðið eftir að virkjanir á svæðinu – s.s. Hvalárvirkjun – kalli eftir tengingu, heldur fari undirbúningur og styrking netkerfisins fram samhliða öðrum framkvæmdum.

Í þriðja lagi vill Ísafjarðarbær hvetja Landsnet til þess að horfa sérstaklega til hlutverks Vestfjarða í jafnvægi byggðarþróunar og réttlátra orkuskipta. Sveitarfélagið tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í langtímaáætlun Landsnets um að styrking flutningskerfisins sé lykill að efnahagslegum vexti, sjálfbærni og verðmætasköpun. En það verður aðeins að veruleika ef innviðaupbygging fylgir takti samfélagsþróunar á svæðinu. Í ljósi þess leggur Ísafjarðarbær til að farið verði í endurmat á forgangsöröðun framkvæmda fyrir Vestfirði með það að markmiði að flýta þeim framkvæmdum sem hafa bein áhrif á afhendingargetu, atvinnuuppbyggingu og örugga orkuskipti.

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Ísafirði 28. maí 2025

Umsögn tillaga að Kerfisáætlun 2025-2034

Umsögn þessi er unnin af Vestfjarðastofu fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga samkvæmt samningi við stjórn sambandsins.

Með vísun til framlagningu gagna Landsnets frá 9. apríl og 10. apríl 2025 um tillögu að langtíma áætlun og framkvæmdaáætlun Kerfisáætlunar 2025 – 2034, er hér lögð fram umsögn Vestfjarðastofu (VFS) og Fjórðungssambands Vestfirðinga (FV).

FV hefur skilað umsögnum um Kerfisáætlun um árabíl. Kjarninn í þeim umsögnum hefur verið að settur sé forgangur á verkefni á Vestfjörðum, með vísan til á sérstöðu orkukerfisins með litla orkuframleiðslu, veikburða flutningskerfi og hátt hlutfall rafhitunar sem samanlagt krefst stuðnings hátt í 30 MW varaafis af um 50 MW notkun. Sammögnun þessara þátta leiðir af sér verra tiltæki á raforku, jafnt er varðar afhendingu og beinum orkuskorti sem hefur hamlandi áhrif á uppbyggingu samfélaga og atvinnulífs.

Nú á árinu 2025 er sérstaðan enn til staðar en margt hefur áunnist á síðustu 10 árum, sérstaklega á flutningskerfinu innan Vestfjarða en síður með aukna orkuframleiðslu. Tveir starfshópar ráðherra orkumála 2022¹ og 2023² sem fulltrúar Landsnets tóku þátt í ásamt fulltrúum sveitarfélaga á Vestfjörðum og orkufyrirtækja, mörkuðu stefnu sem sveitarfélög á Vestfjörðum taka undir.

Nú við gerð umsagnar 2025 vísast til framangreindra skýrslna starfshópa um stöðu orkukerfisins og mótun verkefna og tilögur um röðun þeirra í tíma. Tillaga um Kerfisáætlun 2025-2034, fylgir í megindráttum þeim verkefnatillögum sem settar voru fram að hálfu þessara starfshópa.. Þær fylgja einnig stefnu stjórnvalda í þingsályktun nr 26/148 um flutningsmál raforku þar sem Vestfirðir skulu settir í forgang við úrlausn orkumála og stefnt að hringtengingu (N-1/tvítenging afhendingarmáta) flutningskerfis fyrir árið 2030 og dreifikerfis fyrir árið 2040.

Unnið er að gerð Svæðisskipulags Vestfjarða 2026-2050 og vinnslutillaga fer til umsagnar og almennrar kynningar í júní n.k.. Í desember sl. voru kynnt frumdrög svæðisskipulagsins³ sem kynna framtíðarmynd um þróun íbúa og verkefnum sem tengjast því að láta þá framtíðarmynd rætast. Uppbygging orkuinnviða og annarra innviða á Vestfjörðum er þar kjarnaatriði til að bæta vankanta flutningskerfis og til að mæta aukinni eftirspurn. Óskað er eftir að við úrvinnslu umsagna vegna Kerfisáætlunar 2025-2034 séu þessi gögn Svæðisskipulagsins höfð til hliðsjónar.

¹ https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Raforkumal_Vestfjarda_skyrsla_2022.pdf

² https://www.vestfiridir.is/static/files/Innvidir/2023/efling_samfelags_a_vestfjordum-juni-2023.pdf

³

https://www.vestfiridir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/Svaedisskipulag/frumdrog_svaedisskipulags_des_2024.pdf

Langtímaáætlun 2025-2034

Kaflí 12.3.2. um uppbyggingu kvíks launaflsbúnaðar.

Á kynningarfundum um Kerfisáætlun sem haldinn var á Ísafirði þann 7. maí sl. kom fram að kvíkur launaflsbúnaðar mun bæta mjög kerfisstýringar í flutningskerfinu dagsins í dag og er viðvarandi vandi m.a. í starfsemi iðnfyrirtækja. Eins kom fram að búnaðurinn verður nauðsynlegur hluti kerfisstjórnunar til langrar framtíðar lítið þ.e. með nýjum virkjunum innan Vestfjarða og tvöföldun Vesturlínu frá Mjólka í Hrutatungu. FV hvetur til að þessu verkefni verði hraðað og að í valkostagreiningu verði vægi uppgangs í samfélagi og atvinnulífi á Vestfjörðum sett sem meginforsenda.

Kaflí 12.3.3. Endurnýjunar- og uppbyggingarefni.

Svæðisbundna flutningskerfið Vestfjörðum.

Lýst er í kaflanum verkefnum sem stuðla að uppbyggingu á flutningskerfi á norðan og sunnanverðum Vestfjörðum og tekið er undir þær tillögur. FV bendir þó á ábendingu Orkubús Vestfjarða sem kom fram á kynningarfundum 7. maí sl., um að uppbygging Breiðadalslínu 2 (132 Kv) og Ísafjarðarlínu 1 sé sett framar í framkvæmdaröð til að auka afhendingargetu forgangsorku og flutningsöryggi (kerfisstýringar) á norðanverðum Vestfjörðum. Málið tengist einnig tímabundnum samningi Orkubúsins til ársins 2028 við Landsvirkjun um afhendingu forgangsorku til rafhitunar sem dregur verulega úr notkun jarðefnaeldsneytis í varaafsstöðvum.

Tengipunktur í Miðdal, uppbygging virkjana og bætt flutningskerfi með N-1 afhendingu í Mjólka.

FV leggur áherslu á að uppbygging á nýjum tengipunkti í Miðdal í Ísafjarðardjúpi er kjarninn í framkvæmd fyrir framtíð orkukerfisins á Vestfjörðum. Nánar tiltekið með tengingu 132 Kv kerfis frá Hvalárvirkjun með Hvalárlínu 1 að tengipunkti í Miðdal og þaðan með Miðdalslínu 1 í nýtt tengivirki í Kollafirði og þaðan með Mjólkárslínu 1 í Mjólka.

Hér verði komið á N-1 tengingu í Mjólka (meginafhendingarstaður Landsnets) og þar inn á sunnan og norðanverða Vestfirði með 90% bætingu á tiltæki raforku á þessum svæðum. Verkefnin eru tímasett frá og með árinu 2026 á grunni nýrrar tímaáætlunar virkjanaaðila um að gangsetning virkjunarinnar verði á árinu 2030. FV gerir athugasemd við að ekki er gert ráð fyrir að Mjólkárslína 3 sé ekki tekin í notkun fyrr en 2031 en ekki samhliða og Hvalárvirkjun verður gangsett, en línan tryggir flutning á erfiðasta kafla Vesturlínu og er fyrsti áfangi tvítengingar þeirrar línu.

FV leggur áherslu á að tengipunkturinn er forsenda fyrir aðrar virkjanir í Ísafjarðardjúpi sem eru í nýtingarflokki Rammáætlunar 3 (Austurgil) og virkjanir sem mælt er með af faghópum við undirbúning Rammáætlunar 5 (Skúfnavötn og Hvanneyrardalur (með fyrirvara skörun vatnasviðs við Tröllárvirkjun). Samanlagt uppsett afl er um 105 MW sem nýtir vatnasvið Ófeigsfjarðarheiðar og austanverðs Glámuhálendis, vatnasvið sem hafa verið ónýtt til þessa á Íslandi og eru utan jarðskjálfta- og eldgosasvæðis.

FV leggur áherslu á að tengipunkturinn verði hannaður til að síðar meir verði komið á tengingu úr Miðdal í tengivirki í Steingrímsfirði sem lið í hringtengingu þess svæðis og til að bæta skilyrði fyrir atvinnuuppbyggingu á Ströndum. Kæmi það til viðbótar þeim áhrifum sem aðrar virkjanir í Steingrímsfirði og víðar koma til með að hafa á því svæði. Tengipunkturinn er einnig mikilvægur fyrir rekstur dreifiveitna til að mæta vaxandi orkuþörf í Ísafjarðardjúpi vegna fiskeldis s.s. seiðaeldisstöð, landtengingar sjókvíaeldis, orkuskipti þjónustubáta og orkuskipti í samgöngum á landi. Að lokum leggur FV áherslu á að endurbygging Mjólklínu 1 verði hraðað til að til staðar sé sambærileg tvítenging og í öðrum landshlutum.

Forsenduáhætta og viðbrögð.

Allar áætlanir um aukið tiltæki raforku byggja á að virkjun Hvalár gangi fram samkvæmt síðustu áætlunum þannig að virkjunin verði gangsett 2030. Ekki er þó sopið kálið þó í ausuna sé komið. Til dæmis er óútljáð áfrýjun til Hæstaréttar mál 48/2024 um landamörk á Ófeigsfjarðarheiði en vænst er niðurstöðu nú haust. Auk þess er framhald virkunarframkvæmda háð vilja virkunarleyfishafa. Þá segir sagan að flest skref í átt að þessu marki verða tortryggð og allar kæruleiðir nýttar. Hér er því til staðar forsenduáhætta sem tilefni er til að fjalla betur um í langtímaáætlun Kerfisáætlunar.

Tvítenging Vesturlínu

Hér verður að setja áherslu á að vinnu við aðra möguleika tvítengingar sé hraðað. Tilgreint er á bls. 42 að í Kerfisáætlun 2021-2030 var kynnt valkostagreining fyrir tvítengingar á Vestfjörðum m.a. tvöföldun Vesturlínu frá Hrútatungu að Mjólka. Niðurstaðan var að þessi tenging væri til lengri tíma litið nauðsynleg og ígildi lokaáfangi þess að Vestfirðir séu tengdir flutningskerfinu á sama hátt og aðrir landshlutar, en fyrst verði látið verði reyna á uppbyggingu virkjana innan Vestfjarða og áfangaskipta tvöföldun línunnar. FV telur jákvætt að hafin sé skoðun á tvöföldun allrar Vesturlínunnar en ekki sé réttlæt看legt m.t.t. forsenduáhættu að fresta undirbúningi að verkefninu, þar til aðrir kostir eru í höfn. Fremur eigi að taka verkefnið nú þegar til umfjöllunar í langtímaáætlun 2025-2034 og eiga þannig tiltækar áætlanir bregðist þær forsendur sem lagt er upp með.

Tengigjald Hvalárvirkjunar

FV telur nauðsynleg að hafa í huga forsenduáhættu sem felst í samningum milli virkjanaaðila og Landsnet um tengigjald virkjana. Rammi samninga er bundin í raforkulögum og ber að leggja á tengigjald ef tenging virkjunar eða stórnotenda veldur auknum kostnaði. Tilkostnaður við tengingu Hvalárvirkjunar er hár en er nú talin yfirstíganlegur en eftir er að ganga frá endanlegum samningum.

FV telur að hafa beri í huga að þá sérstöðu í orkukerfinu á landsvísu, að Hvalá er þá fyrsta virkjunin sem kemur til með að nýta vatnasvið sem ekki hefur verið nýtt áður og liggur fjarri Byggðalínu. Ætti tengigjaldi fyrstu virkjunar á svæði sem þessu, sem skapar forsendur fyrir aðra virkjanakosti í nálægð hennar, að taka mið af þessari sérstöðu.

Í annan stað ætti að meta hagræðið sem fylgir uppbyggingu virkjunar innan Vestfjarða sem er það aflmikil að hún umbreytir kerfisstýringum til hins betra og eykur flutningsgetu Vesturlínu úr 50 MW í 100–150 MW og er lykilþáttur til að koma á tvítenginu orkukerfis svæðisins.

Í öðru lagi er vert að rifja upp sögu uppbyggingar Byggðalínunnar á áttunda áratug síðustu aldar. Það var innviðaaðtak stjórnvalda á sínum tíma, ætlað til að tengja saman orkuvinnslu á vatnasviðum hringinn í kringum miðhálandið og dreifa orkunni um landið. Nú, þegar líftími línunnar er liðinn, fer stór hluti fjármagns í Kerfisáætlun 2025-2034 í að betrubæta Byggðalínu. Sú framkvæmd er raunar metin sem mjög þjóðhagslega hagkvæm. Þá er til þess að líta að vegna lakari flutningskerfis með núverandi Vesturlínu hafa Vestfirðir minni hag af enduruppbyggingu Byggðalínu en aðrir landshlutar, enda hefur Ófeigsfjarðarhálandið ekki verið tengt með Byggðalínu og er mjög langt frá næsta tengipunkti.

Með öðrum orðum: á meðan Byggðalínan er tvöfölduð annarsstaðar án þess að sérstakt kerfisframlag sé rukkað (eða hafi verið rukkað á sínum tíma fyrir gildistöku raforkulaga), er kerfisframlag er rukkað fyrir uppsetningu á grunninnviðum sem hefðu átt að vera löngu komnir.

Í þriðja lagi er ekki að sjá að valkostagreining hafi innifalið greiningu á tvítengingu alla leið. Hér er einkum vísað til leggjarins frá Kollafirði til Hrutatungu, sem bætt getur raforkuöryggi Vestfjarða að nokkru leyti. Sá kostur er dýr án þess að kerfisframlag fylgi. Eðlilegt er að spyrja hvort kostnaðurinn við þann kost ætti ekki að dragast frá kerfisframlagi Hvalárvirkjunar.

Hér teflir um mikla hagsmuni. Vegna þess hve raforkukerfið á Vestfjörðum hefur verið afskipt, og var óburðugt þegar núgildandi regluverk tók gildi, reiknast tengigjald Hvalárvirkjunar tæpir 7 ma.kr. (sjá bls. 124, í Framkvæmdaáætlun 2026-2028). Óásættanlegt er að tafir verði á framkvæmdum vegna útreikninga á tengigjöldum þegar svona háttar til.

Annað

FV telur að taka verði til skoðunar möguleika á fleiri hringtengingum á Vesturlandi sem hafa einnig áhrif á Vestfjörðum. Hér er átt við tengingu flutningskerfis frá Glerárskógum við tengivirki á norðanverðu Snæfellsnesi. Með slíkri tengingu er komin á ný flutningsleið af Byggðalínu til hliðar við Holtavörðulínu og eykur öryggi og framkvæmd viðhalds.

Framkvæmdaáætlun 2026-2028

Í umfjöllun um langtímaáætlun er komið inn á þau verkefni sem falla einnig undir framkvæmdaáætlun 2026-2028 og vísast til þeirra.

Umhverfismatsskýrsla Kerfisáætlunar

FV telur að umhverfismatsskýrsla Kerfisáætlunar 2026-2034 gefi gott yfirlit um stöðu og líkleg umhverfisáhrif framkvæmda kerfisáætlana og gerir ekki athugasemd við skýrsluna.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri

Landsnet hf

Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Reykjavík, 28. maí 2025
Tilvísun: 202502011 / 7.0

Efni: Kerfisáætlun 2025-2034 – Umsögn Skipulagsstofnunar.

Kerfisáætlun Landsnets 2025-2034 er í kynningu á Skipulagsgátt frá 9. apríl til 30. maí 2025. Um er að ræða drög að langtímaáætlun kerfisáætlunar 2025-2034, framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar og umhverfismatsskýrsla áætlunarinnar. Hér að neðan er umsögn Skipulagsstofnunar og þá fyrst og fremst um umhverfismatsskýrslu kerfisáætlunar 2025-2034 en einnig með ábendingum varðandi framkvæmdaáætlun.

Í kafla 2.1.1 í umhverfismatsskýrslu kemur eftirfarandi fram: „Í endurbyggingu felst oftast að ný lína er byggð í eða við núverandi línustæði. **Byggðalínan er í flestum tilvikum rifin í kjölfarið.** Því er miðað við að beint rask verði 2 m, sem er munur raskaðs svæðis vegna 132 kV loftlínu og 220 kV loftlínu“. Skipulagsstofnun bendir á að í tilfelli nýrra línu frá Kröflu að Fljótsdal, Kröflulínu 3, Hólasandslínu 3 frá Akureyri að tengivirki á Hólasandi, Holtavörðuheiðarlínu 3 frá Holtavörðuheidi að Blönduvirkjun og Holtavörðuheiðarlínu 1 frá Klafastöðum að Holtavörðuheidi er gert ráð fyrir að núverandi lína standi áfram um ókomin ár. Einungis í tilfelli Blöndulínu 3 er gert ráð fyrir að Rangárvallalína 1 verði tekin niður milli tengivirkis við Varmahlíð og Rangárvallatengisvirkisins við Akureyri. Í ljósi þessara staðreynda er feitletruð staðhæfing að ofan mjög hæpin.

Athygli vekur að ekki er að finna sambærilegan kafla í umhverfismatsskýrslunni um vandkvæði í umhverfismatsvinnu en slíkur kafli var í skýrslu kerfisáætlunar 2023-2032.

Landnet hefur lagt fram umhverfismatsskýrslu vegna Holtavörðuheiðarlínu 3. Þar eru settir fram tveir aðalvalkostir, annar meðfram núverandi byggðalínu í samræmi við þingsályktun 26/148 um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku þar sem fram kemur að ekki verði ráðist í línulagnir yfir hálendið og þingsályktun nr. 11/144 um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína um að leitast skuli við að halda línugötum í lágmarki og raska ekki ósnortnu svæði ef aðrar lausnir koma til greina, m.a. með tilliti til kostnaðar og umhverfisáhrifa. Hinn aðalvalkostur Holtavörðuheiðarlínu 3 gerir ráð fyrir að ný lína liggi innan miðhálendismarka yfir að mestu ósnortið svæði og þ.a.l. í ósamræmi við stefnu stjórnvalda skv. ofangreindum þingsályktunum. Það vekur því athygli að á myndum 3.1 og 3.2 í umhverfismatsskýrslu kerfisáætlunar er sýnd línuleið skv. langtímaáætlun þar sem fyrrnefnd línuleið yfir hálendið, fjarri núverandi línu, er sýnd. Þannig virðist kerfisáætlun 2025-2034 marka stefnu um línuleið í ósamræmi við stefnu stjórnvalda, skv. ofangreindum þingsályktunum. Í kafla 6.3 er fjallað um hvernig kerfisáætlun samræmist stefnu stjórnvalda og um lagningu raflína og uppbyggingu flutningskerfis raforku og samræmi við aðrar áætlanir og stefnumarkanir. Ekki er þar minnst á að skv. stefnu stjórnvalda um lagningu raflína skuli leitast við að halda línugötum í lágmarki og raska ekki ósnortnu svæði ef aðrar lausnir koma til greina, m.a. með tilliti til kostnaðar og umhverfisáhrifa en sagt að línuleið skv. kerfisáætlun fari um jaðar miðhálendisins Norðvesturlands, þ.e. á línuleið annars valkostar Holtavörðuheiðarlínu 3. Engin umræða er um þá staðreynd að í umhverfismatsskýrslu Landsnets um Holtavörðuheiðarlínu 3 er annar

aðalvalkostur sem fylgir núverandi línu og styður þannig við stefnu stjórnvalda að leitast skuli við að halda línugötum í lágmarki og raska ekki ósnortnu svæði og að ekki séu lagðar línur um hálendið.

Í kafla 3.5.3 í framkvæmdaáætlun er hins vegar fjallað um að tveir aðalvalkostir séu til skoðunar eftir? umhverfismat. Annars vegar útfærsla á svokallaðari byggðarleið (Dh) og hins vegar útfærsla á heiðaleið (A3) og í töflu 3.5.3.5 er síðan einhver tilraun til að meta hvernig framkvæmdin samræmist almennum atriðum sem tilgreind eru í stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis. Skipulagsstofnun bendir á að í töflunni er síðan ekki stillt upp þessum tveimur aðalvalkostum heldur er yfirskriftin „Valkostur 1“. Auk þversagnakenndra yfirlýsinga eins og að valkostur fari ekki um friðlýst svæði, svæði sem njóta verndar skv. sérlögum eða raskar svæðum sem njóta verndar 61. gr. náttúruverndarlaga. Annar valkostur fari um votlendissvæði. Skipulagsstofnun bendir á að lagfæra þarf framsetningu fyrrgreindrar töflu og samræma umfjöllun um Holtavörðuheiðarlínu 3 í umhverfismatsskýrslu og framkvæmdaráætlun. Í ljósi þess sem rakið er hér að framan er ljóst að sú niðurstaða sem birtist efst á bls. 91 um að Holtavörðuheiðarlína 3 sé í fullu samræmi við stefnu stjórnvalda um lagningu raflínu og í samræmi við almenn atriði skv. stefnu um uppbyggingu flutningskerfisins fæst aðeins staðist ef línuleið D er valin.

Samkvæmt skýringum við mynd 3.2 í umhverfismatsskýrslu kerfisáætlunar 2025-2034 er gert ráð fyrir valkosti um jarðstreng á línuleiðum Holtavörðuheiðarlínu 1 og 3. Í umhverfismatsskýrslum þessara framkvæmda er ekki gert ráð fyrir jarðstreng á neinum köflum línuleiðarinnar. Á bls. 10 í umhverfismatsskýrslu kerfisáætlunar kemur eftirfarandi fram: „*Jarðstrengsmöguleikar draga úr áhrifum á landslag og ásýnd, en á þessu stigi er þó ekki fyllilega ljóst hvar þeir yrðu staðsettir né hversu langir þeir yrðu. Ákvarðanir um jarðstrengslagnir eru teknar á framkvæmdastigi*“. Þar sem ljóst er að **ekki** er um að ræða jarðstrengsmöguleika á fyrrnefndum línuleiðum og mjög takmarkaða á línuleið Blöndulínu 3 standast ekki staðhæfingar um að á þessu stigi sé þó ekki fyllilega ljóst hvar þeir yrðu staðsettir né hversu langir þeir yrðu. Ef átt er við að leggja **núverandi** byggðalínu í jörðu á ofangreindum línuleiðum þarf það að koma skýrt fram en hins vegar er ljóst að ákvarðanir um jarðstrengslagnir á þeirri línuleið hafa þegar verið teknar.

Í kafla 3.10, bls. 35 – 36 í umhverfismatsskýrslu Kerfisáætlunar vekur það athygli að þrátt fyrir nær sambærilega umfjöllun um einkenni áhrifa á ferðapjónustu annars vegar í kerfisáætlun 2025-2034 og í síðustu kerfisáætlun 2023-2032 er komist að annarri niðurstöðu um bein og óbein áhrif á ferðapjónustu að því að virðist án rökstuðnings, þ.e. að þessi áhrif séu miðlungs en voru mikil í fyrri áætlun. Þá er í umfjöllun um einkenni áhrifa vísað til þess að jarðstrengsmöguleikar dragi úr sjónrænum áhrifum, en eins og fyrr segir hafa jarðstrengsmöguleikar víðast hvar þegar verið útilokaðir á nýjum línuleiðum.

Í umfjöllun um Blöndulínu 3 í kafla 4.2.1 í umhverfismatsskýrslu telur Skipulagsstofnun að að lágmarki þurfi að koma fram að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggi fyrir. Þá bendir stofnunin á að í tilfalli Holtavörðuheiðarlínu 1 liggur álit stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum fyrir, sbr. kafla 4.3.1 og álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Holtavörðuheiðarlínu 3 mun liggja fyrir í júnímánuði, sbr. kafla 4.3.2. Skipulagsstofnun telur að eðlilegt væri að í viðkomandi köflum í umhverfismatsskýrslu kerfisáætlunar kæmi fram samantekin niðurstaða álits Skipulagsstofnunar um áhrif viðkomandi framkvæmda á umhverfið.

Í Áætlun um framkvæmdaverk á kerfisáætlun 2025-2034 (Framkvæmdaáætlun) er ekki einu orði minnst á stöðu verkefna gagnvart umhverfismati, þ.e. hvort að fyrir liggi álit Skipulagsstofnunar eða ákvörðun um matsskyldu. Þá bendir stofnunin á að endurskoða þarf tímaáætlun varðandi Ísallínur 3 og 4 á bls. 41 í framkvæmdaáætluninni þar sem segir að gert sé ráð fyrir að framkvæmdir hefjist 2025 og að þeim ljúki 2027. Hæpið er að hægt verði að byrja framkvæmdir á þessu ári þar sem Skipulagsstofnun hefur ekki enn borist umhverfismatsskýrsla.



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Langanesbyggð, 28. maí 2025

Efni: Umsögn Langanesbyggðar um Kerfisáætlun 2025-2034.

Á 39. fundi byggðarráðs Langanesbyggðar sem haldinn var þann 28. maí 2025 var umsagnarbeiðni um Kerfisáætlun Landsnets fyrir árin 2025-2034 tekin fyrir. Svohljóðandi var bókað:

Í Kerfisáætlun Landsnets er fjallað um þau verkefni sem áformuð eru á árabílinu 2025-2034. Í meðfylgjandi langtímaáætlun er farið nánar yfir sviðsmyndir og verkefni, m.a. yfirstandandi greiningarvinnu Landsnets og Rarik sem snýr að framtíð raforkuflutnings- og dreifingar á Norðausturlandi.

Byggðarráð Langanesbyggðar telur brýnt að þeirri vinnu verði lokið hið fyrsta, þannig að hægt sé að færa aðkallandi verkefni inn á áætlun Landsnets, í takt við niðurstöður og til samræmis við stefnu stjórnvalda. Staða raforkumála á þessu landshorni er grafalvarleg og úr því verður að bæta.

Opinber stefna stjórnvalda (um uppbyggingu flutningskerfis raforku) kveður á um að jafnræðis sé gætt milli landsvæða þegar kemur að afhendingaröryggi raforku. Þá eigi að horfa til þeirra svæða sem eru lakar sett en önnur, að því er raforkumál varðar. Einnig er lögð áhersla á að flutningskerfið mæti þörfum fyrir aukin orkuskipti í samgöngum og haftengdri starfsemi, m.a. að því er varðar innviði fyrir rafbíla, notkun raforku í höfnum og raforku til fiskimjölsbræðslna. Að endingu kveður stefna stjórnvalda á um að allir afhendingarstaðir Landsnets verði tvítengdir fyrir 2040.

Líkt og fram kemur í drögum að kerfisáætlun þá á enn eftir að tvítengja Kópasker og Vopnafjörð og er fyrirkomulag þess eitt af því sem er til skoðunar í fyrrnefndri greiningu Landsnets og Rarik. Í langtímaáætlun eru þessar tvítengingar kynntar sem „fyriséðar þarfir til lengri tíma“ og sömuleiðis að Þórshöfn gæti þá orðið nýr afhendingarstaður í kerfinu, út frá sömu forsendum.

Sveitarfélagið Langesbyggð



Byggðarráð telur afar brýnt að þessi verkefni rati strax inn á tímasetta áætlun, og í kjölfarið inn á framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar. Þá sé brýnt að flýta framkvæmdum eins og frekast er kostur, enda er aukin flutningsgeta raforku nauðsynleg forsenda annarrar uppbyggingar á svæðinu. Ekki sé hægt að tryggja á annan hátt: Samkeppnishæfni svæðisins; orkuskipti og rafvæðingu fiskiðnaðar; sjálfbærar forsendur fyrir sókn nýrra atvinnuvega; og afhendingaröryggi á Norðausturhorninu.

Ofangreint tilkynnist hér með.

F.h. byggðarráðs Langesbyggðar,

Björn S. Lárusson, sveitarstjóri



GRINDAVÍKURBÆR

Umsögn um kerfisáætlun Landsnets 2025-2034

Grindavíkurbær veitir hér umsögn um drög að kerfisáætlun Landsnets fyrir árin 2025-2034.

Við umfjöllun í innviðanefnd 30. apríl og í bæjarráði 6. maí var einkum rætt um að þörf er á skýrari framsetningu í kerfisáætlun og í framkvæmdaáætlun til næstu þriggja ára varðandi hringtengingu meginflutningskerfis Landsnets á Reykjanesi og að sú tenging nái til Grindavíkurbæjar með fullnaðar tengipunkti í Grindavík.

Á bls. 8 í tillögu að kerfisáætlun segir m.a.:

„Ekki er hægt að minnast á áhættu án þess að nefna eldvirkni á Suðurnesjum, sem hefur brotið möstur og slitið línur. Landsnet metur nú áfallapol flutningskerfisins alls á suðvesturhorninu út frá hraunrennslishermunum, með sérstakri áherslu á tvítengingu virkjananna í Svartsengi og á Reykjanesi. Fyrstu niðurstöður verða kynntar síðar í ár og þá þarf einnig að ræða hvernig eigi að fjármagna framkvæmdir sem snúast fyrst og síðast um áhættustjórnun vegna náttúruvár.“

Af þessu tilefni telur Grindavíkurbær mikilvægt að minna á að eftir þau áföll sem dunið hafa á í endurteknum eldgosum í Sundhnúkagígaröðinni er tenging Grindavíkurbæjar við orkuver HS Orku í Svartsengi ekki nægilega trygg. Fyrir liggur að auka þarf raforkuöryggi til heimila og atvinnustarfsemi í Grindavík sem fyrst. Dráttur á aðgerðum mun tefja endurreisn bæjarins. Áherslu verður að leggja á að framangreind tvítenging virkjananna í Svartsengi og á Reykjanesi nýtist Grindavík og þeirri miklu atvinnustarfsemi sem fer fram í og við bæinn.

Tilefni er til að undirstrika að framangreindu markmiði verður ekki náð nema staðsettur verði fullnaðar tengipunktur í Grindavíkurbæ.

Rétt er að taka fram að Grindavíkurbær telur að framangreind framkvæmd sé mjög brýn. Því hlýtur að koma til álita að þessar áskoranir verði leystar með sértækum ákvörðunum sem miða að því að auka áfallapol á Reykjanesi, frekar en sem almenn aðgerð í kerfisáætlun Landsnets.

Loks er tilefni til að minna á að vinna við endurskoðun svæðisskipulags Suðurnesja er á lokastigi. Mikilvægt er að í svæðisskipulagstillögu verði greint eins skýrt og kostur er frá legu flutningskerfis Landsnets og aðgerðum til að treysta raforkuöryggi m.t.t. náttúruhamfara.

F.h. Grindavíkurbæjar

28. maí 2025

Guðjón Bragason lögfræðingur (sign.



Landsnet
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Austurlandi, 28. maí 2025

Efni: Mál nr. 509/2025, Kerfisáætlun 2025-2034

Með vísan til umsagnarbeiði sem Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) barst í tölvupósti 11. apríl sl. vill sambandið koma eftirfarandi á framfæri:

Nægt aðgengi að orku er atvinnulífi og íbúum á Austurlandi nauðsyn, eigi svæðið að standast samkeppni og þær breyttu kröfur sem fylgja orkuskiptum. SSA fagnar því áætlunum um endurnýjun flutningskerfis á Austurlandi, sem ætlað er að skapa tækifæri til orkuskipta og atvinnuuppbyggingar á svæðinu en þar er mikilvægust bygging tengivirkis við Hryggstekk og tvítenging byggðalaga.

Fyrir nokkrum árum fóru sveitarfélögin á Austurlandi af stað með vinnu við gerð heildstæðs skipulags og framtíðarsýnar fyrir landshlutann. Sú vinna leit dagsins ljós í Svæðisskipulagi Austurlands 2022 – 2044 þar sem við höfum markað okkur sameiginlega stefnu, m.a í [orkumálum](#) þar sem áherslan er á sjálfbærni, umhverfisvernd og landslagsgæði, mikil gæði orkuafhendingar og fullnægjandi tengingu Austurlandskerfisins við meginflutningskerfi Íslands.

Ekki verður annað séð en að áætlanir Landsnets um bætt flutningskerfi raforku sé í samræmi við stefnu fjórðungsins sem birtist í svæðisskipulaginu.

Fh. Sambands sveitarfélaga á Austurlandi,

Bryndís Fiona Ford
Framkvæmdastjóri SSA

Efni: Kerfisáætlun Landsnets 2025-2034.

Orkubú Vestfjarða er í góðum samskiptum við Landsnets varðandi uppbyggingu flutningskerfis raforku á Vestfjörðum.

Þó viljum við nýta þetta tækifæri og senda inn nokkra punkta sem varða okkar sjónarmið og ábendingar varðandi kerfisáætlun.

Þessir punktar eru helstir:

- Stefna stjórnvalda varðandi uppbyggingu flutningskerfisins gerir ráð fyrir að allir afhendingarstaðir í meginflutningskerfinu njóti tvöfaldrar tengingar árið 2030. Nú þegar er ljóst að það mun ekki ganga eftir á Vestfjörðum.
- Ný flutningslína milli Kollafjarðar og Mjólkár tryggir engan vegin tvítengingu meginflutningskerfisins á Vestfjörðum ein og sér.
- Ekki er hægt að miða áætlanir, án þess að hafa nokkuð í bakhöndinni, við það að virkjanir verði að veruleika sem tengist nýjum tengipunkti í Miðdal. Engin virkjanaleyfi eru fyrir hendi og allt eins víst að mörg ár verði þangað til.
- Orkubúið fagnar nýrri orkuframleiðslu en það sem kannski gerist í framtíðinni má ekki vera forsenda uppbyggingar flutningskerfisins á Vestfjörðum.
- Nauðsynlega þarf að huga að bæta afhendingaröryggi raforku á norðanverðum Vestfjörðum með tvítengingu milli Mjólkár og tengivirkis í Breiðadal með byggingu Breiðadalslínu 2. Þessari mikilvægu framkvæmd hefur verið frestað ítrekað í áætlunum Landsnets. Þessu mótmælum við og viljum fá að vita ástæður.
- Á Vestfjörðum er kerfisstyrkur lágur og hlutfall launaflsframleiðslu hátt. Vegna þessa er á áætlun að setja upp launaflsbúnað í Mjólká. Þessi búnaður mun varla kosta undir tveimur milljörðum. Orkubú Vestfjarða vill benda á að með nýrri virkjun í Vatnsdal eru þessar framkvæmdir að öllum líkindum óþarfar.

f.h. Orkubús Vestfjarða

Halldór V Magnússon

Framkvæmdastjóri Veitusviðs

Efni: Umsögn Rarik um Kerfisáætlun Landsnets árin 2025-2034

Rarik þakkar fyrir tækifæri til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum um Kerfisáætlun Landsnets fyrir árin 2025-2034. Eins og áður skiptist áætlunin í langtímaáætlun sem lýsir framtíðarsýn Landsnets um þróun flutningskerfis raforku fyrir árin 2025–2034 og framkvæmdaáætlun þar sem er að finna þau verkefni sem flutningsfyrirtækið hyggst ráðast í á næstu þremur árum, eða árin 2026 – 2028.

Pungamiðjan í framkvæmdum næstu ára lýtur að uppbyggingu nýrrar kynslóðar byggðarlínu sem tengir Akureyri við Hvalfjörð með 220 kV kerfi og bætir þar með tengingu virkjanasvæðanna á Austurlandi og Suðurlandi. Ef horft er til þeirra framkvæmda sem snúa að eingöngu dreifiveitum ertalsverð uppbygging á Vestfjörðum, í Hafnarfirði og til Vestmannaeyja. Það sem snýr að Rarik á framkvæmdaáætlun er nýr afhendingarstaður á Laugabakka en svo er fyrirhugað verkefni í Hryggstekk mikilvægt fyrir afhendingargetu og afhendingaröryggi á Norðausturlandi. Af þróunarverkefnum á langtímaáætlun er það helst Vegamótalína 2 sem kemur til með að skila ávinningi fyrir viðskiptavinum Rarik en einnig er mikilvæg endurnýjun tengivirkja í yfirbyggð tengivirki, t.d. Prestbakki, Vatnshamrar og Vogaskeið.

Umsögnin er skipt upp í nokkra afmarkaða kafla þar sem Rarik fjallar um lykilatriði í tengslum við kerfisáætlunina. Í lok hvers kafla setur fyrirtækið fram spurningar og ábendingar til Landsnets með það að markmiði að fá fram frekari skýringar varðandi forgangsröðun verkefna, aðferðarfræði og stöðu einstakra framkvæmda í bæði framkvæmda- og langtímaáætlun. Í lok umsagnarinnar er svo að finna samantekt helstu athugasemda Rarik.

I. Almennar athugasemdir við forgangsröðun verkefna í kerfisáætlun Landsnets

Nýir afhendingarstaðir og fjárfestingar í flutningskerfinu vegna þjónustu við dreifiveitur

Rarik telur brýnt að Landsnet geri skýra grein fyrir þeirri hugsun og aðferðarfræði sem liggur að baki ákvörðunum um fjárfestingar í flutningskerfinu, einkum þegar kemur að forgangsröðun verkefna sem snúa að þjónustu við dreifiveitur. Undanfarið hefur skilningur Rarik verið sá að

sjónarmið Landsnets feli í sér að einungis skuli ráðast í uppbyggingu nýrra afhendingarstaða ef slík verkefni teljast arðbær samkvæmt arðsemismati. Að mati Rarik er óljóst hvað Landsnet á nákvæmlega við með þeirri nálgun. Ef hefðbundið arðsemisviðmið hefði verið lagt til grundvallar í upphafi, hefði byggðalínan og stór hluti núverandi flutningskerfis sennilega aldrei orðið að veruleika. Þrátt fyrir þetta virðist afstaða Landsnets sú að fjárfestingar í þágu dreifiveitna megi ekki leiða til kostnaðar fyrir aðra viðskiptavinum kerfisins. Í þessu samhengi er rétt að vísa til 10. mgr. 12. gr. a raforkulaga nr. 65/2003, sem hljóðar svo:

*„Krefjast skal greiðslu ef tenging nýrra **virkjana** eða **stórnotenda** við flutningskerfi veldur auknum tilkostnaði annarra notenda kerfisins.“ [leturbreytingar eru undirritaðar]*

Þessi lagagrein felur í sér að virkjanir (þ.e. framleiðendur) og stórnotendur skuli greiða þann kostnað sem þeir kunna að valda öðrum núverandi viðskiptavinum (notendum) flutningskerfisins, þar á meðal dreifiveitum. Samkvæmt raforkulögum flokkast viðskiptavinir Landsnets í þrjá hópa: framleiðendur, stórnotendur og dreifiveitir.

Sú aðferð sem beitt er til að framfylgja ákvæðinu er útfærð í netmála D3 um kerfisframlag. Þar kemur fram að þegar fyrirhugaðar fjárfestingar skila Landsneti ekki viðunandi arðsemi, skal virkjun eða stórnotandi greiða það sem upp á vantar til að tekjur standi undir viðkomandi fjárfestingu á afskriftartíma eða samningstíma, miðað við ákveðna arðsemiskröfu. Þetta á hins vegar ekki við um dreifiveitir, sbr. 10 mgr. 12. gr. a sem vísað er til hér að framan. Landsnet er því samkvæmt gildandi reglum ekki heimilt að innheimta kerfisframlag af dreifiveitum vegna „óarðbærra“ fjárfestinga í skilningi netmála D3. Landsnet vísar einmitt til netmálans og grunnaðferðafræði hans í drögum að framkvæmdaætlun í kafla 3.2.3, í þó aðeins öðru samhengi.

Í greinagerð með frumvarpi því sem varð að raforkulögum sbr. þskj. 700 — 462. mál. segir meðal annars:

*„Flutningskerfi Landsvirkjunar á 132 og 220 kV spennu hefur verið byggt upp til að tryggja öruggan flutning raforku til **allra landsmanna** og til að anna orkuþörf stóriðjufyrirtækja. Það tryggir öruggan rekstur alls kerfisins og allir aðilar njóta góðs af rekstri þess, t.d. við truflanir. Því er **eðlilegt að allir landsmenn taki þátt í kostnaði vegna þess og áframhaldandi uppbyggingu til að auka flutninga um það.**“*

Rarik lítur svo á að frá gildistöku raforkulaga, sem leiddu til stofnunar Landsnets með það hlutverk að reka flutningskerfi til að þjónusta landið allt, hafi verið lögð áhersla á að **allir landsmenn taki þátt í uppbyggingu þess**. Af þessum sökum er Landsneti ekki heimilt að krefja dreifiveitu um kerfisframlag. Það bryti gegn þeim grundvallarmarkmiðum sem þarna var lagt upp með. Það liggur því í hlutarins eðli að flutningsfyrirtæki hefur skyldum að gegna sem lúta að því að tryggja eðlilega uppbyggingu flutningskerfisins jafnvel þó verkefni sem snúa að þjónustu við dreifiveitir séu ekki arðbær í skilningi netmála um kerfisframlag.

Fram til ársins 2011 voru afhendingarstaðir sérstaklega tilgreindir í viðauka með raforkulögum, en þeir voru felldir út með breytingarlögum nr. 19/2011. Í greinargerð með því frumvarpi, sbr. þskj. 61 – 60. mál, segir:

„Talið er að slík lögfesting afhendingarstaða geti hamlað hagkvæmri útfærslu og uppbyggingu flutningskerfisins.“

Það er því skýrt í regluverkinu að ákvörðun um nýja afhendingarstaði er ekki pólitísk og að ekki á að hamla uppbyggingu flutningskerfisins.

Rarik áréttar að aðferðafræði við ákvörðunartöku um fjárfestingar og forgangsörðun þeirra í þágu dreifiveitna, hvort sem um línur, afhendingarstaði eða varafl er að ræða þarf að vera miklu skýrari. Að mati Rarik ætti ávallt að leggja áherslu á að velja þá lausn sem telst þjóðhagslega hagkvæmust, og skal sú niðurstaða byggjast á nánun og faglegu samstarfi milli hlutaðeigandi fyrirtækja. Rarik er ávallt reiðubúið til að eiga um þetta nánara samtal en hefur áhyggjur af mismunandi skilningi fyrirtækjanna á þeim grundvallaratriðum sem hér hafa verið reifuð.

Rarik telur einnig rétt að vekja athygli á því, að í nýlegum fyrirlestri á vegum Landsnets kom fram að fyrirhuguð uppbygging flutningskerfisins vegna vindorku myndi leiða til hærri flutningskostnaðar. Slíkt vekur upp spurningar um samræmi við 10. mgr. 12. gr. a raforkulaga og netmála D3. Ef vindorka kallar á fjárfestingar í flutningskerfinu sem teljast „óarðbærar“ þá þannig að þær hækka flutningskostnað til þeirra sem fyrir eru, ber virkjunaraðila þá ekki að greiða fyrir þann tilkostnað? Eru það ekki einmitt þessi tilvik sem ákvæði laganna beinast að? En ekki að hinum almenna notanda, þ.e. dreifiveitum sem þurfa nú í samstarfi við flutningsfyrirtækið að ráðast í nauðsynlega uppbyggingu í tengslum við orkuskipti og almenna byggðapróun í landinu sem er í eðli sínu frampung.

Spurningar um nýja afhendingarstaði og fjárfestingar í flutningskerfinu vegna þjónustu við dreifiveitur:


1. Hvernig er arðsemi verkefna sem lúta að dreifiveitum metin?
2. Hvaða aðferðafræði og forsendur eru lagðar til grundvallar við slíkt mat?
3. Þegar Landsnet tekur ákvörðun um að samþykkja eða synja dreifiveitu um nýjan afhendingarstað, á hverju byggir sú ákvörðun?

Mörk Landsnets og Rarik og stefna stjórnvalda um uppbyggingu flutningsfyrirtækisins

Kerfisáætlun í heild sinni fjallar um framtíðaruppbyggingu flutningskerfisins með áherslu á orkuskipti, uppbyggingu atvinnulífs og byggðapróun. Rarik hefur líkt og Landsnet sett sér metnaðarfulla áætlun sem lýtur að sömu markmiðum. Í þessu samhengi telur Rarik mjög mikilvægt að flutningsfyrirtækið og viðskiptavinir þess hafi skýra sýn á það hversu langt eða skammt hlutverk flutningsfyrirtækisins nær og hvort ekki ríki sameiginleg sýn á það hvenær er farið af stað í nauðsynleg verkefni.

Rarik hefur ítrekað komið því á framfæri við Landsnet að á Íslandi eru tveir þéttbýlisstaðir sem tilheyra dreifikerfi Rarik sem eru í mikilli fjarlægð frá flutningskerfinu, meiri fjarlægð en aðrir

þéttbýlisstaðir. Það er Vík í Mýrdal (60 km fjarlægð frá flutningskerfi) og Þórshöfn á Langanesi (55 km fjarlægð frá flutningskerfi). Mynd 1 sýnir hvernig eingöngu þessar tvær staðsetningar eru sérstaklega langt frá næsta afhendingarstað Landsnets (þó afhendingarstaðir til annara dreifiveitna væru teiknaðir með). Rarik saknar umfjöllunar um hvernig bæta megi tengingar til þessara svæða, enda er það lykil atriði er varðar orkuskipti og byggðarþróun á landsvísu.



Mynd 1: Aðveitustöðvar Rarik eru merktar með bláum þríhyrning, en utan um þann hluta aðveitustöðva sem eru einnig afhendingarstaðir Landsnets eru dregnir rauðir hringir með 40 km radíus.

Í þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku nr. 26/148, frá júní 2018 kemur eftirfarandi fram:

„Flutningskerfi raforku er hluti af grunninnviðum samfélagsins, með sambærilegum hætti og samgöngu- og fjarskiptainnviðir, og ein af mikilvægum forsendum fjölbreyttrar atvinnu- og byggðarþróunar.“

*„Treysta skal flutningskerfið betur, **tengja betur lykilsvæði og tryggja afhendingaröryggi** raforku um **land allt**. Skulu Eyjafjarðarsvæði, Vestfirðir og Suðurnes vera sett í forgang.“*

*„Styrking og uppbygging á flutningskerfinu skal miða að því að auka afhendingaröryggi raforku á landsvísu með sérstakri áherslu á þau **landsvæði sem búa við skert orkuöryggi**. Þá skulu **möguleikar til fjölbreyttrar atvinnusköpunar á landsvísu hafðir að leiðarljósi** við uppbygginguna.“*
[Leturbreytingar eru undirritaðar]

Þó sérstök áhersla sé lögð á Eyjafjarðasvæði, Vestfirði og Suðurnes þá mætti skýra fyrirætlanir Landsnets á öðrum svæðum, enda sér fyrir endann á uppbygginu sem lýtur að þessum svæðum. Ef Landsnet gerir ekki ráð fyrir að bæta tengingar til Víkur eða Þórshafnar á komandi árum þá væri æskilegt að taka það skilmerkilega fram svo íbúar og atvinnustarfsemi á svæðunum geti unnið út frá þeim forsendum. Landsnet segir sjálft í drögum að Kerfisáætlun 2025-2034:

„Sterkt flutningskerfi stuðlar einnig að jafnvægi í byggðaþróun. Í dag standa sumir landshlutar frammi fyrir skorti á raforkuafhendingu sem dregur úr möguleikum til nýsköpunar og atvinnuuppbyggingar á viðkomandi svæðum. Með því að efla flutningsgetu kerfisins er unnt að tryggja jafnan aðgang að raforku um allt land og stuðla þannig að fjölbreyttara atvinnulífi og sterkari byggðum í samræmi við markmið í 1.gr. raforkulaga.“

Um orkuskipti segir Landsnet:

„Til þess að nýta þá möguleika til fulls er nauðsynlegt að styrkja og bæta flutningskerfið svo að raforka geti verið nýtt með hagkvæmum og sveigjanlegum hætti um allt land.“

Ef Landsnet ætlar að tala fyrir orkuskiptum og byggðarþróun **um allt land** þá verður fyrirtækið jafnframt að þjónusta allt landið en ekki skilja ákveðin landssvæði eftir.

Í reglugerð um kerfisáætlun nr. 870/2016 kemur fram:

„Langtímaáætlun skal innihalda mat á þjóðhagslegri hagkvæmni þess að styrkja flutningskerfið skv. 1. gr. raforkulaga nr. 65/2003.“

Í kafla kerfisáætlunar sem fjallar um „þjóðhagsleg áhrif kerfisáætlunar“ eru metin heildaráhrif þeirra framkvæmda sem áætlunin nær til, og rökstutt að þær séu samfélaginu til mikilla hagsbóta. Landsnet hefur ítrekað bent á að næg raforkuafhending sé ein af grunnforsendum fyrir efnahagslegri velgengni samfélaga. Í því samhengi væri gagnlegt að slík greining tæki einnig til þess hver væri samfélagslegur *fórnarkostnaður* (e. *opportunity cost*) þeirra svæða sem búa við mikla fjarlægð frá flutningskerfinu, þar sem takmörkuð afhendingargeta dregur verulega úr möguleikum til eflingar atvinnulífs og almennrar uppbyggingar.

Líkt og fram kemur í drögum að kerfisáætlun 2025–2034, og Landsnet rökstyður þar með skýrum hætti, þá skapa innviðafyrirtæki í eigu ríkisins, á borð við Landsnet og Rarik samfélaginu mun meiri verðmæti en gjaldskrár þeirra endurspegla. Því er mikilvægt að við mat á fyrirhuguðum framkvæmdum sé ekki eingöngu horft til arðsemi viðkomandi fyrirtækis, heldur einnig heildarhagsmuna samfélagsins í víðara samhengi.

Spurningar um mörk Landsnets og Rarik og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningsfyrirtækisins:

4. Hvernig lítur Landsnet á mörk dreifiveitu og flutningskerfis? Tengist það spennustigi, afli, vegalengdum, væntum tekjum, arðsemi eða öðrum þáttum?

5. Telur Landsnet að stefna stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins nr. 26/148 frá júní 2018 styðji eða styðji ekki við nauðsynlega uppbyggingu á til að auka afhendingargetu í Vík og á Þórshöfn?
6. Þegar metið er hvort fara eigi í fjárfestingar metur Landsnet þá samfélagslegan fórnarkostnað þess að gera það ekki? Ef já, hvernig er það gert? Ef nei, hvers vegna ekki?

Tækifæri vegna spennuhækkana

Ýmis spennuhækkunar verkefni eru í burðarliðnum hjá Landsneti, t.d. á Snæfellsnesi. Dæmi eru um að við spennuhækkun úr 66 kV í 132 kV hafi Landsnet sett 132:66 kV spenna til þess að afhenta Rarik á sama spennustigi og áður, en Rarik spennir svo áfram úr 66 kV niður á 33/19/11 kV. Í einhverjum tilfellum eru því „bak í bak“ 132:66 kV og 66:33/19/11 kV spennar í stað þess að spenna beint niður úr 132 í 33/19/11 kV með tilheyrandi fækkun á rofum og spennum á óþarfa millispennustigi, en með því má minnka töp, flatarmál bygginga og rekstrarkostnað. Við viljum því hvetja Landsnet til samstarfs þegar hreyft er við spennustigum svo finna megi einfaldar og hagkvæmar lausnir báðum fyrirtækjum til góða.

Spurningar um tækifæri vegna spennuhækkana:

7. Er Landsnet reiðbúið til samtals og samstarfs við Rarik hvað þetta varðar til að leita hagkvæmustu lausna?

Afhendingargetukort

Landsnet birtir afhendingargetukort sem hluta af kerfisáætlun. Áður fyrr innihéldu kerfisáætlanir afhendingargetukort fyrir hvert landssvæði fyrir sig, þar sem allir afhendingarstaðir Landsnets voru sýndir, þar með talið afhendingarstaðir utan meginflutningskerfisins. Slík kort voru síðast birt í *Kerfisáætlun Landsnets 2021 – 2030*. Rarik saknar þess að sjá afhendingargetu svæðisbundinna flutningskerfa. Það er mikilvægt fyrir Rarik að vita núverandi og vænta stöðu þessara afhendingarstaða þar sem Rarik rekur stóran hluta dreifikerfisins frá þeim stöðum.

Einnig væri gott að útskýra forsendur afhendingargetukortanna. Ljóst er að inn- eða útmötun á einum stað hefur áhrif á aðra staði og því ekki hægt að líta á afhendingargetu eins staðar sem sjálfstæða tölu óháð nýjum verkefnum annars staðar. Frekari skýringar á aðferðafræðinni bak við kortin og hvað þau sýna væri því æskileg.

Spurningar um afhendingargetukort:

8. Sér Landsnet sér fært að birta afhendingargetukort fyrir svæðisbundnu flutningskerfið?
9. Rarik óskar jafnframt eftir útskýringu á forsendum þeirrar afhendingargetu sem lögð er fram.

II. Athugasemdir við einstaka liði framkvæmdaáætlunar

Laugarbakki – nýr afhendingarstaður

Í fyrri framkvæmdaáætlun Landsnets fyrir árin 2023–2026 var gert ráð fyrir að framkvæmdir við nýjan afhendingarstað á Laugarbakka hæfust árið 2026 og lyki árið 2028. Í nýrri áætlun hefur þeim hins vegar verið frestað um eitt ár, þannig að framkvæmdir eru nú fyrirhugaðar á árunum 2027–2029.

Rarik hafði ekki fengið upplýsingar um þessa breytingu á tímaáætlun og óskar því eftir nánari skýringum. Jafnframt er óskað eftir rökstuðningi fyrir því hvers vegna áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er jafn langur og raun ber vitni. Þar sem fyrirhuguð lausn byggir á svonefndri „gámalausn“, væri eðlilegt að ætla að framkvæmdin tæki skemmri tíma en ella.

Á bls. 68 í framkvæmdaáætlun Landsnets sem nú er til umfjöllunar kemur fram að „í samráði við Rarik“ hafi verið ákveðið að einfalda framlagðan valkost verkefnisins í eins rofa lausn, með það að markmiði að lækka stofnkostnað.

Þessi lausn felur það hins vegar í sér að aðeins einn aflrofi verður í átt að spennibúnaði Rarik, en enginn aflrofi í átt að þeim loftlínum sem tengja afhendingarstaðinn. Afleiðing þessa er að afhendingarstaðurinn verður ekki tvítengdur (N-1), og getur því einföld bilun í Laxárvatnslínu 1, hvort heldur sem hún á sér stað austan eða vestan við afhendingarstaðinn, valdið rafmagnsleysi. Þannig sparar Landsnet sér fjármuni, á meðan rekstrarkostnaður Rarik hækkar, vegna þess að viðhalda þarf gamalli loftlínu milli Hrútatungu og Laugarbakka til að tryggja viðunandi afhendingaröryggi sem annars hefði mátt afleggja.

Það er ljóst að þessi niðurstaða byggir ekki á gagnkvæmu samráði í hefðbundnum skilningi. Rarik féllst á þessa einfölduðu lausn einungis eftir að Landsnet hafði lýst efasemdum um arðsemi verkefnisins og gefið til kynna að valið stæði milli þess að taka við eins rofa afhendingarstað eða fá engan nýjan afhendingarstað á svæðinu. Ljóst er að þessi lausn er veikari og uppfyllir ekki markmið þeirrar þingsályktunar nr. 26/148 frá júní 2018 sem kveður á um að:

„Allir afhendingarstaðir í meginflutningskerfinu skulu árið 2030 vera komnir með tengingu sem tryggir að rof á stakri einingu valdi ekki takmörkunum á afhendingu eða afhendingarrofi.“

Engin skýr skilaboð hafa komið fram um að Landsnet hyggist uppfæra afhendingarstaðinn í tveggja- eða þriggja rofa lausn fyrir árið 2030. Því vakna spurningar um hvort fyrirtækið telji að nýir afhendingarstaðir þurfi ekki að uppfylla þessi skýru markmið þingsályktunarinnar.

Rarik óskar eftir skýrri og tímasettri áætlun frá Landsneti um hvenær afhendingaröryggi afhendingarstaðarins á Laugarbakka verði bætt. Ef fyrirhugað er að nýta einfaldari afhendingarlausnir sem þessa í ríkari mæli, væri mikilvægt að fá nánari upplýsingar um í hvaða tilvikum slíkar lausnir teljist viðeigandi, og hvenær ekki.

Rarik sýnir hins vegar skilning þeim miklu áskorunum sem Landsnet stendur frammi fyrir í tengslum við uppbyggingu raforkukerfisins. Mikil eftirspurn er eftir styrkingu flutningskerfisins um allt land og Rarik er reiðubúið að koma til móts við Landsnet með því að samþykkja lakari lausn til bráðabirgða. Slík lausn getur falið í sér veruleg tækifæri, enda gæti hún gert Landsneti kleift að mæta þörf fyrir nýja afhendingarstaði mun hraðar en annars væri. Það eru t.a.m. fleiri staðir í dreifikerfi Rarik sem gætu notið góðs af slíkum gámalausnum tímabundið.

Hins vegar verður að undirstrika að þessi lausn glatar tilgangi sínum ef afhendingartími hennar tefst til margra ára og verður þá sambærilegur við byggingartíma fullbúinnar aðveitustöðvar.

Spurningar um Laugarbakka:

10. Óskað er eftir skýringum á breytingu á tímaáætlun.
11. Hvenær má vænta þess að afhendingaröryggi afhendingarstaðarins á Laugarbakka verði bætt, og liggur fyrir tímasett áætlun um það af hálfu Landsnets?
12. Ef gert er ráð fyrir að einfaldari afhendingarlausnir verði notaðar í auknum mæli, hvaða viðmið gilda þá um það hvenær slíkar lausnir eru taldar viðeigandi og hvenær ekki?

Írafoss – endurnýjun tengivirkis

Rarik er í dag með afhendingu á svæðinu frá fjórum rofum Landsvirkjunar í Ljósafoss. Þessi lausn er óheppileg fyrir Rarik, enda eru möguleikar til stýringar eða sýnar á rofa Landsvirkjunar engir og seinlegt að ræsa út starfsmenn þriðja fyrirtækis í bilanatilfellum.

Aðveitustöðin við Ljósafoss fæðir stóran hluta af þeim sumarhúsahverfum sem eru á svæðinu. Eðlisbreyting hefur orðið á því hvernig rafmagn er notað í sumarhúsahverfum, en raforkuþörf sumarhúsa er orðin mun meiri en áður vegna orkuskipta og vaxandi lífsgæða. Til þess að Rarik geti rekið dreifikerfið fyrir þessi sumarhúsahverfi er nauðsynlegt að hafa góða stjórn og yfirsýn yfir notkun og stöðu rofa. Einn möguleiki í stöðunni væri að þeir rofar Landsvirkjunar sem fæða Rarik flytjist yfir til fyrirtækisins, annar möguleiki væri að byggja rofahús fyrir utan Ljósafoss, en eðlilegast væri sjálfsagt að Rarik færi afhendingarstað sinn í tengivirki Landsnets við Írafoss og tengist þar inn á 132 kV rofa í nýju tengivirki. Erfitt er fyrir Rarik að réttlæta kostnað við færslu strengja, kaup á spennu, kaup á rofum og byggingu húsnæðis til þess eins að fá sýn og stjórn á þessum rofum. Rarik óskar eftir frekara samtali við Landsnet og Landsvirkjun um heppilega

útfærslu flutnings í samhengi við endurnýjun Landsnet á rofabúnaði svo ekki tapist þar tækifæri sem kalli á aukinn kostnað á síðari stigum.

Spurningar um Írafoss – endurnýjun tengivirkis:

13. Er Landsnet tilbúið að gera ráð fyrir Rarik við endurnýjun tengivirkis við Írafoss og taka þátt, ásamt Landsvirkjun, í kostnaðinum sem mun fylgja því að leggja niður afhendingarstað í Ljósafoss?

III. Athugasemdir við langtímaætlun

Laxá og Húsavík

Eftir að loftlína milli Akureyrar og Laxá var aflögð fyrr á þessu ári minnkaði afhendingaröryggi á afhendingarstöðum Rarik bæði við Laxárvirkjanir og á Húsavík. Í dag er því staðan sú að dreifikerfi alls svæðisins austan Fnjóskadals og vestan Öxarfjarðar (Húsavík þar með talin) er rekið bak við einfalda 66 kV línu frá Þeistareykjum.

Lítið kemur fram í langtímaáætlun um framtíð þessara afhendingarstaða og kallar Rarik eftir samstarfi við Landsnet um langtímasýn sem felur í sér bætt afhendingaröryggi til okkar viðskiptavina á svæðinu. Í umsögn við kerfisáætlun 2023-2032 gerði Rarik sambærilegar athugasemdir og lagði til nýjan afhendingarstað í Bárðardal en fékk við því lítil viðbrögð.

Spurning um langtímasýn fyrir afhendingaröryggi

14. Er fyrirhuguð vinna af hálfu Landsnets við að móta langtímasýn fyrir afhendingaröryggi á svæðum þar sem núverandi afhendingarstaðir eru veikir?
15. Hvernig hyggst Landsnet tryggja samráð við dreifiveitur í þeim tilgangi, t.d. um tillögur á borð við nýjan afhendingarstað í Bárðardal?

Norðausturland

Í drögum að kerfisáætlun Landsnets sem nú liggur fyrir kemur fram að unnið hafi verið að sameiginlegri greiningu Landsnets og Rarik á bestu útfærslu lausna fyrir Norðausturland en það er óumdeilt að mikil þörf er á því að styrkja raforkuinnviði á því svæði. Markmiðið var að auka afhendingargetu á Þórshöfn og bæta afhendingaröryggi á Kópaskeri og Vopnafirði. Þrátt fyrir þetta samstarf sem Landsnet vísar til hefur málið legið í bið frá mars 2025, og virðist ríkja óvissa innan Landsnets um framtíðaráform verkefnisins. Rarik leggur ríka áherslu á að málið fái framgang án frekari tafar, svo unnt sé að veita viðskiptavinum svæðisins skýr svör um næstu skref.

Rarik óskar jafnframt eftir skýrum rökstuðningi fyrir því hvers vegna Landsnet hefur dregið úr áformum um nýjan afhendingarstað á Þórshöfn. Í langtímaáætlun Landsnets 2023–2032 kom fram að Þórshöfn væri hugsanlegur nýr afhendingarstaður í flutningskerfinu og að í því fælist möguleiki á tvítengingu Kópaskers og Vopnafjarðar, eða orðrétt:

„Það á eftir að tvítengja bæði Kópasker og Vopnafjörð. Í samvinnu við Rarik er Landsnet að meta tvítengingu þessara staða um Þórshöfn og yrði þá Þórshöfn mögulega nýr afhendingarstaður í flutningskerfi Landsnets. Þar með væru komnir innviðir til að styðja við rafvæðingu fiskiðnaðarins á Þórshöfn, orkuskipti á svæðinu sem og uppbyggingu í Finnafirði og samtímis aukið afhendingaröryggi á öllu Norðausturhorninu“

Í þessari áætlun var gert ráð fyrir að afhendingarstaðurinn á Þórshöfn yrði kominn til framkvæmda á árunum 2026–2028 og að tvítengingin kæmi til framkvæmda síðar, á tímabilinu 2033–2038. Nú hefur þeim áformum hins vegar verið **frestað ótímabundið** og eru engin fyrirhuguð verkefni Landsnets á Norðausturhorninu sjáanleg í núverandi drögum að Kerfisáætlun. Á sama tíma er afhendingargeta til Þórshafnar þegar **fullnýtt**, og ekki unnt að bæta frekara álag við núverandi kerfi. Ljóst er að orkuskipti á svæðinu munu ekki eiga sér stað nema að innviðir til afhendingar raforku verði styrktir, einkum með tengingu á hærra spennustigi.

Því vekur það sérstaka athygli þegar eftirfarandi fullyrðing kemur fram í nýjustu drögum að kerfisáætlun:

„Ef mikil uppbygging verður á svæðinu gæti Þórshöfn orðið nýr afhendingarstaður í kerfinu. Það myndi styðja rafvæðingu fiskiðnaðar á Þórshöfn, orkuskipti á svæðinu og uppbyggingu í Finnafirði, auk þess að bæta afhendingaröryggi á Norðausturhorninu.“

Í núverandi stöðu getur hins vegar engin uppbygging orðið nema að til komi sterkari raforkuinnviðir. Þess vegna veltir Rarik fyrir sér hvort þessi fullyrðing feli það í sér að ábyrgð á uppbyggingu raforkuinnviða sé færð frá Landsneti til Rarik þannig að það komi í hlut Rarik að byggja upp svæðisbundið flutningskerfi á 66 kV eða 132 kV spennustigi á þessu svæði. Slíkar framkvæmdir væru afar kostnaðarsamar fyrir Rarik og myndu hafa töluverð áhrif gjaldskrá til viðskiptavina Rarik, en ekki á flutningsgjaldskrá sem allir landsmenn greiða. Einnig má túlka fullyrðinguna sem svo að Landsnet láti arðsemissjónarmið ráða ferðinni umfram byggðasjónarmið. Þetta telur Rarik hvorki í samræmi við anda raforkulaga, sjá nánar umfjöllun í kafla I, né meginmarkmið þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku nr. 26/148, frá júní 2018. Hún kveður skýrt á um að byggðarsjónarmið skuli höfð að leiðarljósi.

Rarik telur ótækt að bíða með grunnuppbyggingu á svæðinu þar til tryggt sé að stórnotkun eða vinnsla verði komin á svæðið. Þar sem kerfið annar ekki lengur eftirspurn og óvissa ríkir um viðbrögð Landsnets, leggur Rarik ríka áherslu á að ákvörðun um framtíðaráform liggi fyrir sem allra fyrst og að nauðsynlegar aðgerðir verði færðar inn á framkvæmdaáætlun án tafar, svo samfélög á svæðinu þurfi ekki að bíða lengur en nauðsyn krefur.

Í þessu samhengi má vísa til eftirfarandi orða úr drögum að framkvæmdaáætlun varðandi nýjan afhendingarstað á Laugarbakka:

„Tilgangur framkvæmdarinnar er að auka afhendingargetuna á svæðinu til að koma til móts við framtíðarálagsaukningu. Dreifikerfið í núverandi mynd getur ekki annað þessari þörf svo óhjákvæmilegt er að auka afhendingargetu þess.“

Rarik veltir því upp hvort sömu rök eigi ekki við um Norðausturhornið og spyr jafnframt hvaða forsendur þurfi að liggja fyrir til að Landsnet taki ákvörðun um að ráðast í nauðsynlegar fjárfestingar á svæðinu.

Spurningar um Norðausturland

16. Hvers vegna hefur Landsnet dregið úr áforum um uppbyggingu á svæðinu frá síðustu kerfisáætlun?
17. Hvaða forsendur þurfa að liggja fyrir svo Landsnet taki ákvörðun um að fjárfesta í svæðinu?

Vatnshamrar og Borgarfjörður

Framkvæmdir við endurnýjun tengivirkis í Vatnshömrum hafa verið teknar af framkvæmdaáætlun og settar aftur í langtímaáætlun. Rarik finnur fyrir aukinni eftirspurn í Borgarfirði og sér fyrir að innleiða þurfi nýtt 33 kV spennustig til afhendingar í Borgarnesi og uppsveitum Borgarfjarðar. Rarik langar að óska eftir samstarfi í því að tímalínur þessara verkefna séu fléttaðar saman svo ekki sé farið út í dýrar framkvæmdir sem lenda svo í uppnámi vegna endurnýjunar stuttu seinna. Rarik hefur haft orð á því við Landsnet hvort möguleiki væri á því að fá nýjan afhendingarstað við byggðarlínuna við Kljáfoss en slík aðgerð gæti fært tímalínur framkvæmda Rarik í Vatnshömrum aftur svo þær falli betur að hugmyndum Landsnets með tengivirkið og endurnýjun út á Snæfellsnes.

Spurningar um Vatnshamar og Borgarfjörð

18. Er vilji hjá Landsneti til að eiga formlegt samstarf við Rarik um að samræma tímalínur verkefna á svæðinu, með það að markmiði að forðast dýrar og óhagkvæmar framkvæmdi?
19. Í því samhengi óskar Rarik einnig eftir svörum við því hvort mögulegt sé að koma upp nýjum afhendingarstað við byggðarlínuna við Kljáfoss?

IV. Samantekt

1. Það skortir skýrleika og sameiginlegan skilning varðandi fjármögnun nýrra afhendingarstaða

- Rarik telur brýnt að skýrt verði með hvaða hætti ákvarðanir eru teknar um uppbyggingu flutningskerfisins þegar um er að ræða framkvæmdir sem ætlaðar eru til að þjónusta dreifiveitu
- Áréttað er að sú arðsemishugsun sem sett er fram með netmála D3 um kerfisframlag á ekki við um dreifiveitur, heldur einungis virkjanir og stórnotendur, sbr. 10. mgr. 12. gr. a raforkulaga.
- Ef dreifiveitur bæru þann kostnað væri það andstætt meginhugmynd raforkulaga um að allir landsmenn greiði fyrir sameiginlega innviði.

2. Þörf á að styrkja verklag og samráð

- Rarik leggur til að aðferðafræði við ákvarðanatöku um fjárfestingar í þágu dreifiveitna verði betur skilgreind, annaðhvort í regluverki eða með formfestu samráði.
- Ávallt ætti að leitast við að velja þjóðhagslega hagkvæmustu lausnina, í samvinnu milli dreifiveitu og Landsnets.

3. Áskorun vegna Norðausturlands

- Rarik lýsir vonbrigðum með að áform um nýjan afhendingarstað á Þórshöfn hafi verið tekin út af framkvæmdaáætlun.
- Það er ósamræmi milli áður framlagðra langtímaáætlana Landsnets og núverandi draga.
- Rarik telur óásættanlegt að beðið sé með slíka innviðauppbýggingu þar til meiri framleiðsla eða notkun hefur verið staðfest. Það fari gegn þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins nr. 26/148, sem leggur áherslu á byggðasjónarmið.

4. Þörf á greiningu á fórnarkostnaði

- Rarik leggur til að í þjóðhagslegum greiningum á áhrifum framkvæmda verði einnig metinn fórnarkostnaður (e. opportunity cost) þeirra svæða sem búa við skerta afhendingargetu og tapaðra tækifæra vegna skorts á raforkuinnviðum.

5. Fyrirvari á tímabundnar lausnir líkt og á Laugarbakka

- Rarik sýnir Landsneti skilning og er tilbúið að samþykkja tímabundnar lausnir (t.d. gámalausnir).
- Slíkar lausnir eru þó einungis ásættanlegar að því gefnu að framkvæmdatími sé skammur. Dragist framkvæmdin hins vegar verulega á langinn, glatast tilgangur og réttlætning slíkrar útfærslu.

6. Rarik leggur áherslu enn meira samtal og samstarf við flutningsfyrirtækið

V. Lokaorð

Að lokum vill Rarik koma því á framfæri að fyrirtækið kann vel að meta þá umfangsmiklu og faglegu vinnu sem Landsnet hefur innt af hendi við gerð Kerfisáætlunar 2025–2034. Slík framtíðarsýn og greiningarvinna eru mikilvægur grunnur að markvissri uppbyggingu raforkukerfisins sem styður við orkuskipti, eflingu atvinnulífs og aukið afhendingaröryggi um land allt.

Þótt ekki sé full samstaða um öll atriði og sumt kunni að þarfnast frekari skýringar, er Rarik sannfært um að með gagnsæi, samráði og gagnkvæmum vilja megi finna farsælar lausnir.

Rarik telur að opið og traust samstarf við Landsnet sé lykill að hagkvæmri og heildstæðri þróun flutningskerfis raforku og er ávallt reiðubúið til virks samtals og samvinnu við Landsnet í þágu hagsmuna samfélagsins til lengri og skemmri tíma.

Virðingarfyllt,
f.h. Rarik ohf.

Silja Rán Steinberg Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri

Kristín Soffía Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Þróunar og framtíðar

Kári Hreinsson, Þróunarstjóri

Andir Viðar Kristmannsson, Sérfræðingur þróunar



Norðurþing

Ketilsbraut 7-9 640 Húsavík sími 464-6100 nordurthing@nordurthing.

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Húsavík, 30. maí 2025

Efni: Umsögn skipulags- og framkvæmdaráðs Norðurþings um mál nr. 0509/2025 í Skipulagsgátt; Kerfisáætlun 2025-2034: Kynning umhverfismatsskýrslu.

Skipulags- og framkvæmdaráð Norðurþings þakkar fyrir kynningu Landsnets á Kerfisáætlun og tækifæri til að gera athugasemdir við Umhverfismatsskýrslu kerfisáætlunar Landsnets 2025-2034, kynningartillögu að langtímaáætlun. Í ávarpi forstjóra kemur fram að með kerfisáætluninni leggur Landsnet sitt að mörkum til að tryggja orkuöryggi, skapa skilyrði fyrir nýsköpun og styðja við byggð og atvinnulíf um allt land.

Skipulags- og framkvæmdaráð bendir á að sumir landshlutar standa frammi fyrir skorti á raforkuafhendingu sem dregur úr möguleikum til nýsköpunar og atvinnuuppbyggingar á viðkomandi svæðum. T.d. á norðausturlandi endar flutningskerfi Landsnets á Kópaskeri annars vegar og á Vopnafirði hins vegar og stendur það atvinnulífi á svæðinu fyrir þrífum, sérstaklega á Þórshöfn. Einnig er mikil atvinnuuppbygging í Öxarfirði í landeldi og mikilvægt að tvítengja þetta landssvæði til að auka afhendingaröryggi.

Í 5 ára framkvæmdaáætlun Landsnets og í drögum að Kerfisáætlun 2025-2034, langtímaáætlun, er ekki gert ráð fyrir að tvítengja Kópasker og Vopnafjörð en sagt að fyrirkomulag þess sé eitt af því sem er til skoðunar í greiningunni. Stefna stjórnvalda kveður á um að allir afhendingarstaðir Landsnets verði tvítengdir fyrir 2040. Skv. þessu má ætla að 10-15 ár séu í að tvítenging verði komin á á þessu landssvæði. Skipulags- og framkvæmdaráð Norðurþings leggur mikla áherslu á að tvítenging Kópaskers og Vopnafjarðar verði komið inn í Kerfisáætlun 2025-2034 til að tryggja raforkuöryggi á svæðinu.

Skipulags- og framkvæmdaráð leggur mikla áherslu á að tvítengingu Bakka verði flýtt en sé ekki skilgreind sem fyrirséð þörf til lengri tíma. Sveitarstjórn Norðurþings vinnur að uppbyggingu græns iðngarðs á Bakka í fullri samvinnu við stjórnvöld og því er mikilvægt að tvítengingin verði færð yfir í framkvæmda- eða að minnsta kosti langtímaáætlun sem verkefni með skýra tímasetningu og fjármögnun.

Að öðru leyti gerir ráðið ekki athugasemdir við drög að Kerfisáætlun 2025-2034 og umhverfismatsskýrsluna en tekur undir umsögn stjórnar SSNE.

Virðingarfyllst,

f.h. skipulags- og framkvæmdaráðs Norðurþings

Elvar Árni Lund, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs



Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Norðurlandi eystra, 30. maí 2025

Efni: Umsögn stjórnar SSNE um kerfisáætlun Landsnets 2025-2034.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) fagnar framlagningu kerfisáætlunar Landsnets enda mikilvægt að Landsnet leggi reglulega fram skýrar og greinargóðar framtíðaráætlanir um þróun flutningskerfis raforku. Það vekur þó furðu miðað við stöðu flutningskerfis raforku að Landsnet velji að miða kerfisáætlun við lágspá raforkuspár og velji að byggja kerfið ekki upp þannig að það geti brugðist við bæði aukinni framleiðslu og aukinni nýtingu kerfisins. Það er ekki síst áhugavert í ljósi aukinnar eftirspurnar eftir raforku um allan heim vegna hraðrar tækniþróunar gervigreindar, hugtak sem er reyndar ekki nefnt einu orði í fyrirliggjandi kerfisáætlun. Þá má geta þess að útreikningar Norðmanna um uppbyggingu flutningskerfis raforku þar í landi benda til þess að það sé mun meiri kostnaður við að keyra of lítið flutningskerfi, heldur en sá sem felst í að reka of stórt flutningskerfi.

Samkvæmt samþykktri stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku skulu möguleikar til fjölbreyttrar atvinnusköpunar á landsvísu hafðir að leiðarljósi við uppbygginguna og tryggja ber að flutningskerfið geti á hverjum tíma mætt þörfum raforkunotenda og stuðlað að þeim þjóðhagslegu markmiðum sem fram koma í raforkulögum. Stjórn SSNE telur fyrirliggjandi áætlun engan veginn fullnægjandi hvað varðar þessa þætti, ekki síst hvað varðar uppbyggingu flutningskerfis raforku á Norðurlandi eystra og telur mikilvægt að hún sé tekin aftur til úrvinnslu með eftirfarandi atriði til hliðsjónar:

1. Áberandi skortur á greiningu fyrir landshlutann

Áberandi er að greiningar á flöskuhálsum og rekstraröryggi snúa nánast eingöngu að suðvestur- og austurhluta landsins, en ástandið á Norðurlandi eystra lítt rætt. Sú ákvörðun að gera ekki slíkar greiningar fyrir Norðurland eystra gerir það að verkum að sveitarfélög, atvinnulíf og íbúar á Norðurlandi sitja eftir hvað varðar möguleika til atvinnuuppbyggingar og aukningu á orkuframleiðslu á svæðinu.

Stjórn SSNE leggur því þunga áherslu á að:

- Að gerð verði greining á rekstraröryggi og flöskuhálsum á Norðurlandi eystra, ekki síst hvað varðar ástand svæðisins milli Kröflu, Húsavíkur og Akureyrar. Sú greining verði hluti af þessari kerfisáætlun.
- Að framtíðarflutningsþörf landshlutans verði metin á sama stigi og á suðvesturhorninu, ekki síst með tilliti til fyrirhugaðrar atvinnuuppbyggingar, líklegar aukningar á orkuframleiðslu á svæðinu og orkuskipta. Það mat verði hluti af þessari kerfisáætlun.

2. Spennuhækkarnir og sveigjanleiki flutningskerfisins

Stjórn SSNE telur óásættanlegt að staða mögulegra spennuhækkana á Norðurlandi eystra sé óljós í kerfisáætluninni. Sérstaklega vantar upplýsingar um hvernig kerfið milli Eyjafjarðar og Kelduhverfis verði styrkt. Það skortir þar greinargóða framtíðarsýn um spennuhækkarnir í landshlutanum, en það hefur bein áhrif á sveigjanleika kerfisins og möguleika til að nýta það sem best.

Stjórn SSNE telur því nauðsynlegt að:

- Fram fari sérstök greining á möguleikum spennuhækkana í landshlutanum, einkum við Kröflu og austar.
- Niðurstöður þeirrar greiningar verði notaðar til að hraða tvítengingu og styrkingu svæðisins til að mæta ört vaxandi þörf.

3. Tvítenging Bakka verði flýtt

Tvítenging Bakka er í kerfisáætluninni sett sem „fyrirséð þörf til lengri tíma“ – það er ekki fullnægjandi. Í ljósi núverandi eftirspurnar, fyrirhugaðrar stækkunar þeistareykjavirkjunar og krafna um rekstraröryggi er brýnt að:

- Tvítengingin verði færð yfir í framkvæmda- eða að minnsta kosti í langtímaáætlun sem verkefni með skýra tímasetningu og fjármögnun.

4. Orkuskortur hefur víðtæk samfélagsleg áhrif: Staðan á Langanesi

„Samfélög sem geta hvorki bætt við sig nýrri atvinnustarfsemi né farið í orkuskipti munu dragast aftur úr öðrum.“ – Jón Skafti Gestsson, hagfræðingur Landsnets.

Stjórn SSNE telur mikilvægt að við mótun kerfisáætlunar Landsnets séu ávallt höfð í huga samfélagsleg áhrif orkuskipts. Orkuskortur hefur áhrif á launapróun og samkeppnishæfni svæða og þarf það því að vera hluti af áhrifamati kerfisáætlunar. Dæmi eru um að sveitarfélög á Norðurlandi eystra hafi fundið fyrir þessu þó staðan hafi batnað hratt á síðustu árum. Í Samgöngu- og innviðastefnu SSNE 2023-2033 er skýrt kveðið á um mikilvægi þess að tenging flutningskerfis raforku á Langanesinu verði tryggð.


Stjórn SSNE leggur því afar þunga áherslu á að brugðist verði við stöðunni á Langanesi, en hún er grafalvarleg. Íbúar og fyrirtæki búa við það að raforkukerfið þolir varla grunnhleðslu. Þessi staða gengur gegn bæði stefnu stjórnvalda og samfélagslegu réttlæti. Þá er í samþykktari stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku kveðið sérstaklega á um sérstaka áherslu á svæði með skert orkuöryggi, og þörf fyrir flutningskerfi sem styður við orkuskipti í höfnum og fiskimjöls-verksmiðjum. Í fyrirliggjandi kerfisáætlun er ekki skýrt hvernig hún vinnur með, en ekki gegn þeim stefnuatriðum stjórnvalda.

Stjórn SSNE leggur ríka áherslu á að:

- Tenging Langaness við flutningskerfið verði færð úr „fyrirséðri þörf“ yfir í langtímaáætlun með skýrum tímasettum framkvæmdaramma.

Stjórn SSNE lýsir sig tilbúna til samtals við fulltrúa Landsnets ef eftir því er óskað.

Virðingarfyllt,



Framkvæmdastjóri SSNE



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Skipulagsstofnun

Kópavogi, 30. maí 2025
25041513/501.00 KH

Kerfisáætlun 2025-2034. Kynning umhverfismatsskýrslu (umhverfismat áætlana). Umsagnarbeiðni

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 26. maí 2025 var lögð fram umsögn verkefnastjóra aðalskipulags dags. 21. maí 2025, vegna umsagnarbeiðni Skipulagsstofnunar dags. 11. apríl 2025 um umhverfismatsskýrslu kerfisáætlunar 2025-2034. Á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 14. apríl 2025 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra aðalskipulags. Kerfisáætlun 2025-2034 fjallar um þróun og endurnýjun flutningskerfisins. Í umhverfismati áætlunarinnar er lagt mat á líkleg áhrif hennar á umhverfispætti.

Bókun skipulagsfulltrúa:

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. maí 2025, samþykkt.

Virðingarfyllt,
f.h. skipulagsfulltrúa

Karlotta Helgadóttir
Fulltrúi skipulagsdeildar

Hjálagt:

Umsögn verkefnastjóra aðalskipulags dags. 21. maí 2025.



Dags. 21.05.2025

One nr: 25041513

Umsögn skipulagsfulltrúa

Heiti: Kerfisáætlun 2025-2034

Efni: Umsagnarbeiðni vegna umhverfismatsskýrslu

Forsendur máls

Umsagnarbeiðni barst dags. 11. apríl 2025 frá Skipulagsstofnun vegna kynningar á umhverfismatsskýrslu Kerfisáætlunar 2025-2034. Nr. 0509/2025 á skipulagsgátt.is. Á skipulagsgátt eru einnig drög að langtímaáætlun og framkvæmdaáætlun Kerfisáætlunar 2025-2034.

Á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar 14. apríl 2025 var umsagnarbeiðni vísað til verkefnastjóra aðalskipulags.

Forsendur umsagnar

Kerfisáætlun 2025-2034 fjallar um þróun og endurnýjun flutningskerfisins. Í langtímaáætlun er fjallað um forsendur og forgangsöröðun til tíu ára. Í framkvæmdaáætlun er fjallað um nánari greiningu á verkefnum til þriggja ára. Umhverfismatsskýrslan fjallar um umhverfisáhrif sem talið er að gætu orðið vegna kerfisáætlunar. Eins og fram kemur í inngangi umhverfismatsskýrslu er „[m]egintilgangur matsvinnunnar er að tryggja að tekið verði tillit til umhverfissjónarmiða við ákvarðanir um kerfisáætlunina, draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif og upplýsa um hugsanlegar afleiðingar af framkvæmd kerfisáætlunar á umhverfið.“

Innan Kópavogsbæjar liggja eftirfarandi lagnabelti háspennulína:

- Hamraneslínur 1 & 2 (þéttbýlisuppdráttur aðalskipulags)
- Lyklafellslína 1 & Búrfellslína 3 (sveitarfélagsuppdráttur aðalskipulags)
- Sogslína 2 & Búrfellslína 3 & Kolviðarhóslína 1 (sveitarfélagsuppdráttur aðalskipulags)

Eins og fram kemur í töflu 3.33 í umhverfismatsskýrslu eru þær áætlanir sem lagðar eru fram í Kerfisáætlun 2025-2034 í samræmi við Aðalskipulag Kópavogsbæjar 2019-2040.

Niðurstaða skipulagsfulltrúa

Skipulagsfulltrúi Kópavogsbæjar gerir ekki athugasemd við umhverfismatsskýrslu Kerfisáætlunar 2025-2034.

Virðingarfyllst f.h. skipulagsfulltrúa

Andrea Kristinsdóttir verkefnastjóri aðalskipulags

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 30. maí 2025
Mál nr. 509/2025

Efni: Athugasemdir við kerfisáætlun Landsnets 2025-2034

Pau Eydís Lára Franzdóttir, kt. 310363-3329, Landakoti, 191 Vogum, Guðni Kjartan Franzson, kt. 210161-2449, Dugguvogi 6, 104 Reykjavík, Sigríður S. Jónsdóttir, kt. 280337-4129, Hvassaleiti 56, 103 Reykjavík, Ólafur Þór Jónsson, kt. 031242-3719, Sléttuvegi 31, 103 Reykjavík, Reykjaþrent ehf., kt. 700366-0149, Síðumúla 14, 108 Reykjavík, Jón Gestur Ólafsson, kt. 040372-3859, Grænahlíð 13, 105 Reykjavík, Freygerður Anna Ólafsdóttir, kt. 250574-5419, Gnitakór 8, 203 Kópavogi og Edda Rún Ólafsdóttir, kt. 030278-4379, Birkihlíð 26, 105 Reykjavík (hér eftir „umbjóðendur mínir“), hafa falið undirrituðum lögmanni að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við kerfisáætlun Landsnets 2025-2034. Um rétt til þess að leggja fram athugasemdir sínar vísast til 7. mgr. 9. gr. a. raforkulaga nr. 65/2003, 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 870/2016 um kerfisáætlun fyrir uppbyggingu flutningskerfis raforku og auglýsingar á heimasíðu Landsnets.

Umbjóðendur mínir eru landeigendur á áhrifasvæði fyrirhugaðrar Suðurnesjalínu 2, en þau hafa frá öndverðu mótmælt ákvörðun Landsnets um útfærslu framkvæmdarinnar sem loftlínu í stað jarðstrengs. Þau ítreka áður framkomnar athugasemdir sem lagðar voru fram vegna kerfisáætlunar 2021-2023 og kerfisáætlunar 2018-2027, en að auki er vísað til eftirfarandi atriða (fskj. 3 og 5).

Fyrst og fremst mótmæla umbjóðendur mínir því að gert sé ráð fyrir að Suðurnesjalína 2 verði reist sem loftlína og að áætlað sé að ljúka framkvæmdunum árið 2025. Vísað er til þess að umfangsmikil dómsmál eru til meðferðar hjá dómstólum varðandi gildi annars vegar heimildar Landsnets til þess að taka hluta landa umbjóðenda minna eignarnámi vegna umræddrar framkvæmdar (dómar Héraðsdóms Reykjavíkur í málum nr. 4346, 4347 og 4348/2024 eru til meðferðar hjá Landsrétti) og hins vegar gildi framkvæmdaleyfis sem útgefið var af Sveitarfélaginu Vogum til handa Landsneti vegna framkvæmdarinnar (dómi Héraðsdóms Reykjaness nr. 1741/2024 hefur verið áfrýjað, en beðið er niðurstöðu hvort málið fari beint til Hæstaréttar eða því sé áfrýjað til Landsréttar). Er því mótmælt sérstaklega að gert sé ráð fyrir verklokum framkvæmdarinnar, óháð því hvort endanleg niðurstaða muni liggja fyrir í málunum.

Í framkvæmdaáætlun 2026-2028 við kerfisáætlun 2025-2034, segir að áætlað sé að verklok Suðurnesjalínu 2 verði árið 2025. Umbjóðendur mínir telja að framkvæmdaleyfið sem liggur til grundvallar framkvæmdinni sé haldið verulegum ógildingarannmörkum. Á meðan dómstólar skera úr um lögmæti leyfisins og ákvörðun ráðherra um framkvæmd eignarnáms á löndum umbjóðenda minna, er vakin athygli á því að öll áhætta á verðmætasóun hvílir á Landsneti. Komist dómstólar að þeirri niðurstöðu að framkvæmdaleyfið skuli ógilt og/eða að eignarnámsákvörðunin standist ekki kröfur, ber Landsneti þar af leiðandi að fjarlægja allar framkvæmdir og afmá jarðrask á eigin kostnað.

Í áliti Skipulagsstofnunar frá 20. apríl 2020 um Suðurnesjalínu 2, segir að lagning línunnar sem jarðstrengs sé best til þess fallin að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar. Er stofnunin afdráttarlaus um að æskilegasti kosturinn sé svokallaður valkostur B, jarðstrengur með fram Reykjanesbraut. Þá taldi stofnunin ekki nægjanlegt að horfa eingöngu til kostnaðarmunar milli ólíkra útfærslna á lagningu línunnar (fskj. 4).

Sveitarfélagið Vogar var lengi á sama máli og Skipulagsstofnun, en með tilkomu hliðarsamkomulags við Landsnet frá 30. júní 2023 var ákveðið að framkvæmdaleyfi skyldi gefið út fyrir valkosti C, loftlínu. Umrætt samkomulag felur í sér að Suðurnesjalína 1 verði tekin niður að hluta og lögð í jörð að loknum framkvæmdum við Suðurnesjalínu 2. Umbjóðendur mínir telja ljóst að Landsnet muni ekki koma til með að standa við samkomulagið, enda ekki minnst á framkvæmdina í fyrirliggjandi framkvæmdaáætlun 2026-2028. Þvert á móti segir í langtímaáætluninni, sem lögð var fram við kerfisáætlun 2025-2034, að heldur komi til skoðunar að leggja Suðurnesjalínu 1 af.

Sá kostnaður sem hlýst af því að umbreyta núverandi Suðurnesjalínu 1 úr loftlínu í jarðstreng mun að öllum líkindum vera umtalsverður, ef marka má kostnaðinn af því að færa 2 km. línunnar í jörðu við Hafnarfjörð samkvæmt fyrirliggjandi framkvæmdaáætlun 2026-2028. Væri ætlunin sú að efna áður nefnt samkomulag, verður að telja að gert yrði ráð fyrir þeim kostnaði í kerfisáætlun 2025-2034.

Umbjóðendur mínir telja auk þess að Landsnet hafi alfarið litið fram hjá sjónarmiðum um eldgosvá og áhættudreifingu þegar ákveðið var að leggja valkost C til grundvallar framkvæmdinni. Liggur enda til grundvallar skýrsla Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands frá 2022 sem segir:

„Suðurnesjalína 1 er staðsett á mjög erfiðu svæði innan sigdals Eldvarpa-Svartsengis kerfisins. Komi til eldsumbrota er næsta víst að erfitt verður að verja línuna sökum staðsetningar hennar og afhendingar öryggi mun skerðast. Ný lína um sama svæði mun hljóta sömu örlög og Suðurnesja lína 1. Sú staðreynd að ný eldsumbrotahrina er hafin á Reykjanesi kallar á endurskoðun fyrri ætlana um staðsetningar á mikilvægum innviðum eins og Suðurnesjalínu 2.“

Þrátt fyrir afdráttarlausu niðurstöðu hefur Landsnet haldið ákvörðun sinni um útfærslu línunnar til streitu, sem umbjóðendur mínir gagnrýna harðlega.

Umbjóðendur mínir telja ljóst að Landsnet skorist undan því að taka fullnægjandi tillit til neikvæðra umhverfisáhrifa sem framkvæmdin mun koma til með að hafa í för með sér, og vísast um það til fyrri athugasemda umbjóðenda minna, sem og álits Skipulagsstofnunar (fskj. 3-5). Að auki sé alls ótækt að líta á fyrirhugaðar framkvæmdir sem þjóðhagslega hagkvæma, einkum þegar höfð er hliðsjón af þeim kostnaði sem mun koma til með að hljótask af því að reisa Suðurnesjalínu 2 samkvæmt valkosti C og leggja núverandi Suðurnesjalínu 1 í jörðu. Sá kostnaður hefur ekki verið metinn og því óábyrgt að byggja á því að þjóðhagsleg hagkvæmni hljótask af fyrirhuguðum áætlunum, svo ekki sé minnst á kostnaðinn sem kæmi til með að falla til ef eldsumbrot yrði á svæðinu sem tæki báðar línurnar út sökum staðsetningar þeirra.

Vísa umbjóðendur mínir að auki til skýrslu METSCO „*Comparison of Underground and Overhead Transmission Options in Iceland (132 and 220kV)*“ frá nóvember 2013, sem sýnir að sáralíttill munur er á heildarkostnaði við loftlínu og jarðstreng á umræddu spennustigi (fskj. 2). Um er að ræða kanadískt fyrirtæki sem sérhæfir sig í ráðgjöf á þessu sviði, þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að yfir líftíma viðkomandi mannvirkja sé þessi kostnaðarmunur hverfandi. Það var sömuleiðis niðurstaða nefndar atvinnuvegaráðherra um mótun stefnu um lagningu raflína í jörð í skýrslu til Alþingis í október 2013, að ekki væri nægilegt að taka einungis tillit til mismunandi stofnkostnaðar við samanburð á jarðstreng og loftlínu, heldur yrði að meta allan kostnað, þar með talinn rekstrarkostnað, eða s.k. líftímakostnað (fskj. 1).

Að lokum ber Landsneti að taka tillit til þess að valkostur C hafi í för með sér umfangsmestu áhrif á eignarrétt þeirra, sem varinn er af 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Ljóst er að aðrir raunhæfir, minna íþyngjandi og æskilegri valkostir eru til staðar, bæði hvað varðar umhverfissjónarmið og skerðingu eignarréttar umbjóðenda minna.

Með hliðsjón af framangreindu telja umbjóðendur mínir að áætluð framkvæmdalok Suðurnesjalínu 2 sem loftlínu samkvæmt fyrirliggjandi framkvæmdaáætlun, séu ólögmat og muni reynast Landsneti kostnaðarsöm.

Virðingarfyllt

Linda f. E.

Linda Íris Emilsdóttir, lögmaður

Listi yfir fylgiskjöl:

1. Skýrsla nefndar um mótun stefnu um lagningu raflína í jörð frá október 2013.
2. Skýrsla METSCO „*Comparison of Underground and Overhead Transmission Options in Iceland (132 and 220kV)*“ frá nóvember 2013.
3. Athugasemdir landeigenda við kerfisáætlun Landsnets 2018-2027, dags. 15. júlí 2018.
4. Álit Skipulagsstofnunar, dags. 22. apríl 2020.
5. Athugasemdir landeigenda við kerfisáætlun Landsnets 2020-2029 ásamt framkvæmdaáætlun 2021-2023 og umhverfismatsskýrslu, dags. 31. júlí 2020.



Vestmannaeyjum, 30. maí 2025

Á 3236. fundi bæjarráðs Vestmannaeyja þann 13. maí var neðangreint mál tekið:

Kerfisáætlun Landsnets 2025-2034-Kynning umhverfismatsskýslu (Umhverfismat áætlana).

Skipulagsstofnun hefur óskað eftir umsögn í Skipulagsgátt vegna Kerfisáætlunar Landsnets 2025-2034, nr. 0509/2025: Kynning umhverfismatsskýslu.

Bæjarráð samþykkti að gera ekki athugasemd við Kerfisáætlun Landsnets 2025-2034 en leggur áherslu á að áætlanir er varða Vestmannaeyjar, s.s. VM4, VM5 og Rimakotslína standist.

Viðingarfyllst,

Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri





Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Akureyri, 21. júní 2023
2023060501 09-201

Efni: Umsögn Akureyrarbæjar um Kerfisáætlun Landsnets 2023-2032

Kerfisáætlun Landsnets 2023-2032 ásamt framkvæmdaáætlun og umhverfisskýrslu er í opnu umsagnarferli með athugasemdafrest til 30. júní 2023. Í áætluninni er lögð fram áætlun um uppbyggingu meginflutningskerfisins til næstu 10 ára og eru þar kynntar nokkrar framkvæmdir sem hafa áhrif á norðurland og þarf með sveitarfélagið Akureyrarbæ.

Akureyrarbær fagnar áætlunum um styrkingu flutningskerfisins til að tryggja örugga afhendingu raforku á Norðurlandi á næstu árum og áratugum.

Þær framkvæmdir sem varða Akureyrarbæ beint eru Dalvíkurlína 2 og Blöndulína 3.

Fjallað er um Blöndulínu 3 í kafla 6.2.1 í umhverfisskýrslu og þar kemur fram að stefnt sé að því að leggja hana í loftlínu alla leið þó svo að í umhverfismati framkvæmdarinnar hafi verið metin áhrif þess að leggja línuna í jarðstreng innan lands Akureyrarbæjar, í samræmi við þéttbýlisákvæðistefnu stjórnvalda um raflínur. Fyrir liggur að Akureyrarbær hefur frá upphafi farið fram á að línan verði í streng á þessum kafla. Að mati bæjarins er það ekki í samræmi við stefnu stjórnvalda að gera ráð fyrir nýrri loftlínu innan þéttbýlis.

Hagsmunir þess að geta haldið áfram uppbyggingu í tengslum við núverandi byggð eru mjög miklir borið saman við það að þurfa að dreifa byggðinni meira en nauðsyn er. Í því samhengi má benda á stefnu Landsskipulags um mikilvægi þess að dreifa byggð ekki óþarflega og frekar leggja áherslu á að byggja nálægt núverandi innviðum.

Þegar metinn er kostnaður við ákveðna framkvæmd er nauðsynlegt að líta heildstætt á málið og meta heildaráhrif þess að taka land undir ákveðna landnotkun. Með því að nýta land undir loftlínu er í raun verið að taka ákvörðun um að þar verði ekki byggt næstu 50 – 80 árin og þess vegna þurfa verulega sterk rök að fylgja þeirri ákvörðun.

Akureyrarbær er stærsta sveitarfélagið utan höfuðborgarsvæðisins en jafnframt landlítið og þess vegna er nauðsynlegt að ákvarðanir um einstaka framkvæmdir hafi ekki neikvæð áhrif á vöxt þéttbýlisins til lengri tíma lítið. Vegna þessara langtíma hagsmuna er ekki hægt að líta á gildandi aðalskipulag sem forsendu þar sem sú stefnumörkun nær eingöngu til ársins 2030, en líftími loftlínu er 80 ár.

Þessi sjónarmið eru í raun þegar viðurkennd í þingsályktunartillögu um stefnu stjórnvalda um jarðstrengslagnir og greinargerð sem henni fylgir. Í kafla 5 í greinargerð þingsályktunarinnar um mat á áhrifum ályktunarinnar kemur fram að lengd loftlína muni minnka, þær verði minna sýnilegar í íslenskri náttúru, að mestu fjarri friðlýstum svæðum og munu **ekki** liggja inn í þéttbýlisstaði.

Áhrif loftlína í þéttbýli snúast ekki eingöngu um hvort nota megi landið á annan hátt heldur eru ljóst að t.d. Blöndulína 3 mun hafa töluverð sjónræn áhrif umfram jarðstreng enda mun hún liggja í rétt rúmlega 200 m fjarlægð frá núverandi byggð í Giljahverfi. Fyrirhuguð möstur línunnar eru einnig nokkuð stærri en núverandi háspennulína og gæti þar með haft meiri áhrif. Þá má gera ráð fyrir að vindgnaúð og corona rafsúð verði frá nýrri háspennulínu sem gæti haft neikvæð áhrif á íbúa næst línunni, áhrif sem ekki eru fyrir hendi ef jarðstrengur verður lagður.

Í kafla 3 í Kerfisáætluninni kemur fram að frekari strenglagnir á 220 kv spennu á norðurlandi muni stefna rekstraröryggi kerfisins í hættu. Akureyrarbær vill benda á að gögn frá Landsneti, sbr. minnisblað dags. 16. janúar 2023, sýni fram á að möguleiki á lagningu jarðstrengs, þ.e. rými fyrir jarðstrengi í kerfinu sé enn til staðar sem Landsnet hefur verkfæri til að nýta. Það væri mikil skammsýni að leggja Blöndulínu 3 í loftlínu alla leið á næstu 2-5 árum, og binda þar með landnotkun mögulegs byggingarsvæðis til margra áratuga.

Akureyrarbær skorar á Landsnet að leggja jarðstreng innan skilgreinds þéttbýlis bæjarins, í samræmi við stefnu stjórnvalda um raflínur. Svæðið er í raun það eina á línuleið BL-3 sem uppfyllir skilyrði stjórnvalda um jarðstreng í meginflutningskerfi, líkt og fram kemur í umhverfismatsskýrslu Landsnets. Akureyrarbær telur Landsnet ekki hafa sett fram skýr rök sem mæla mót lagningu jarðstrengs innan skilgreinds þéttbýlis Akureyrar. Í áliti sínu vegna umhverfismats tekur Skipulagsstofnun undir sjónarmið Akureyrarbæjar og segir: “Þá telur Skipulagsstofnun að jarðstrengur innan þéttbýlismarka Akureyrar mundi staðbundið hafa mun minni áhrif á ásjón og síður takmarka möguleika bæjarfélagsins á að skipuleggja íbúðabyggð á og við áhrifasvæði línunnar.”

Eins og fram kemur í gögnunum er fyrirhugað að leggja Dalvíkurlínu 2 (66kV) í jörðu frá spennuvirki Landsnets á Rangárvöllum á Akureyri í gegnum Hörgársveit að Dalvík og er tilgangur framkvæmdarinnar að tryggja örugga orkuafhendingu á Dalvík með tvöfaldri tengingu við meginflutningskerfið. Ekki er gerð athugasemd við þá framkvæmd af hendi Akureyrarbæjar enda hefur bæjarstjórn nú þegar samþykkt að auglýsa breytingu á aðalskipulagi vegna hennar sem verður auglýst nú í sumar.

Virðingarfyllst,
f.h. Akureyrarbæjar



Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi Akureyrarbæjar



Landsnet hf.
Gylfaflöt
109 Reykjavík
Sent í Samráðsgátt

Reykjavík, 30. maí 2025

Efni: Umsögn Veitna við kerfisáætlun Landsnets 2025-2034

1. Inngangur

Veitur ohf. (hér eftir „Veitur“) leggja hér með fram umsögn við drög að Kerfisáætlun Landsnets („Landsnet“) fyrir tímabilið 2025–2034, sbr. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003 og reglugerð nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga.

Veitur annast rekstur rafveitu sem þjónustar um 60 % íbúa landsins, þ.m.t. Reykjavík, Kópavog, Seltjarnarnes, Akranes, meirihluta Garðabæjar og Mosfellsbæ. Veitur sjá samfélaginu fyrir afhendingu raforku til heimila og atvinnurekstrar og er burðarás allra helstu innviða samfélagsins, þar á meðal vatns, hita og fráveitukerfa, sem eru forsenda heilbrigðis, öryggis og velferðar íbúa.

2. Tengingar Veitna við flutningskerfi Landsnets

Veitur tengjast flutningskerfi Landsnets á þremur stöðum á höfuðborgarsvæðinu: A7 Hnoðraholti, A8 Korpu og A12 Rauðavatni. Tvær af þessum tengingum koma frá sama 220/132 kV tengivirki Landsnets á Geithálsi, sem skapar veikleika í afhendingargetu og uppfyllir ekki að fullu kröfu um N-1 afhendingaröryggi. Bilun í 220kV kerfinu í Geithálsi getur haft veruleg áhrif á afhendingargetu til Veitna.

3. Auknar kröfur vegna þróunar á dreifisvæði Veitna

Á næstu árum er fyrir séð veruleg aukning á aflþörf á dreifisvæði Veitna vegna skipulagsáforma sveitarfélaga, orkuskipta og uppbyggingar atvinnustarfsemi. Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 gerir m.a. ráð fyrir umfangsmikilli atvinnuuppbyggingu á Esjumelasvæðinu með starfsemi s.s. vörugeymslum, gagnaverum og öðrum orkufrekum iðnaði. Núverandi afhending inn á svæðið fer í gegnum 33 kV hringkerfi milli A8, A9 Reyki og A10 Esjumela með aðeins 14 MVA N-1 afhendingargetu, en spá Veitna gerir ráð fyrir samtals 34 MW álag á A9 og A10 árið 2045. Það er mikilvægt að uppbygging flutningskerfis til höfuðborgarsvæðisins haldist í hendur við vöxt raforkuþarfar og þróun innviða á svæðinu. Án nauðsynlegrar styrkingar á afhendingarstöðum til Veitna skapast þröskuldar fyrir áframhaldandi þróun samfélagslegra innviða og atvinnulífs.





4. Nauðsyn nýs afhendingarstaðar á Esjumelum

Veitur telja brýnt að koma upp nýjum afhendingarstað á Esjumelum. Slík tenging myndi einnig styðja við uppbyggingu 132 kV aðveitukerfis milli A10 og fyrirhugaðrar aðveitustöðvar A13 við Sægarða og þar með styrkja afhendingargetu í vesturhluta höfuðborgarsvæðisins til að mæta aukinni aflþörf.

Í kafla 12.1 í drögum að kerfisáætlun kemur fram að stækkun spenna í Geithálsi muni ekki tryggja N-1 afhendingaröryggi, þar sem kerfið er nú þegar við hættumörk, og fyrirhugað niðurrif Sogslínu 2 mun einnig auka áhættu. Þá er vert að hafa í huga að tengivirkið á Geithálsi er innan sprungusveims Krýsuvíkur og býr því yfir aukinni jarðskjálfta og eldfjallaáhættu. Esjumelar eru hins vegar utan sprungusveima og bjóða jarðfræðilega stöðugan valkost fyrir framtíðarafhendingu.

5. Tillaga Veitna

Í ljósi framangreinds hvetja Veitur Landsnet til að:

Fella nýjan afhendingarstað á Esjumelum inn í endanlega kerfisáætlun með það markmið að framkvæmdir hefjist 2029–2031.

Forgangsraða fjárfestingu í samræmi við 9. gr. raforkulaga og CBA-viðmið ACER, þannig að öryggi og áreiðanleiki afhendingar sé í forgangi.

Veitur telja að uppbygging nýs 220/132 kV afhendingarstaðar á Esjumelum sé brýnt hagsmunamál fyrir öryggi, hagkvæmni og sjálfbærni raforkukerfis höfuðborgarsvæðisins. Veitur hvetja Landsnet til að taka ofangreindar tillögur til greina við endanlega mótun Kerfisáætlunar 2025–2034.



Virðingarfyllst,

f.h. Veitna ohf.

Ívar Hrafn Ágústsson fagstjóri rafveitu
Ragnar Örn Davíðsson bakhjarl verkefnaskrár rafveitu
Bára Jónsdóttir lögmaður

Reykjavík, 30. maí 2025

Efni: Umsögn Orku náttúrunnar ohf. um drög að kerfisáætlun 2025-2034

Samantekt

Orka náttúrunnar (ON) hefur kynnt sér drög Landsnets að kerfisáætlun 2025-2034, þar sem helsta áhersla er lögð á „Drög að kerfisáætlun 2025-2034 - langtímaáætlun“. Áætlanir Landsnet um uppbyggingaráform eru lítið breytt frá fyrri kerfisáætlunum og vísar ON einnig í fyrri umsagnir.

Á undanföllum árum hefur ON gert athugasemdir við kerfisáætlanir Landsnets sem hafa aðallega lotið að áhyggjum um offjárfestingar Landsnets með tilheyrandi hættu á gjaldskráhækkunum. Að mati ON sýna gögn um þróun gjaldskrár, uppgjör tekjumarka og þróun lykilstærða Landsnets að slíkar hækkningar hafa raungerst síðustu ár.

ON telur það rétta nálgun Landsnets að greiningar fyrirtækisins taki ekki mið af óstaðfestum fyriráætlunum um víðtæka uppbyggingu vindorku- og rafeldsneytisframleiðslu, eins og mátti sjá í fyrri kerfisáætlunum.

Þrátt yfir hófstiltari áætlanir eru uppbyggingaráform Landsnets í meginflutningskerfinu þó enn af sömu stærðargráðu og finna má í fyrri kerfisáætlun. Líkt og í fyrri umsögnum leggur ON áherslu á að 1. gr. raforkulaga verði leiðarljós við mótun flutningsgjaldskrár Landsnets og það sé útgangspunktur að viðhalda samkeppnishæfni landsins ásamt því að stuðla að bættu orkuöryggi.

Fjárfestingar Landsnets og flutningsgjaldskrá

Í drögum kerfisáætlunar um framkvæmdarverk árin 2026-2028 eru tilgreindar framkvæmdir sem samanlagt kosta um 120 ma.kr. Samkvæmt ársreikningi Landsnets árið 2024 voru rekstarfjármunir 973.157 þús. USD (síkra 126 ma.kr.) og afskriftir 35.560 þús. USD (síkra 4,61 ma.kr.). Fyrirhugaðar fjárfestingar Landsnet eru því árlega um 8-faldar afskriftum félagsins og munu hækka eignastofn félagsins verulega og þar með auka þörf félagsins fyrir auknar tekjur í gegnum hækkun gjaldskrár, ef flutningur í kerfinu eykst ekki.

Eins og verður rakið síðar í umsögninni hafa áform Landsnets með norðurleið byggðarlínunar verið að tengja saman landshluta og tengja saman vinnslueiningar gegnum 220kV línur. Slíkar tengingar munu gefa markaðsráðandi aðila aukin tækifæri í rekstri sinna virkjana án þess að ætlast sé til þess að sá aðili greiði fyrir þann ábata sem honum áskotnast með þessum flutningslínunum. Þangað til síðasti leggur norðurleiðar er spennusettur og tekinn í rekstur og notkun í flutningskerfinu eykst til að standa undir kostnaði norðurleiðar kemur kostnaðurinn til með að leggjast á núverandi notendur kerfisins.


ON hefur í fyrri umsögnum við kerfisáætlanir bent á að í metnaðarfullum áformum Landsnets um uppbyggingu flutningskerfisins hefur falist mikil áhætta í offjárfestingum ef ekki kæmi til aukinnar notkun í flutningskerfinu. Þar sem hluti framkvæmda Landsnets við

samtengingu Norðausturlands og Suðvesturhornshafa þegar komið til spennusetningar og eru komnar í rekstur gefst tækifæri að greina áhrif þeirra á gjaldskrá.


Kröflulína 3 var tekin í rekstur árið 2021 og Hólasandslína 3 árið 2022. Í uppgjöri tekjumarka Orkustofnunar við Landsnet¹ kemur fram að eignastofn stórnotenda hækkar um 13,6 ma.kr milli 2021 og 2022 og 12,6 ma.kr milli 2022 og 2023. Til samanburðar þá er fyrirhuguð styrking Landsnets á norðurleiðinni þrjár línur; Blöndulína 3 og Holtavörðuheildarlínur 1 og 3. Í framkvæmdaráætlun er kostnaður þessara verkefna samanlagður tæpar 60 ma.kr eða um 129% hærri en samanlagður aukning í eignastofni stórnotenda milli 2021 og 2023.

Hækkun tekjumarka hefur verið umfram aukningu notkunar

Á *Mynd 1* hér að neðan eru sýndar upplýsingar úr uppgjöri Orkustofnunar um tekjumörk Landsnets árið 2023 fyrir stórnotendur. Á *Mynd 2* eru sýndar uppsafnaðar tekjur/gjöld stórnotenda frá árinu 2005 til 2023. Að mati ON sýna þessar myndir þá þróun að þættir til grundvallar tekjumörkum stórnotenda hafi hækkað umfram notkun stórnotenda með tilheyrandi vanteknum tekjum síðustu ára. Leið Landsnets til að bregðast við þessu var að hækka gjaldskrá stórnotenda.



Mynd 1 Samantekt gagna úr uppgjöri tekjumarka Landsnets



Mynd 2 Uppsafnaðar tekjur-gjöld. Neikvætt merkir vanteknar tekjur og jákvætt merkir ofteknar tekjur


¹ <https://vefskrar.orkustofnun.is/Raforkueftirlit/Tekjumork/2023/Landsnet-tekjumork-uppgjor-2023-samantekt.xlsx>

Í kafla 14.1 söguleg þróun gjaldskrár kemur fram (bls. 98)

„Sambærileg staða, en þó með öfugum formerkjum, var uppi á tímabilinu 2010-2020. Þá var flutningsgjaldskrá til stórnotenda lægri en heimiluð tekjumörk vegna oftekinna tekna frá árinu 2008. Þær oftegnu tekjur sem um var að ræða voru að fullu endurgreiddar við uppgjör tekjumarka 2019.“

Samkvæmt uppgjöri tekjumarka hafa tekjur Landsnets vegna stórnotenda verið vanteknar frá 2019 til 2023². Frá árinu 2020 hefur gjaldskrá stórnotenda farið hækkandi en á sama tíma hefur bæði notkun stórnotenda farið lækkandi, vanteknar tekjur aukist og eignastofn, afskriftir, rekstrarkostnaður og tekjumörk aukist. Gjaldskrá hækkaði verulega við innheimtu á tekjumissi vegna ólögmæts innmötunargjalds en þegar hún gengur tilbaka má sjá á mynd 14-3 í kerfisáætlun að gjaldskráin muni halda áfram að hækka.

Í kafla 14-3 kerfisáætlunar birtir Landsnet mynd af þróun gjaldskrár stórnotenda samanborðið við þróun CPI. Landsnet velur að upphafspunktur skuli vera árið 2008 en á kynningu kerfisáætlunar í Reykjavík var fullyrt að sá punktur væri fyrsta áreiðanlega árið³. Fyrsta gjaldskrá Landsnets í USD tekur gildi 1. ágúst 2007 og 1. október 2007 hækkar gjaldskrá um tæp 40%. Þessi hækkun tækur fyrir uppskiptingu eignastofns. Þó svo að eignastofni Landsnets hafi verið skipt 2008 þurftu notendur að greiða fyrir flutning til Landsnets frá árinu 2005. Við skoðun á flutningsgjaldskrá stórnotenda frá fyrstu gjaldskrá fyrirtækis má sjá að síðustu ár hefur verið raunhækkun á gjaldskrá stórnotenda óháð gjalddöku vegna ólögmæts innmötunargjalds, sjá mynd 3.



Í kerfisáætlun 2023-2032 voru birt spár Landsnets um þróun gjaldskrár miðað við tvær sviðmyndir um full orkuskipti. Í þeim spám var gert ráð fyrir því að gjaldskrá stórnotenda frá 2023-2025 myndi lækka um nærri 2,5% eða standa í stað. Raun þróun gjaldskrár hefur frá 1. janúar 2023 til 1. maí 2025 verið til hækkunar á afl- og orkugjaldi um 40% (án hækkunar vegna innmötunar) og heildarhækkun á gjaldskrár verið um 25% (án hækkunar vegna innmötunar). Hér er því töluverður munur á.

- Getur Landsnet gert frekari grein fyrir því hvaða þættir lágu til grundvallar spá um þróun gjaldskrár í kerfisáætlun 2023-2032 og hver eru raun gildi þeirra í dag?

² Opinberar upplýsingar vantar fyrir 2024

³https://landsnet.is/kerfisaaetlun/?_gl=1*fk12z2*_ga*NDUxMjA5NzkyLjE3NDIyMDYwMTU.*_ga_4QFTNHCZG8*czE3NDg2MTIzMTEkbzc5JGcxJHQxNzQ4NjE5YjQ0JG02MCRsMCRoMa_.#kynningarfundir

- Telur Landsnet þörf á að aðferðafræði við spá um þróun gjaldskrá sé endurskoðuð til að minnka skekkjur í spánni?
- ON telur að sögulega þróun gjaldskrá Landsnets skuli taka mið af fyrstu gjaldskrá fyrirtækisins frá árinu 2005. Val á upphafspunkti 2008 sneiðir hjá mikilvægum upplýsingum og skekkir allar greiningar, forsendur og niðurstöður í þróun gjaldskrá.
- Miðað við stöðu á vanteknum tekjum Landsnets og þróun gjaldskrá stórnotenda, hvenær og hvernig væntir Landsnet að vanteknar tekjur verði unnar upp?
- Á mynd 15-2 kerfistáætlunar er upphafspunktur þróunar valinn þegar gjaldskrá er með hæsta máti vegna hækkunar gjaldskrá út af ólögmætri innheimtu Landsnets af innmötunargjaldi virkjana. Ekki getur talist sanngjarnt að birta gjaldskrá frá þeim punkti og telja frá því að þessi tímabundna gjaldtaka hætti muni stuðla að „lækkun“ í gjaldskrá. Að mati ON skal Landsnet velja upphafspunkt sem lýsir þróun gjaldskrá án þessara tímabundnu hækkunar. Landsnet hafði áður tilkynnt um hækkun gjaldskrá þann 1. janúar 2025 skyldi vera 8% til stórnotenda áður en bætt var við hækkun vegna innmötunargjalds. Til viðbótar hefur Landsnet tilkynnt um 3,8% hækkun til stórnotenda þann 1. maí 2025.
- Í framkvæmdarverkum Landsnets kemur fram áætlun um verkefni þar sem heildarkostnaður framkvæmda hleypur á 120 ma.kr. og myndi slíkt magn framkvæmda nærri tvöfalda eignastofn fyrirtækisins á 5 ára tímabili. ON leggur til að Landsnet sýni þróun yfir það tímabil sem kerfisáætlun nær yfir.
- Nauðsynlegt er að næmnigreining á þróun gjaldskrá komi fram í greiningum Landsnets varðandi breytingum í áætlunum á fluttri orku stórnotenda í kerfinu. Í raforkulögum um 9. gr. a. 2. mgr. kemur fram að kerfisáætlun skuli byggja á raunhæfum sviðsmyndum (í fleirtölu). Í spá um þróun gjaldskrá er einungis horft til einnar sviðsmyndar og beinir ON því til Landsnets að frekari sviðsmyndir séu metnar. Hér mætti greina og meta áhrif á flutningskostnað raforku ef kerfið er byggt upp skv. núverandi kerfisáætlun og áhrif flutningskostnaðar út frá mismunandi sviðsmyndum, t.d.:
 1. Markmið stjórnvalda í orkuskiptum er náð að fullu innan þeirra tímamarka sem stjórnvöld hafa sett sér.
 2. Markmið stjórnvalda í orkuskiptum er náð að fullu 10 árum eftir þau tímamörk sem stjórnvöld hafa sett sér.
 3. Orkuskipti, önnur en á landi, raungerast ekki.
 4. Samdráttur í notkun núverandi stórnotenda.
 - Hér væri hægt að skoða mismunandi samdrátt; 5%, 10%, 15% og allt að 20%.

Holtavörðuheildarlínur 1 og 3

Í kerfisáætlun 2020-2029 komu fyrst fram áform Landsnets um nýja 220kV loftlínu milli Hvalfjarðar og Hrútafjarðar, sem fékk vinnuheimtið Hrútafjarðarlína. Við mat á flutningsgetu línunnar var stuðst við aukningu í raforkunotkun samkvæmt raforkuspá orkuspárnefndar. Miðað við uppgæfnar forsendur var lagt upp með að línan skyldi vera 560 MVA að stærð, skv framkvæmdaráætlun. Í kafla 3.6.5 kemur fram að forsendur fyrir línunni voru að tengja saman vinnslueiningar landshluta til styrkingar á flutningskerfinu en einnig kemur þar fram:

„Flutningslínan opnar einnig möguleika á að tengja nýja orkuvinnslu við meginflutningskerfið, m.a. vindorku sem hefur verið talsvert í umræðunni að undanfögnu.“

Í kerfisáætlun 2023-2032 koma fram uppfærðar áætlanir um flutningsgetu Holtavörðuheildarlínur 1 og 3. Í meðferð þeirrar kerfisáætlunar skyldu þær nú miðast við 800 MVA eða sem nemur 43% aukningu á flutningsgetu. Var slík uppfærsla talin nauðsynleg vegna áforma um vindorkuframleiðslu og framleiðslu rafeldsneytis eins og kom fram í kafla 5.2.1. í langtímaáætlun.

Í kafla 6.1. í langtímaáætlun kerfisáætlunar 2025-2034 er listi yfir þá virkjanakosti sem gert er ráð fyrir að tengist inná flutningskerfið og segir að ekki sé gert ráð fyrir nýjum virkjunum eftir 2030. Af þessu má draga þá ályktun að öll þau vindorkuverkefni (fyrir utan Vaðölduver) sem horft var til í greiningum kerfisáætlunar 2023-2032 séu ekki í greiningum þessarar kerfisáætlunar vegna óvissu þeirra verkefna. Þrátt fyrir þessar breytingar er enn á áætlun 800 MVA flutningslínur yfir Holtavörðuheidi þegar fyrri áætlanir Landsnets í kafla 2.6.2. Úr kerfisáætlun 2021-2030 kemur fram:

„Við ákvörðun um 550 MVA flutningsgetu fyrir nýja 220 kV byggðalínu er ekki eingöngu horft til krafna um aukna flutningsgetu milli svæða, getu kerfisins til að bregðast við bilanatilvikum eða möguleika til að taka línur úr rekstri vegna viðhalds. Ákvörðun um val á slíkri flutningsgetu byggir einnig á eðli hringtengds kerfis til að minnka viðnám tenginga milli landsvæða (minni straumur flæðir um 220 kV línu en 132 kV línu fyrir sama aflflutning) til að stuðla að bættum stöðugleika og spennugæðum. Einnig hefur minni straumur fyrir sama aflflutning áhrif til lækkunar á flutningstöp í leiðara. Niðurstöður kerfisgreininga sem unnar hafa verið í aðdraganda kerfisáætlana síðustu ára og taka mið af mögulegri langtímapróun meginflutningskerfisins leiða í ljós að dæmigerður leiðari í línu með 550 MVA hitaflutningsmörk uppfyllir markmið raforkulaga um öryggi, skilvirkni, hagkvæmni, gæði raforku og áreiðanleika afhendingar fyrir metnar sviðsmyndir.“

Ljóst er að hönnunarforsendur Holtavörðuheidarlína hafa tekið miklum breytingum milli kerfisáætlana. ON er hlynnt nauðsynlegum breytingum og styrkingu flutningskerfisins til að viðunandi afhendingaröryggi náist en telur ekki sanngjarnt að núverandi viðskiptavinir standi straum af auknum fjárfestingum sem miða að því að flutningsgeta sé til staðar fyrir vinnslueiningar markaðsráðandi vinnsluæðila sem og möguleg áform um vindorkuframleiðslu.

- Ef einungis er horft til sviðsmyndar um virkjanakosti í kafla 6.1 og lágspá Landsnets, hversu mikla fjárfestingu og flutningsgetu þarf til að ná fram nægjanlegum kerfisstyrk til að tryggja afhendingaröryggi og aukinn kerfisþrótt?
- Ef það er ætlun Landsnets að flutningsgeta línanna tveggja sé umfram það sem nauðsynlegt er skv. fyrri punkti, telur ON að þeir raforkuframleiðendur sem njóta góðs af slíkum framkvæmdum skuli bera sanngjarnan hlut í þessum umframkostnaði. Slíkt væri hægt í gegnum kerfisframlag með því að horfa til „deep connection cost“ í meginflutningskerfinu.

Aðrar athugasemdir og ábendingar varðandi langtímaáætlun:

2. Saga uppbyggingar í 20 ár

Í kaflanum er skrifað:

*„Við hefðum viljað vera komin lengra, til að vera betur undirbúin undir framtíðina. Til þess að Ísland geti staðið við loftslagsskuldbindingar sínar án þess að draga úr framleiðni, þarf enn að tvöfalda flutningsgetuna. Til þess að svo megi verða þarf að halda vel á spilunum. Innviðaskuldin er nú þegar **86 milljarðar króna**. Við þurfum bæði að endurnýja það sem á stutt eftir og bæta við flutningsgetu þar sem þörf er á.“*

Hugtakið „innviðaskuld“ hefur verið mikið notað í samfélagsumræðu að undanfögnu og kemur nú fram í kerfisáætlun Landsnets. Óljóst er hvaða verkefni í áætlunum Landsnets skuli flokka sem viðbrögð við innviðaskuld og þá að hvaða leiti. Lengi hefur verið talað fyrir nauðsyn þess að tengja landshluta saman og þannig gera stærsta orkuframleiðandanum kleift að koma orku úr miðlunarlónum sínum í verðmæti í stað þess að fara á yfirfall. ON ítrekar hér það sjónarmið sitt að þau félög sem njóta ábata af framkvæmdinni skuli greiða sanngjarnan hluta kostnaðar við hana.

Ekki kemur fram hver eigi að standa kostnað af slíkri innviðaskuld, en líklega má reikna með því að með hækkun eignastofns fyrirtækisins um 86 ma.kr. verði það núverandi notendur kerfisins sem greiða fyrir skuldina gegnum tekjumörk fyrirtækisins.

Uppgjör Landsnets síðustu árin hafa verið sterk og arðsemi góð. Frá árinu 2020 til 2024 hefur Landsnet skilað eigendum sínum um 12,73 ma.kr í arðgreiðslur á sama tíma á „innviðaskuld“ hefur safnast upp. Fyrir liggja áform um mikla og kostnaðarsama uppbyggingu og telur ON það orka tvímælis að greiða eigendum sínum svo mikinn arð á meðan gjaldskrá hefur stöðugt hækkað frá árinu 2020. Ef horft er til dæmis til eigendastefnu ríkisins fyrir Isavia ohf., annað félag í eigu ríkisins sem annast innviðauppbbyggingu, má sjá að þar er beinlýnis gert ráð fyrir að ekki sé greiddur út arður til ríkisins þegar áform eru uppi hjá félaginu um frekari innviðauppbbyggingu.

- ON hvetur til endurskoðunar á arðgreiðslum félagsins til eigenda þegar fyrir liggur að meint „innviðaskuld“ fyrirtækisins skuli leiðrétt.
- ON hvetur Landsnet til að nýta hagnað fyrirtækisins til að minnka áhrif fjárfestinga þess á flutningsgjaldskrá.

3. Samantekt

Í kaflanum er skrifað:

„Loftslagsbreytingar munu hafa áhrif á líftíma lína og geta aukið náttúruvá. Í sjálfbærnistefnu og upplýsingagjöf Landsnets er nú fjallað um umhverfis- og loftslagsáhættu og aðgerðir henni tengdar. Ekki er hægt að minnast á áhættu án þess að nefna eldvirkni á Suðurnesjum, sem hefur brotið möstur og slitið línur. Landsnet metur nú áfallapol flutningskerfisins alls á suðvesturhorninu út frá hraunrennslisfermunum, með sérstakri áherslu á tvítengingu virkjananna í Svartsengi og á Reykjanesi. Fyrstu niðurstöður verða kynntar síðar í ár og þá þarf einnig að ræða hvernig eigi að fjármagna framkvæmdir sem snúast fyrst og síðast um áhættustjórnun vegna náttúruvá.“

Greining Landsnets á þessum þáttum er jákvætt skref í skoðun á áreiðanleika kerfisins, en óljóst um hvaða svæði eru nákvæmlega til greiningar.

- ON óskar þó eftir því að það sé skýrt nánar hvaða svæði Landsnet er með til skoðunar og hvernig samráð við hagaðila í þessu verkefni er háttað.
- Hefur Landsnet til skoðunar að meta áhrif og líkur á aukingu í eldingaveðri við landið og hvort breytingar sé þörf í flutningskerfinu til að bregðast við slíkri þróun?

„Hér heima fyrir verða einnig talsverðar tafir í skipulagsmálum og leyfisveitingum. Tafirnar hljóta ekki alltaf af ágreiningi, heldur stundum bara af óskilvirkni í skipulagsferlum. Hins vegar þekkjum við líka dæmi þess að mál tefjist úr hömlu í kerfinu af því að ekki er til staðar úrskurðarvald sem getur höggvið á óleysanlega hnúta“

ON tekur undir með Landsneti að leyfisveitingarferli þurfa að vera skýrari og skilvirkari til að tryggja megi nauðsynlegar uppbyggingar í raforkukerfinu.

4.2 Helstu breytingar í aðferðum og rannsóknum frá fyrri áætlun

ON hefur áður bent á þversögn í því að hagaðili raforkukerfis skuli notast við eigin raforkuspár til grundvallar ákvörðunartökum á veigamiklum fjárfestingum í stað þess að stuðst sé við raforkuspár Orkustofnunar (nú Umhverfis- og orkustofnun) og sem óháður aðili. Sé Landsnet staðráðið í að leggja fram sína eigin raforkuspá telur ON mikilvægt að slík spá fái stjórnsýslulega umfjöllun og sé háð samþykkt Raforkueftirlitsins eigi að nota slíka spá til grundvallar ákvörðunum um fjárfestingar sérleyfisfyrirtækis.

- ON telur brýnt að stuðst sé við ákvarðanir samkvæmt einni raforkuspá sem skuli vera á höndum óháðs aðila. Brýnt er að 9. gr. 5. mgr. raforkulaga sé skýr hvar ábyrgð raforkuspá liggja.
- Sé ætlun Landsnets að styðjast við sína eigin spár, telur ON að endurskoða þurfi áætlanir í rafeldsneytisframleiðslu í ljósi birtrar stefnu LV⁴.
- Hvaða áhrif kemur tímabundin lokun kísilvers PCC á Bakka⁵ að hafa á kerfisjöfnuð og telur Landsnet þörf á að uppfæra sviðsmyndir ef til endanlegrar lokunar PCC kæmi?
- Hingað til hafa allar spár gert ráð fyrir aukningu í notkun stórnotenda ár frá ári. Í ljósi frétt af væntri rekstrarstöðvun PCC og þeim fjölda langtímasamninga sem eru að renna sitt skeið á komandi árum er ekki útilokað að einhverjir stórnotendur minnki sína notkun. Hvergi er gerð grein fyrir því hvaða áhrif slíkt myndi hafa á uppbyggingarþörf flutningsfyrirtækis né hvaða áhrif slíkt gæti haft á gjaldskrá þess.

4.3.2 Stefna Landsnets

„Við leggjum áherslu á umhverfisvænar lausnir, það gerum við með því að nýta betur og nota minna.“

- Er innkaupastefnu Landsnet háttað þannig að umhverfisvænum lausnum sé gert hærra undir höfði í útboðum Landsnets?

6.4 Rannsóknarverkefni um flutningskerfi framtíðar

Landsnet hefur sett á laggirnar nýtt rannsóknarverkefni sem ber heitið „flutningskerfi framtíðar“. Að mati ON ætti svo stefnumarkandi verkefni að vera aðgengilegt öllum notendum kerfisins enda hefur verkefnið og niðurstöður þess áhrif á alla notendur. Í kaflanum er skrifað:

„Greiningarnar á vindorkuflæðinu veita líka mikilvægar upplýsingar um þörfina á jöfnun vegna sveiflna í vindorkuframleiðslunni. Jöfnunarþörfin er að sjálfsögðu háð magni þeirrar vindorku sem verið er að mata inn í kerfið en það kemur líka vel fram að staðsetning vindorkuveranna (og dreifing um landið) hefur verulega þýðingu. Jafnvel þó uppsett afl í vindorku sé tvöfaldað þýðir það ekki endilega að útjöfnunarþörfin tvöfaldist“

Slík nálgun um jöfnunarþörf getur verið rétt en gera verður grein fyrir rekstri kerfisins þegar engin/lágmarks vindorkuframleiðsla er til staðar enda ættu slík tilfelli að vera krítískur þáttur.

⁴ <https://www.landsvirkjun.is/rafeldsneyti-og-loftslagstengd-vidskiptathroun>

⁵ <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2025-05-27-kisilverinu-a-bakka-lokad-timabundid-444748>

- Niðurstöður þessa verkefnis er til þess fallið að hafa gríðarmikil áhrif á núverandi notendur flutningskerfisins. ON telur brýnt að aðilar hafa tækifæri til að fara yfir framvindu og niðurstöðu verkefnis og þá sérstaklega að niðurstöður þess séu samþykktar af Raforkueftirliti.
- Þó svo að í rammáætlun liggja ákveðið uppsett afl af vindorkukostum verður að teljast ólíklegt að allir þessir kostir raungerist og einhverjir vindorkukostir geta útilokað aðra. Í svo viðamikilum greiningum þarf Landsnet skv. 9. gr.a. 2. mgr að bygga á raunhæfum sviðsmyndum.

12.7 Áhrif framkvæmda á afhendingaröryggi

Á mynd 12-4 eru sýndar tvær sviðsmyndir fyrir spá um þróun á áreiðanleikastuðli. Báðar sviðsmyndir virðast byrja í 99,99% þó svo að árið á undan hafi stuðullinn verið í 99,999%. Það vekur athygli að skv. þróun á áreiðanleika þá mun sá stuðull falla niður fyrir 99,99% þrátt fyrir uppbyggingar.

- Ber að skilja niðurstöðuna svo að þrátt fyrir uppbyggingu í kerfisáætlun þá mun áreiðanleikastuðull í kerfinu falla undir ásættanleg mörk 2030?

13. Þjóðhagslegt virði fjárfestinga í flutningskerfinu

Í kaflanum er skrifað:

„Áætlaðar fjárfestingar í kerfisáætlun nema að núvirði 119 milljörðum króna á næstu 10 árum. Við mat á lengri tíma ábata er gengið út frá fjárfestingum upp á 7,25 mkr á ári umfram afskriftir. Meiri óvissa er um þær forsendur sem gilda fyrir árin 2035-2050 þar sem tímasetningar eru óljósar og kostnaðarmat á frumstigi.“

Samkvæmt framkvæmdaráætlun eiga öll verkefni kerfisáætlunar hefjast innan þriggja ára og ljúka innan 5 ára, virðist því hér vera misræmi í hvenær framkvæmdarverk verða unnin og lokið.

Fjárfestingar uppá 7,25 mkr á ári umfram afskriftir munu setja þrýsting á gjaldskrá ef ekki kemur til aukinnar notkunar á móti hækkandi eignastofni. Við mat á þjóðhagslegum ábata er gert ráð fyrir aukinni notkun en ljóst að þróun gjaldskrá yfir þetta tímabil mun hafa mikil áhrif hvort sú spá rætist.

Í kynningu Landsnets á kerfisáætlun í Reykjavík kom fram að höfundar kerfisáætlunar telja að áætlaður hámarksábati uppbyggingar sé ofmetinn.

- Mikilvægt er að Landsnet birti einnig spá um þróun flutningsgjaldskrá samhliða því að birta mat á þjóðhagslegu virði fjárfestinga.
- Fram kemur að fjárfestingar munu halda áfram að vera umfram afskriftir, en ekki er ljóst hvaða framkvæmdir liggja til grundvallar þeim upphæðum. Skýra þarf hvaða framkvæmdaverk eru notuð í greiningunni og hvaða virkjanakosta er horft til á þessu tímabili.

14.1.1 Heildarkostnaður afhentrar orku eða flutningskostnaður

Í kaflanum er skrifað:

„Kostnaður við flutning raforku fer hækkandi um heim allan. Það er óumflýjanlegur fylgifiskur endurnýjanlegrar raforku. Bæði er vinnsla endurnýjanlegra raforkukosta stopulli en hefðbundinna orkugjafa á borð við gas, kol eða kjarnorku og svo eru þeir ekkert endilega staðsettir á heppilegum stöðum, ólíkt fyrrgreindum orkuverum sem hægt er að staðsetja að vild. Afleiðingin er að minni orka kemur frá hverjum virkjunarstað og hana þarf að flytja um lengri veg. Hvort tveggja hækkar auðvitað kostnað“

Þessi fullyrðing getur átt við í þeim löndum, sér í lagi Evrópu, þar sem mikil uppbygging á óstýranlegum endurnýjanlegum orkugjöfum hefur átt sér stað. Markmið Evrópu með innleiðingu endurnýjanlegra orkugjafa í sínu raforkukerfi eru þó fyrst og fremst til að fasa út jarðefnaeldsneyti. Þegar Ísland býr yfir endurnýjanlegu orkukerfi núþegar eru engin lögmál sem kveða á um að flutningsgjaldskrá skuli fara hækkandi umfram aðra kostnaðarliði. Í stað þess að lýsa því yfir að flutningsgjaldskrá komi til með að hækka ætti að leita allra leiða til að slíkt raungerist ekki. Eins og ON hefur bent á áður í sínum umsögnum er hagkvæmasta uppbygging í kerfinu þegar vinnsla og notkun liggja nærri hvort öðru.

- ON telur mikilvægt að fá skoðun Landsnet á því hvort fyrirtækið sé með til skoðunar aðgerðir sem stuðla að betri nýtingu á núverandi kerfi, svo sem með staðsetningarhvötum og/eða tímaháðri gjaldskrá.

Aðrar athugasemdir og ábendingar varðandi framkvæmdaverk

3.5.4 Holtavörðuheildarlína 1 - ný flutningslína

Í kaflanum er skrifað:

„Bætt nýtingu fjárfestinga í orkukerfi landsins með því að hámarka nýtingu virkjana og vatnasvæða sem nú þegar eru til staðar. Flutningtöp munu minnka árlega um 278,9 mkr. Fram til ársins 2050 ef áætlanir um samtengingu landshluta með fullnægjandi flutningsgetu ná fram að ganga á næstu 10 árum.“

Í fyrri kerfisáætlun var árlegur ábati vegna lægri flutningstapa í tvöföldum leiðara í stað einföldum í kringum 140 m.kr. Í þeirri sviðsmynd var reiknað með fullum orkuskiptum skv. greiningum Samorku en í núverandi kerfisáætlun lágspá Landsnet til grundvallar sem er mun hófstílltari en fyrri raforkuspá. Einnig er gert ráð fyrir færri virkjunum sbr. kafla 6.1 í langtímaáætlun. Þrátt fyrir þetta hefur árlegur ábati nærri tvöfaldast milli kerfisáætlana.

- ON telur að gera þurfi betur grein fyrir ávinning af tvöföldun leiðara en að mati ON er sá ávinningur ofmetinn.
- ON óskar eftir forsendum Landsnet við þróun einingaverð flutningstapa til grundvallar mati á árlegum ábata.
- ON óskar eftir því að Landsnet geri grein fyrir því á grundvelli reglugerðar 870/2016 8. gr. hversu mikið orkuframboð muni hljóta við samtengingu landshluta í gegnum nýjar byggðarlínur á norðurleiðinni og sundurliðun á því orkumagni niður á virkjanir.

Virðingarfyllt,

Hjálmar Helgi Rögnvaldsson
Forstöðumaður viðskiptaþróunar og orkumiðlunar

Einar Vilmarsson
Sérfræðingur í orkumiðlun



Skipulagsstofnun

Borgartún 7b

105 REYKJAVÍK

Iceland

Garðabær, 30.5.2025

Málsnúmer: 202504-0033

SS

Efni: Kerfisáætlun Landsnets

Vísað er í tölvubréf sem barst þann 11. apríl 2025 frá Skipulagsstofnun í gegnum Skipulagsgátt. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu Landsnets að kerfisáætlun þ.m.t. drög að langtímaáætlun, framkvæmdaáætlun 2026-2028 og umhverfismatsskýrslu.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögnin og vill fyrst og fremst koma á framfæri athugasemdum er varða umhverfismatsskýrsluna og umfjöllun um áætluð umhverfisáhrif framkvæmda í framkvæmdaáætlun og langtímaáætlun, með áherslu á þá umhverfispætti sem tengjast fagsviði stofnunarinnar sem eru einkum lífríki og jarðminjar en stofnunin rýnir einnig landslag og ásýnd þó sérfræðipækking um þann umhverfispátt innan stofnunarinnar sé umtalsvert minni en um hina tvo.

Framkvæmdaáætlun 2026-2028

Framkvæmdaáætlunin fjallar um nokkur endurnýjunarverkefni en mest þó nýjar framkvæmdir. Hvað varðar nýjar línulagnir er mest um að ræða framkvæmdaverkefni sem hafa lokið umhverfismatsferli eða eru í umhverfismati. Náttúrufræðistofnun hefur veitt umsagnir til Skipulagsstofnunar í umhverfismati Blöndulínu 3, Holtavörðuheidalínu 1 og Holtavörðuheidalínu 3 og er vísað í þær umsagnir varðandi ábendingar um umhverfisáhrif þeirra framkvæmda. Í umhverfismatsskýrslu kerfisáætlunar eru áhrif allra þriggja línuleiða á landslag og ásýnd og lífríki metin neikvæð en fyrir jarðminjar eru áhrifin metin óveruleg nema vegna Holtavörðuheidalínu 3. Ísallínur 3 og 4 eru í umhverfismati. Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um matsáætlun fyrir Ísallínu 3 þann 8. desember 2020 en umhverfismatsskýrsla hefur ekki verið kynnt. Framkvæmdasvæðið er innan þéttbýlismarka og á svæði sem er mikið raskað en þar er þó eldhraun sem nýtur sérstakrar verndar og mikilvægt að forðast rask á því eins og hægt er.

Þorlákshafnarlína 2 sem áætlað er að verði jarðstrengur var ekki talin matsskyld af Skipulagsstofnun og í umsögn sinni til Skipulagsstofnunar þann 18 desember 2024 var Náttúrufræðistofnun einnig á þeirri skoðun. Jarðstrengurinn mun þó liggja um ríkulegt votlendi Ölfusárfora sem verður raskað á hluta strengleiðarinnar og mögulega um eldhraun sem nýtur sérstakrar verndar. Fram kemur í umhverfismatsskýrslunni að mögulegt verður að fylgja mannvirkjabeltum og röskuðum svæðum og leggur Náttúrufræðistofnun áherslu á að svo verði gert til að hlífa votlendi og eldhrauni. Áhrifin eru metin neikvæð á lífríki og tekur Náttúrufræðistofnun undir það.

Aðrar framkvæmdir á framkvæmdaáætlun 2026-2028 eru ekki byrjaðar í umhverfismatsferli eða óvíst hvort þörf verði á slíku umhverfismati. Náttúrufræðistofnun hefur því ekki rýnt þær framkvæmdir enn. Þar má nefna Miðdalslínu 1 og nýjan afhendingarstað í Miðdal, Hvalárlínu 1 sem og ýmis ný tengivirki sem reyndar óvíst er að Náttúrufræðistofnun muni fá til umsagnar nema mögulega í tengslum við



skipulagsbreytingar. Af þessum eru til umfjöllunar í umhverfismatsskýrslunni eru, Hvalarlína 1 og framkvæmdir í Ísafjarðarfjúpum þ.m.t. Miðdalslína 1 og nýr afhendingarstaður í Miðdal en þetta eru þær framkvæmdir sem falla undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Framkvæmd á Miðdalslínu 1 og uppsetningu á nýjum afhendingarstaði í Miðdal eru áformaðar með þeim fyrirvara að samkomulag um tengingu Hvalárvirkjunar þurfi að ná fyrst. Framkvæmdin felst í 26 km loftlínu og byggingu tveggja nýrra tengivirkja, í Kollafirði og í Miðdal við Ísafjarðardjúp. Framkvæmdin mun liggja um svæði sem eru óbyggð að mestu leyti og um víðerni og áhrif á landslag og ásynd metin mikil og á jarðminjar miðlungs. Áhrif á aðra umhverfisþætti þ.m.t. lífríki eru metin óveruleg. Þar sem umhverfismat er ekki hafið vantar ýmsar upplýsingar um svæðið og Náttúrufræðistofnun setur því fyrirvara á að t.d. mat á áhrif framkvæmdar á lífríki sé metið óverulegt á þessu stigi en telur líklegt að rétt sé að áhrif á landslag verði metin mikil og neikvæð.

Hvalarlína 1 felst í tengingu Hvalárvirkjunar við flutningskerfið en nákvæm lega línu liggur ekki fyrir og verið að skoða valkosti. Eins og sést á mynd 4.6 í umhverfismatsskýrslunni er athugunarsvæðið Hvalarlínu 1 að stærstum hluta óbyggð víðerni þar sem er t.d. mikið af vötnum sem falla undir ákvæði náttúruverndarlaga um sérstaka vernd (61. grein). Umhverfismat framkvæmdarinnar er sagt vera hafið en engin gögn hafa verið kynnt opinberlega enn. Ljóst er að rannsaka þarf svæðið vandlega til að meta áhrif á náttúru svæðisins. Í umhverfismatsskýrslunni er mikilvægi landslags og ásyndar metið hátt en jarðminja og lífríkis miðlungs. Það þarf að staðfesta með meiri gögnum að mati Náttúrufræðistofnunar. Áhrif eru metin miðlungs fyrir landslag og ásynd en lítil fyrir jarðminjar og lífríki fyrir valkostina tvo sem eru til skoðunar. Náttúrufræðistofnun setur fyrirvara á þessa niðurstöðu og telur frekari gögn nauðsynleg.

Langtímaáætlun 2029-2034

Langtímaáætlunin gerir ráð fyrir mun fleiri endurnýjunarframkvæmdum en framkvæmdaáætlunin, einkum á tengivirkjum en einnig á nokkrum línuleiðum. Ólíklegt er að Náttúrufræðistofnun fái þær framkvæmdir til umsagnar. Hvað áform um þróun flutningskerfisins varðar eru tvítengingarframkvæmdir ríkjandi þar með talið nýjar línur eins og á Vestfjörðum milli Kollafjarðar og Mjólkár og á Norðurlandi með jarðstreng í Varmahlíð sem og ýmis ný tengivirki.

Í umhverfismatsskýrslunni segir að langtímaáætlunin í heild er metin hafa neikvæð áhrif á landslag og ásynd jarðminjar og lífríki. Í umfjöllun um landslag segir að áætlaðar línuleiðir muni fylgja mannvirkjabelti að mestu en fara að hluta til um landslag sem gæti haft hátt fágætisgildi og um svæði á náttúruuminjaskrá. Þá er landslagið metið nokkuð fjölbreytt og framkvæmdir munu breyta lykileinkennum landslags á svæðum sem einkennist lítið af mannvirkjum og þar sé landslagið almennt viðkvæmt fyrir breytingum. Þar munar hvað mest um áformaðar línur á óbyggðum svæðum á Vestfjörðum. Nokkur óvissa ríkir um hver áhrif tvöföldunar eru á landslag þar sem ný lína liggur samsíða þeirri gömlu. Þar er ljóst að áhrif sem fyrir eru munu aukast vegna sammögnunaráhrifa en ekki sé um ný landslagsáhrif að ræða. Ekki liggur fyrir núna hvar möguleg tækifæri verða fyrir notkun jarðstrengja og því erfitt að fullyrða um endanleg umhverfisáhrif.

Náttúrufræðistofnun telur mat Landsnets á áhrif framkvæmda á langtímaáætlun á landslag og ásynd vera raunhæft miðað við þær forsendur sem fyrir eru, og ljóst að töluverður munur á milli framkvæmda leiðir af sér meðaltalsmat fyrir áætlunina í heild.

Varðandi jarðminjar kemur fram að áformaðar framkvæmdir á langtímaáætlun muni liggja um svæði með jarðminjum sem njóta verndar þ.m.t. eldhraunum, gígum, hraunhellum, háhitasvæðum og fossum. Mest verða áhrifin á Suðvesturlandi þar sem eitthvað hraun sem er verndar skv. 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013 verður fyrir raski en á Vestfjörðum og Norðurlandi eru fossar víða á áhrifasvæðinu en áhrif á þá eru einkum ásyndaráhrif. Nokkur friðlýst jarðminjasvæði er nálægt



áætluðum framkvæmdasvæðum. Heildaráhrif eru metin óveruleg/neikvæð sem aftur endurspeglar meðaltal fyrir áætlunina í heild en ljóst er að fyrir sumar framkvæmdir verða áhrifin meiri og neikvæðari.

Varðandi lífríki munu áformaðar framkvæmdir liggja um votlendi, einkum á Norðvesturlandi, m.a. votlendi sem fellur undir ákvæði 61. greinar. Sjávarfitjar, leirur og stöðuvötn eru sömuleiðis á áhrifasvæði t.d. á Suðvesturlandi. Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði og Ramsarsvæði eru einnig á áhrifasvæðum einkum á Vestur- og Norðvesturlandi. Áhrif á lífríki eru einkum vegna rasks á gróðurlendi en áflugshætta fyrir fugla fylgir einnig lagninu lína. Mikilvægt er að kortleggja og kanna vandlega þessi áhrif í umhverfismati framkvæmda fyrir nýjar eða tvöfaldaðar línuleiðir. Náttúrufræðistofnun tekur undir niðurstöðu umhverfismatsins um að heildaráhrif langtímaáætlunar á lífríki eru líkleg til að verða neikvæð, og mögulega fyrir sumar framkvæmdir verulega neikvæð.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við Kerfisáætlunina en væntir þess að fá tækifæri til að rýna ítarlega framkvæmdir sem eru í umhverfismati eða sem stendur til að fari í umhverfismat.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndar



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Fjarðabyggð, 30. maí 2025
Tilvísun 2504120/0

Umsögn Fjarðabyggðar vegna kerfiáætlunar 2025 til 2034

Bæjarráð Fjarðabyggðar tók erindi Skipulagsstofnunar fyrir á fundi sínum þann 5. maí sl. og vísar til fyrri samþykktar sinna vegna mikilvægi trausta orkuinnviða og orkuframboðs fyrir sveitarfélagið, atvinnulíf þess og almenning.

Uppbygging skilvirks og öruggs flutningskerfis raforku hefur mjög mikla þýðingu fyrir samfélagið í Fjarðabyggð. Bæjarráð hefur bent ítrekað á að flutningskerfi raforku sé ekki nægilega traust og varaleiðir til flutnings sé ekki nægjanlegar. Þar hefur verið bent á að viðkvæmir miðlunarstaðir raforku séu til staðar í kerfinu sem hafi birst í því að heilu byggðarlögin hafi orðið raforkulaus um lengri og skemmri tíma.

Fjarðabyggð er skilgreind sem kalt svæði og reiðir almenningur sem og fyrirtæki sig á tryggja miðlun orku til kyndingar. Hefur neyðarástand skapast í byggðakjörnum þar sem afhending orku hefur verið rofin til lengri tíma vegna bilunar í spennuvirkjum. Það er með öllu óásættanleg staða að íbúar standi frammi fyrir þeim veruleika að hús þeirra kólni hratt niður í vetrarhörkum og gera þurfi neyðarráðstafanir til að ekki frjósi í lögnum húsa. Þá hefur starfsemi viðkvæmra starfseiningar eins og heilsugæslu, hjúkrunarheimila og sjúkráðsstaðið afar tæpt og neyðarástand í rekstri þeirra skapast sem telst með öllu óásættanlegt. Aðstæður sem þessar skapast á versta tíma þegar veðurfar er óhagstætt, kalt og vindasamt, og þörf fyrir áreiðanlega orku er allra mikilvægast.

Sérstaklega hefur verið horft til spennustöðva að Hryggstekk og Stuðlum í því sambandi þar sem bilanir hafi ítrekað komið upp. Þó að neyðarviðbragð rekstraraðila hafi virkað vel felst óöryggi fyrst og fremst í því að varaafli og varaleiðir eru ekki til staðar né heldur að tvöfalt kerfi í spennistöðvum. Í aðstæðum sem þessum þar sem barist er við óblítt veðurfar að vetri í kapphlaupi við tímann geta aðstæður tafið neyðarviðbragð og skapað tjón. Orkuinnviðir eru einfaldlega ofur viðkvæmir fyrir ytri sem innri aðstæðum og í því felst kerfisógn sem brýnt er að unnið verði hratt að endurbótum á.

Þá hefur flutningskerfi raforku ekki getað annað þeirri þörf sem er eftir orku fyrir atvinnulífið þegar mest þörf er á því í vertíðum hjá fiskvinnslum. Það bætist ofaná skort á raforku til að drífa atvinnulífi áfram á hagkvæman og umhverfisvænan hátt.



Þörf fyrir endurnýjanlega og umhverfisvæna orku fer vaxandi með fyrirhuguðum orkuskiptum. Núverandi flutningskerfið hefur engar forsendur til að takast á við þau framtíðaráform og áætlunin þarf að taka mið af þeirri orkuþörf.

Aukið framboð orku er að mati bæjarráðs fyrir löngu ónægt sem sýnt hefur sig í hækkandi raforkuverði. Framgangur í orkuöflun í formi vatnsorku og vindorku er sér kaflí útaf fyrir sig og hefur ekki verið í takt við knýjandi þörf. Horfa þarf til nýtingar vatns- og vindorku á austurhluta landsins til að tryggja orkuöflun og tryggja dreifingu orku skapist þær aðstæður að eldgos eða aðrar náttúrhamfarir trufla orkuöflun á öðrum hlutum landsins samhliða styrkingu flutningskerfis.

Að atvinnulíf sjá hag sinn í að nýta jarðefnaeldsneyti til vinnslu afurða líkt og sjávarútvegsfyrirtæki í Fjarðabyggð ber vitni um ósjálfbæra nýtingu auðlinda. Tafir á uppbygging raforkuinnviða sem staðið hafa vannýttar um lengri tíma vegna tafa í ákvarðanatöku og skorts á framsýni þegar til staðar er mikil orkuþörf og fyrirsjáanleg til framtíðar er að mati bæjarráðs óásættanleg.

Áform þau sem kynnt hafa verið um uppbyggingu orkuinnviða þar með talið orkuverka, miðlunarvera og flutningskerfa eru að mati bæjarráðs ekki raunhæf miðað við það ástand sem er og reynslan hefur kennt að getur skapast.

Áætlunin sem slík er afar mikilvæg en forgangsöröðun hennar þarf að vera önnur og innifeli skilvirka og hraða uppbyggingu innviða strax í upphafi hennar. Þar þurfi að koma til bráðaaðgerðir til að mæta þeim áskorunum sem uppi eru.

Gunnar Jónsson
Bæjarritari



Blönduósi, 31.5.2025

Eftirfarandi er umsögn Húnabyggðar um kerfisáætlun Landsnets 2025-2034.

Húnabyggð tekur undir áherslur kerfisáætlunar um mikilvægi uppbyggingar orku-dreifikerfis Landsnets og þjóðhagslegt mikilvægi þess sem rakin eru nokkuð ítarlega í kerfisáætlunni. Húnabyggð setur hins vegar spurningarmerki við þá aðferðafræði og nálgun sem Landsnet virðist nota við hönnun og þróun kerfisins, en ekki er ljóst að byggðarsjónarmið minni samfélaga á landsbyggðinni fái þar mikla athygli.

Í grunninn er það sú stefna Landsnets að einblína ekki á að fara með nýjar línur í gegnum byggð og tryggja þannig orkuaðgengi þeirra samfélaga á landsbyggðinni sem línurnar liggja um sem er megin gagnrýni Húnabyggðar. Það virðist vera að megin tilgangur framtíðar uppbyggingar Landsnets sé að stytta leiðir milli framleiðslu og stórnotenda á kostnað byggða á landsbyggðinni og því vill Húnabyggð mótmæla.

Fyrst er hér samantekt á þeim atriðum sem Húnabyggð vill setja athugasemdir við og athugasemdirnar eru síðan útskýrðar frekar fyrir neðan samantektina.

1. Byggðalína eða heiðarlína?

Landsnet ber að leggja orkudreifikerfi sitt utan hálendisins og um það eru bæði til lög og stefnumótun stjórnvalda sem fara á eftir. Landsnet talar í kerfisáætlun stöðugt um uppbyggingu nýrrar kynslóðar byggðalínu en útskýrir ekki að hluti af þeirri uppbyggingu á að fara fram á hálendinu fram hjá byggð sem tekur merkinguna út úr orðinu byggðalína og gerir það marklaust.

2. Áhrif byggðalína á samfélög sem þær liggja um

Landsnet fer mörgum orðum um mikilvægi þessa máls í kerfisáætlun og vísar t.d. í skýrslu sem Landsnet lét útbúa um þetta mikilvægi. Í því ljósi er sérstakt að Húnabyggð mæti mikilli andstöðu vegna hugmynda sinna um að núverandi byggðalína verði byggð upp sem 220kV lína. Slíkt mannvirki mundi tryggja orkuaðgengi og hagvöxt í þeim byggðum sem hún mundi fara um. Það er óumdeilt að hérna eru gríðarlegir hagsmunir í húfi fyrir byggðir landsins og Landsnet notar töluvert pláss í að útskýra það og því færi vel á því að uppbyggingin væri eins mikið í byggð og hægt er til að auka hagvöxt sem mest á áhrifasvæði þeirra orkumannvirkja sem hér um ræðir.

3. Valkostagreining vegna Holtavörðuheiðarlínu 3

Húnabyggð hefur síendurtekið, í að verða þrjú ár, sett fram gagnrýni á að ákvörðun um legu Holtavörðuheiðarlínu 3 sé þegar tekin, en alltaf hefur Landsnet neitað þeim fullyrðingum. Landsnet hefur neitað þessu og bent á að yfirstandandi sé valkostagreining sem gerð sé í miklu samráði við alla hagsmunaaðila. Valkostagreiningunni er ekki lokið og því engin ákvörðun tekin og Húnabyggð ekki fengið senda formlega ákvörðun út frá valkostagreiningunni, en öllum má vera ljóst sem lesa kerfisáætlunina að Landsnet hefur tekið þessa ákvörðun og það mögulega fyrir löngu síðan. Það setur þessa vinnu við valkostagreininguna í mjög sérstakt ljós svo ekki sé meira sagt.

4. Takmarkanir orkuflutningskerfisins og nýting orku frá Blönduvirkjun

Í 30 ár hefur flutningskerfið verið takmarkandi hvað varðar þá orku sem hægt er að framleiða í Blönduvirkjun, 30 ár! Hvernig það getur gerst að þarna hafi frá upphafi verið um 30MW sem ekki er hægt að flytja og nota í kerfinu og að við því hafi ekki verið brugðist er óskiljanlegt. Eina fyrirtækið á svæðinu okkar



sem notar meiri orku en venjulegur iðnaður er með skerðingarsamninga og þarf að sætta sig við mjög íþyngjandi skilyrði vegna þess. Það eru að mati Húnabyggðar engin góð rök fyrir því að Blönduós eigi að vera svæði sem lendir í skerðingum þar sem svæðið er við hlið Blönduvirkjunar og á ekki að lenda fyrir sunnan eða norðan snið Blönduvirkjunar.

5. Skipulagsmál

Húnabyggð er í grunninn ósammála Landsneti um hver orsök er fyrir þeim áskorunum sem blasa við í skipulagsmálum. Að mati Húnabyggðar er það nálgun yfirvalda og orkufyrirtækja eins og Landsnets sem er særsta vandamálið. Væri t.d. borgað árlegt gjald til þeirra sem fórna sínu landi undir orkumannvirkni væri mun meiri sátt um þessar framkvæmdir og virði jarða mundi ekki rýrna heldur þvert á móti aukast. Það er ljóst að lög um skipulagsmál eru flókin en þau eru ekki grunnorsök margra þeirra vandamála sem þessi verkefni hafa hvað varðar skipulagsmál.

6. Verkefnaáherslur í kerfisáætlun

Húnabyggð gagnrýnir ekki þau verkefni sem nefnd eru sérstaklega í kerfisáætlun, en setur hins vegar spruningarmerki við af hverju þessi verkefni eru tekin sérstaklega fram en ekki önnur? Ekkert samtal hefur t.d. verið við Húnabyggð um þá uppbyggingu sem þar er hugsuð. Það getur varla verið þannig að hugmyndir sem mögulega verða og mögulega ekki, ráði för við kerfisáætlun Landsnets? Það færi auðvitað best á því að kerfið væri þannig upp byggt að öll svæði og öll sveitarfélög hefðu aðgengi að orku óháð staðsetningu, þannig að þeim væri í sjálfvald sett hvaða uppbyggingu þau færu í, eða ekki.

7. Kerfisáskoranir

Húnabyggð tekur undir áhyggjur Landsnets af uppbyggingu breytilegra orkugjafa eins og vind- og sólarorku. Um þetta eru ekki til nein lög af hálfu yfirvalda og ljóst að tilviljunarkennd uppbygging gæti skaðað byggðir landsins vegna neikvæðra áhrifa á kerfisrekstur Landsnets. Þá leggur Húnabyggð til að eitthvað sem kalla mætti byggðaröryggi verði skilgreint og haft með þegar orkudreifikerfið er byggt upp enda beint samhengi milli þess og hagvaxtar þeirra byggða sem njóta góðra tenginga við raforkukerfið.

8. Misræmi milli kerfisáætlunar og stefnu Landsnets

Húnabyggð hefur af því áhyggjur að lagning nýrrar 220kV línu yfir hálendið á Norðurland vestra verði umdeild framkvæmd sem aftur þýði að það muni taka langan tíma að koma verkefninu í gegn og orkumál svæðisins muni standa í stað á meðan. Hvað varðar náttúruverndarsjórnarmið þeirrar framkvæmdar að fara yfir heiðarnar þá stingur framkvæmdin í stúf við þær áherslur sem Landsnet teflir fram sem sýnum sjónarmiðum, sinni stefnu og framtíðarsýn. Landsnet er ekki að fara eftir því að standa vörð um þau Heimsmarkmið sem fyrirtækið tekur sérstaklega fram í kerfisáætluninni.

Byggðalína eða heiðarlína?

Húnabyggð vill vekja sérstaklega athygli á því að hvergi í kerfisáætlunni er talað um að orkudreifikerfið fari um hálendi Íslands nema hvað varðar hugmyndir um lagningu tengingar þvert yfir hálendið milli Suðurlands og Norðurlands. Allsstaðar annarsstaðar í kerfisáætlunni er talað um þróun og uppbyggingu nýrrar byggðalínu sem nú er allsstaðar í byggð nema þar sem landshlutar eru tengdir saman utan byggða. Það eru því engin röksemdarfærsla í kerfisáætluninni um að lagning orkudreifikerfisins eigi betur heima á hálendinu framhjá núverandi legu hennar í byggð. Í lögum er því beinlínis beint til Landsnets og annarra orkufyrirtækja að ekki eigi að velja framkvæmdir sem raska ósnortinni náttúru ef ekki er á því brýn nauðsyn.



Það er á nokkrum stöðum skilgreint að Holtavöruheidalína 3 á að fara um hálendið og því er orðanotkun Landsnets villandi þegar kemur að orðinu „byggðalína“.

Á bls. 7 er það sérstaklega tekið fram að stærsta verkefni kerfisáætlunarinnar sé að bæta flutningstakmarkanir nýrrar kynslóðar byggðarlínu. Húnabyggð endurtekur því áherslur sínar á það að orðið byggðarlína felur í sér að sú lína fari um byggðir og nýtist öllum byggðum landsins ekki bara sumum.

Á bls. 13 er tekið sérstaklega fram að samkvæmt A-lið í stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku séu tveir liðir bindandi þ.e. að ekki skuli lögð raflína yfir hálendið og að landið sé ekki tengt við raforkukerfi annarra landa. Þrátt fyrir þetta er hugmyndin að leggja „byggðalínu“ yfir hálendið sem væri þá brot á þessu og eins væri það ekki byggðalína eins og áður hefur komið fram.

Nokkuð er talað um tæknilegar áskoranir í kerfisáætlunni og þá helst hvað varðar launafl í kerfinu. Húnabyggð hefur eins og komið hefur fram lagt til að ný 220kV lína verði sett upp samhliða núverandi 132kV línu og að seinna megi þá taka niður 132kV línuna sem er í dag meira en 50 ára gömul. Röksemdir Landsnets hafa verið að kerfislega væri það góður kostur að vera með 132kV línuna á núverandi stað og 220kV línuna yfir heiðarnar því þannig næðist hringtenging sem væri ákjósanleg. Það er auðvelt að skilja „öryggið“ í slíkri útfærslu en það er ekkert sem segir að 132kV línan verði ekki tekin niður í fyllingu tímans og línur á lægri spennu kæmu í staðinn til að dreifa orku um svæðið. Ekki er ólíklegt að verði 132kV línan endurnýjuð verði hún í jörðu sem þá mundi að öllum líkindum skapa ýmiskonar kerfisáskoranir. Slíkar áskoranir auka líkurnar á því að 132kV línan yrði tekin niður seinna meir og orku dreift um svæðið á minni spennu og því ekki rétt að setja þetta einhliða fram sem aukin tækifæri fyrir svæðið, sem það er ekki. Almennt hefur Húnabyggð og svæðið allt ekkert í hendi um það að 132kV byggðalínan sem nú er verði endurnýjuð og að hún verði eins og hún er í dag um aldur og ævi.

Verði 132kV línan tekin niður í fyllingu tímans væri svæðið án sterkrar tengingar þar sem 220kV línan færi fram hjá svæðinu. Með 220kV línuna í byggð er öryggi svæðisins tryggt um langa framtíð óháð því hvort að hluti orkunnar væri notuð á svæðinu eða ekki. Það er ekkert betra fyrir svæðið en að í gegnum það sé 220kV lína ef við horfum eingöngu á hlutina út frá aðgengi að orku til framtíðar. Á bls. 54 er talað um að hagkvæmara sé að leggja 220kV línu meðfram suðurströndinni í stað núverandi 132kV. Sé það rétt mætti færa rök fyrir því að hugmyndin hér að ofan þ.e. að núverandi byggðalínu hér á svæðinu væri skipt út fyrir 220kV línu sé ekki bara raunhæf heldur góð og að þannig sé verið að vinna samkvæmt áætlunum Landsnets annarsstaðar á landinu.

Áhrif byggðalína á samfélög sem þær liggja um

Vakin er sérstök athygli á því að Landsnet tekur sérstaklega fram í kerfisáætluninni að hún sé ekki síst til að efla byggðir landsins og það sé eitt af markmiðum hennar. Þetta kemur skýrt fram á bls. 36 þar sem vísað er í 1. gr. raforkulaga. Í kerfisáætlun er m.a. tekið fram að uppbygging orkudreifikerfisins stuðli að hagvexti landsbyggðarinnar og að búið sé að sýna fram á það í skýrslum að svæði sem aðgengi hafa að orku hafi að meðaltali hærri laun o.s.frv. uppbygging orkudreifikerfis er því gríðarlega mikilvægt í byggðarþróunarlegu tilliti sem er ein af stóru áherslum Húnabyggðar í umsögn þessari.

Á bls. 8 er talað um gamlar línur og tengivirki fáa hvíldina eitt af öðrum og að sumt verði endurnýjað með aukinni flutningsgetu til að auka á möguleika á nýrri atvinnuuppbyggingu. Þessu erum við sammála en þessi endurnýjun verður þá að



vera á okkar svæði þannig að þessi framþróun geti átt sér stað að einhverju leiti í okkar byggð.

Á bls. 20 er undirstrikað að Holtavörðuheidiarlína 1 og 3 og Blöndulína 3 séu þjóðhagslega mikilvægir innviðir. Þessu er Húnabyggð sammála, en áréttar að í tilfelli Holtavörðuheidiarlínu 3 felst þjóðhagslega mikilvægið ekki síst í þeirri staðreynd að línan verði í byggð. Að öðrum kosti verði hún ekki þjóðhagslega mikilvæg nema fyrir suma íbúa Íslands, ekki íbúa okkar svæðis.

Á bls. 91 er farið sérstaklega yfir arðsemi framkvæmda við orkudreifikerfið og þar skilgreint að endurgreiðslutími sé metin á bilinu 4-13 ár fyrir mannvirki sem hafa líftíma frá 40-70 ár. Það vita allir að framkvæmdir við orkudreifikerfið eru dýrar og um er að ræða mikla fjármuni, en góðu fréttirnar eru að þær eru mjög arðbærar og fjármögnunin fæst tiltölulega hratt tilbaka. Það er því skrítið að hugsa til þess hversu hæg þessi uppbygging hefur verið og af hverju framkvæmdir eins og að losa út þau 30MW sem sitja föst í Blönduvirkjun hafa ekki verið framkvæmdar. Hvað þetta varðar er heldur ekki trúverðugt að skynja neikvæðni og útskýringar á tæknilegum hindrunum sérfræðinga Landsnets við þeim hugmyndum sem Húnabyggð hefur sett fram og að kostnaður hugmynda Húnabyggðar sé slíkur að um þær sé ekki hægt að ræða. Það hefur t.d. komið skýrt fram á fundum með Landsneti að 220kV tengivirki muni aldrei koma í Laxárvatn, sem er það sama og segja að byggðalínan verður aldrei 220kV. En eftiráskýringin var að slík tengivirki séu svo dýr (nokkrir milljarðar). Það liggur fyrir að þetta er dýr uppbygging, en arðsemin er líka há og að hafa 30MW föst inni í 30 ár kostar. Tekjur af þeim orkuflutningi væri löngu búinn að borga slíkt tengivirki upp ef hlutirnir eru settir í samhengi og rétt að benda á röksemdarfærslu kerfisáætlunar á bls. 99 hvað varðar að taka hlutina ekki samhengislaust út fyrir sviga.

Á bls. 35 er sett fram sú fullyrðing að laun hafa hækkað hægar í þeim sveitarfélögum á Íslandi þar sem aðgangur að raforku hefur verið takmarkaður. Einnig var fullyrt að fylgni raforkunotkunar og hagvaxtar sé 40% þ.e. söguleg gögn sýna að við 1% hagvöxt jókst orkunotkun um 0,4%. Það þarf varla að fjölyrða meira um mikilvægi þess að orkudreifikerfi séu nálægt byggð og að byggðum landsins sé tryggt aðgengi að orkudreifikerfinu. Til að undirstrika þetta stendur á bls. 36 „sterkt flutningskerfi stuðlar einnig að jafnvægi í byggðarþróun“. Þessu er Húnabyggð sammála og málflutningur sveitarfélagsins er einmitt settur fram til að benda á að ójafnvægi hvað þetta varðar býr til ójafnvægi í byggðarþróun svæðisins. Það verður að teljast sérstakt að það þurfi að taka umræðu við Landsnet um ókosti þess að orkudreifikerfi er ekki inn á svæðinu ef innihald 8.4. á bls. 36 er lesið. Það er varla hægt að orða það skýrar hversu mikilvægt aðgengi að orku er því fólki sem byggir þetta land. Það sama á við um innihald 8.6. á bls. 36-37.

Þá er einnig tekið fram á bls. 36 að erlend fjárfesting sé háð orkuaðgengi og orkuöryggi þ.e. áreiðanleika orkukerfisins. Þetta þekkjum við vel hér enda hefur takmarkað aðgengi að orku í sveitarfélagi sem er orkusveitarfélag hamlandi áhrif á uppbyggingu og eina fyrirtækið sem notar meiri orku en hefðbundinn iðnaður hefur lent í skerðingum.

Valkostagreining vegna Holtavörðuheidiarlínu 3

Húnabyggð hefur margsinnis bent á í yfirstandandi vinnu við valkostagreiningu Landsnets hvað varðar legu Holtavörðuheidiarlínu 3 að búið sé að ákveða legu þeirrar línu þrátt fyrir að talað sé um mikilvægi þess að gera það á grundvelli valkostagreiningarinnar. Í kerfisáætlun er það beinlínis tekið fram að svokölluð



heiðarleið sé þegar valin og kemur það t.d. fram í texta t.d. á bls. 55 og á teikningu á bls. 58. Á bls. 65 er talað um nýtt hlutverk Hrútatungulínu 1 sem einnig sýnir hvað búið er að ákveða. Á bls. 55 er einnig útlistað hvert hlutverk núverandi byggðalínu í Húnavatnssýslum verður og á bls. 74 er leiðin skilgreind sem „frá Blöndu í Holtavörðuheiði, Holtavörðuheiðarlína 3“, þannig að það dylst engum að ákvörðunin er tekin, þrátt fyrir að engar formlegar upplýsingar um þessa ákvörðun liggji fyrir. Þrátt fyrir að hafa neitað athugasemdum Húnabyggðar, núna að verða á þriðja ár, um að ákvörðunin liggji þegar fyrir og valkostagreiningin sé tilgangslaus, eru þessar upplýsingar settar fram í kerfisáætlunni sem sannar að mati Húnabyggðar tilefni athugasemda sveitarfélagsins um þetta atriði.

Á bls. 20 er fjallað um kostnaðarhluta framkvæmda og að mikilvægt sé að minnka einingakostnað, stytta framkvæmdatíma o.s.frv. Húnabyggð hefur upplifa töluverða einföldun í framsetningu kostnaðaráætlanna Holtavörðuheiðarlínu 3 þar sem haldið er fram að svokölluð heiðarleið sé ódýrari þar sem hún er styttri þ.e. færri möstur og minna magn leiðara o.s.frv. Þetta er auðvelt að sjá en það verður að teljast lágmarskrafa í svo viðamiklum verkefnum að heildarkostaður sé skilgreindur og gerður gegnsær. Það að opna námur á ósnortnum víðernum, byggja upp vinnubúðir, vegaslóða o.s.frv. er mun dýrara en í byggð þar sem þessir hlutir eru flestir ef ekki allir fyrir hendi. Þá er mun styttra í alla þjónustu og því samantekin kostnaður ekki endilega hærri og mögulega mun lægri. Fókus á einingakostnað á kílómetra á leiðurum eða fjölda mastra er mikil einföldun á verkefni af þessu flækjustigi.

Takmarkanir orkuflutningskerfisins og nýting orku frá Blönduvirkjun

Á bls. 6 um sögu uppbyggingar orkudreifikerfisins er lögð áhersla á að kynslóðaskipti séu tímabær er varðar byggðarlínuna sem nú hefur þjónað í áratugi o.s.frv. Nú sé sú staða komin upp að orkudreifikerfið anní ekki frameiðslu og alls ekki framtíðar þörfum o.s.frv. Húnabyggð hefur margsinnis bent á í umsögnum um orkumál og í samskiptum við Landsnet og Landsvirkjun að það sé ótækt að Blönduvirkjun sem nú er rúmlega 30 ára hafi aldrei frá upphafi getað skilað uppsettu afli vegna takmarkana í orkudreifikerfinu. Í Blönduvirkjun eru um 30MW föst inni og hafa alltaf verið frá gangsetningu og þetta því ekki nýtt vandamál, þetta er rúmlega 30 ára gamalt vandamál. Hefði verið ákveðið að 220kV lína færi frá Blönduvirkjun í Laxárvatn t.d. sem fyrsti áfangi í endurnýjun núverandi byggðarlínu, hefði verið hægt að byggja upp öflugan atvinnustarfsemi á og við Blönduós síðustu áratugi. Einnig hefði verið hægt að beintengja Blönduvirkjun við iðnaðarsvæði við Blönduós.

Á bls. 7 er tekið fram að flutningstakmarkanir kosti Ísland um 11-15 milljarða árlega og því óskiljanlegt af hverju verkefnið hér að ofan hafi ekki löngu verið framkvæmt þar sem það mundi skila sér fljótt þrátt fyrir umtalsverðan kostnað. Mat sérfræðinga sem Húnabyggð hefur unnið með er að sú orka sem föst er í Blönduvirkjun kosti Landsvirkjun að minnsta kosti einn milljarð árlega í töpuðum sölutekjum, það eru ótaldar tapaðar tekjur Landsnets og þeir hagsmunir sem tapast vegna þeirra verðmæta sem þessi orka gæti skapað. Hér hafa milljarðatugir ef ekki hundruðir farið forgörðum af ástæðum sem erfitt er að skilja.

Á bls. 91 er farið sérstaklega yfir arðsemi framkvæmda við orkudreifikerfið og þar skilgreint að endurgreiðslutími sé metin á bilinu 4-13 ár fyrir mannvirki sem hafa líftíma frá 40-70 ár. Það vita allir að framkvæmdir við orkudreifikerfið eru dýrar og um er að ræða mikla fjármuni, en góðu fréttirnar eru að þær eru mjög arðbærar og fjármögnunin fæst tiltölulega hratt tilbaka. Það er því skrítið að hugsa til þess hversu hæg þessi uppbygging hefur verið og af hverju framkvæmdir eins og að losa út þau 30MW sem sitja föst í Blönduvirkjun hafa ekki verið framkvæmdar. Hvað þetta varðar



er heldur ekki trúverðugt að skynja neikvæðni og útskýringar á tæknilegum hindrunum sérfræðinga Landsnets við þeim hugmyndum sem Húnabyggð hefur sett fram og að kostnaður hugmynda Húnabyggðar sé slíkur að um þær sé ekki hægt að ræða. Það hefur t.d. komið skýrt fram á fundum með Landsneti að 220kV tengivirki muni aldrei koma í Laxárvatn, sem er það sama og segja að byggðalínan verður aldrei 220kV. En eftiráskýringin var að slík tengivirki séu svo dýr (nokkrir milljarðar). Það liggur fyrir að þetta er dýr uppbygging, en arðsemin er líka há og að hafa 30MW föst inni í 30 ár kostar. Tekjur af þeim orkuflutningi væri löngu búinn að borga slíkt tengivirki upp ef hlutirnir eru settir í samhengi og rétt að benda á röksemdarfærslu kerfisáætlunar á bls. 99 hvað varðar að taka hlutina ekki samhengislaust út fyrir sviga.

Nálægt Blönduósi og tengivirki í Laxárvatni hefur verið gagnaver í um fimm ár sem lent hefur í endurteknum skerðingum þrátt fyrir að tilurð þessarar starfsemi hafi verið studd af Landsneti á sínum tíma þar sem að orkufrek starfsemi nálægt orkuframleiðslu hjálpar orkudreifikerfinu. Það hefur ekki reynst raunin og það flutningssnið sem skilgreint er af Landsneti (og er mannana verk) gerir það að verkum að Blönduós er sunnan sniðsins og lendir því í skerðingum. Staður svo nálægt framleiðslu á ekki að lenda í því að vera utan þess sniðs sem framleiðslan hefur, en sjá má greinilega á bls. 18 þar sem mynd af flutningssniðunum er sýnd að Blönduós er á milli sniða IIIB og IV en hvorki sunnan né norðan megin við þessi snið. Húnabyggð skilur þetta þannig að flutningssnið er kerfishugtak til að stýra orkuflutningum milli landsvæða, ekki innan þeirra.

Skipulagsmál

Á bls. 8 er minnst á að tafir í skipulagsmálum og leyfisveitingum séu vandamál. Þetta þekkir Húnabyggð og nærtækt dæmi er uppbygging Blöndulínu 3 sem hefur verið í vinnslu í meira en 20 ár. Það er ekki fyrir andstöðu þeirra sveitarfélaga sem nú mynda Húnabyggð, en dæmið sýnir að þetta er vandamál. Húnabyggð er hins vegar algjörlega ósammála Landsneti í mögulegum lausnum á þessu vandamáli en Landsnet hefur beytt sér fyrir því að raflínunefndir verði stofnaðar til að liðka til fyrir framkvæmdum og takmarka þann sjálfvald sveitarfélaga í skipulagsmálum. Hér er að mati Húnabyggðar rót vandans sú nálgun sem orkufyrirtæki hafa almennt hvað varðar sínar framkvæmdir. Þau fara fyrst til landeigenda og semja um landbætur og fara síðan, stundum nokkrum árum seinna, til sveitarfélagsins til að ræða skipulagsmál. Það væri farsælla í stað þess að semja um eingreiðslur við landeigendur að Landsnet borgi landeigendum árlegt afnotgjald sem yrðu hlunnindi á umræddri jörð og þannig væri komið í veg fyrir verðyrnun jarða. Þetta myndi að mati Húnabyggðar leysa mjög stóran hluta þeirrar andstöðu sem landeigendur hafa. En áður en sú vinna fer fram þarf að skipuleggja með viðkomandi sveitarfélagi hvar og hvernig þetta er gert þannig að samstaða sé frá upphafi í verkefnum sem þessum. Húnabyggð hefur reyndar í öðrum umsögnum um orkumál lýst því yfir að vöntun á heildar stefnumótun í orkumálum og hvar og hvernig verði virkjað á Íslandi sé grundvöllur þess að sátt náist um þessi mál. Slík stefnumótun liggur ekki fyrir, fyrir utan það sem rammaáætlun skilgreinir, og því er „allt hægt allsstaðar“ sem býr til óeiningu um þennan málaflokk.

Á bls. 20 er farið íterlega yfir þessi mál og þar haldið fram að ferlið sé óskýrt og að það sé vegna sveitarfélaga að fyrst sé talað við landeigendur. Það er ekki upplifun Húnabyggðar og okkar upplifun er sú að Landsnet velur að tala við landeigendur fyrst áður en rætt er við sveitarfélagið og í sumum tilfellum veit sveitarfélagið ekki af þeim viðræðum o.s.frv. fyrr en að einhverjum árum liðnum sem gerir sveitarfélaginu erfiðara fyrir hvað varðar afgreiðslu slíkra mála. Húnabyggð er sammála Landsneti



að samráð er alltaf af hinu góða og Húnabyggð hefur setið fundi með Landsneti og öðrum sveitarfélögum vegna Blöndulínu 3 og telur að slíkur samráðsvettvangur sé í raun nauðsynlegur frá byrjun í slíkum verkefnum. Slíkt samráð er auðvelt og hægt að gera án þess að taka af sveitarfélögum skipulagsvald eins og gert er með stofnun raflínunefnda.

Verkefnaáherslur í kerfisáætlun

Húnabyggð setur spurningamerki við ýmsar forsendur sem listaðar eru upp í kerfisáætluninni sem snúa að því hvar orkuferk starfsemi sé staðsett. Þar eru t.d. nefndir staðir eins og Bakki við Húsavík, Þórshöfn vegna hugmynda um framkvæmdir í Finnafirði og uppbygging hleðsluinnviða við Laugabakka. Húnabyggð setur ekki út á hvaða áform eru í öðrum sveitarfélögum um uppbyggingu en furðar sig á því af hverju ekki er t.d. talað við Húnabyggð um áform sveitarfélagsins hvað þetta varðar? Þá er sumt af þessu á hugmyndastigi og sérstakt að orkudreifikerfi allra landsmanna sé sérstaklega sniðið að slíkum hugmyndum. Best væri að orkudreifikerfið væri þannig uppbyggt að flest eða öll sveitarfélög hafi raunverulega möguleika á því að byggja upp þá atvinnustarfsemi sem þeim hugnast. Það er að mati Húnabyggðar tilgangur byggðalínunar þ.e. að fari hún um byggðir landsins sitja allir við sama borðið hvað varðar atvinnu- og byggðarþróun til langrar framtíðar.

Á bls. 23 er talað sérstaklega um orkuskort en það liggur fyrir að uppbygging sem möguleg er á okkar svæði sem ætti að vera löngu búin eða þegar hafin sbr. innilokuð orka í Blönduvirkjun, rennslisvirkjarnir við Blönduvirkjun og Blöndulundur eru allt verkefni sem ekki er hægt að fara í fyrr en dreifikerfið er þróað áfram. Engin framangreindra verkefna er á lista á bls. 24 þar sem framleiðsluverkefni næstu ára eru talin upp.

Í kafla 8 er fjallað um samkeppnishæfni og rakið hversu mikilvægt það er vera leiðandi á nýtingu endurnýjanlegrar orku o.s.frv. Þetta er rétt en það fylgir ekki sögunni hvar á þessu uppbygging að vera og hvernig á hún að vera? Á meðan því er ekki svarað er ómögulegt að taka skýra afstöðu. Miðað við þau verkefni sem talin eru upp í kerfisáætluninni er ljóst að svæði sem Húnabyggð er á er ekki í miklum fókusi og þess vegna setjum við spurningarmerki við framtíðarsýn raforkuframleiðslu Íslands þ.e. hvernig lítur hún út nákvæmlega? Það er ekki að færi Landsnets að svara þeirri spurning þar sem yfirvöld verða að leggja þessa línu, en hún er ekki skýr og alls ekki gegnsæ.

Í kafla um þróun flutningskerfisins sem hefst á bls. 38 er m.a. sagt að ákvarðanir séu teknar út frá heildarhagsmunum þjóðarinnar en einnig út frá orkuöryggi einstakra svæða. Þetta tekur Húnabyggð undir og þetta er hryggjarstykkið í málflutningi Húnabyggðar svo að orðalag kerfisáætlunar sé notað. Á bls. 39 segir að forgangs röðun framkvæmda þurfi að stuðla að því að innviðir standi ekki í vegi fyrir nýtingu tækifæra og verðmætasköpunar um land allt. Undir þetta tekur Húnabyggð og bendir á að á bls. 39 er talað um nýja kynslóð byggðalínu og Húnabyggð endurtekur að í því orði felst að leggja eigi línur um byggð ekki hálendi. Á bls. 40 er nefnt að verkefni til að þjóna orkuskiptum í samgöngum sé nýr afhendingarstaður á Laugarbakka sem nýlega hefur verið sett inn. Út á það setur Húnabyggð ekki en ítrekar að það sama á við um Blönduós en þar er fyrirséð mikil uppbygging hleðsluinnviða fyrir framtíðar orkuskipti í samgöngum. Ekkert samtal hefur verið við Húnabyggð um þessi áform enda gengur Húnabyggð út frá því að slíkt verði hægt án sérstaks samtals við Landsnet. Þá má benda á að ákvörðun um að á Laugarbakka verði sett nýtt 132kV tengivirki er vísbending um að þar er ekki gert ráð fyrir því að þar verði 220kV lína og því búið að taka þá ákvörðun.



Hugmyndir um DC línu þvert yfir hálendið frá Blöndu að Þjórsár-Tungnasvæði eru að mati Húnabyggðar hugmyndir sem sýna framsýni og viðleitni til að leysa orkudreifingarmál til langrar framtíðar. Að mati Húnabyggðar ætti að skoða þessa hugmynd mjög vel og ekki er ólíklegt að tækni nánustu framtíðar muni gera slíka lausn fýsilega og því ekki gott að „geyma“ þetta mál.

Kerfisáskoranir

Töluvert er talað um í kerfisáætlunni að breytilegir orkugjafar eins og vindur og sól leggi ekki til kerfisstyrk og í því ljósi er núverandi uppbygging t.d. í vindorku umhugsunarverð. Engin lög eru ennþá til um vindorkuna og engin sjáanleg stefnumótun er til sem sýnir hvaða stefna er þar hvað varðar kerfislegt öryggi o.s.frv. Þetta er dæmi um vöntun á skýrri sýn yfirvalda á uppbyggingu orkukerfisins í heild sinni. En hvað orkukerfið varðar ætti að vera gerlegt að sýna fram á hvar og hvernig þessi verkefni styðja best við kerfið. Þá er spurt í kerfisáætlunni á bls. 26 hvort að núverandi kerfi sé tilbúið fyrir aukna vindorku og nýja notendur. Það hlítur að þurfa að hlusta á rök Landsnets hvað þetta varðar en eins og áður segir ríkir um þessa fyrirhuguðu uppbyggingu lítið gegnsæi og óvarlegt samkvæmt kerfisáætluninni að gera ráð fyrir orkuvinnslu eða -notkun óháð staðsetningu. Það er einnig tekið fram á bls. 28 að núverandi kerfi sé bæði kvikt og veikt og að vind- og sólarorkuver bæti litlu eða engu við kerfisstyrk orkudreifikerfisins.

Á bls. 24-25 er m.a. fjallað um hlutverk raforkumarkaða til að stýra raforkuvinnslu og uppbyggingu raforkudreifikerfis. Þar er einnig tala um orkugeyma, notkunarsvörun o.s.frv. sem leið til að auka jafnvægi í kerfinu. Það hlítur að vera góð leið til að ná betra jafnvægi að dreifa notkun betur en nú er þ.e. að stórnotendur séu ekki flestir eða allir á svipuðum stað þ.e. á Suðvesturhorni landsins sem er langt frá stærstu framleiðslustöðunum, sérstaklega vatnsaflsvirkjunum. Horfa þyrfti til þess að dreifa álagi betur og hafa stærri notendur í meira mæli nær framleiðslunni og hér væri frekari notkun raforku á svæðum eins og Húnabyggð góður kostur. Slíkt mundi hafa kerfislega góð áhrif á raforkukerfið.

Í kafla 7 um öryggi er farið yfir öryggi kerfisins út frá mismunandi vinklum en Húnabyggð saknar að talað sé um byggðaröryggi en eins og kemur annarsstaðar fram í kerfisáætluninni eru bein tengsl á milli aðgengi að orku í samfélögum og lífsskilyrða fólks sem þar býr. Orkuframleiðsla og orkudreifing er að mati Húnabyggðar ein af fosemdum byggðarskilyrða á landsbyggðinni og því gríðarlega mikilvægur þáttur í atvinnu- og byggðarþróun landsbyggðarinnar. Þetta mætti fá meira vægi í kerfisgreiningu Landsnets. Á bls. 32 er sagt að afhendingaröryggi í Eyjafirði, Vestfjörðum og á Suðurnesjum eigi að vera í forgangi, en tekið fram að þetta sé úr áætlun frá 2019. Það geta verið ástæður fyrir þessu, en útskýra þarf af hverju það er og eins þarf að tryggja að slíkur fókus sé ekki á kostnað annara svæða.

Misræmi milli kerfisáætlunar og stefnu Landsnets

Á bls. 13 í umfjöllun um stefnu Landsnet er fjallað um viðskiptavinum og að setja viðskiptavinum í fyrsta sæti. Það væri rétt í þessu samhengi að fá nákvæma útskýringu á því hverjir viðskiptavinir Landsnets eru samkvæmt skilgreiningu Landsnets? Eru það þeir aðilar sem borga fyrir flutning orku eingöngu? Eða mögulega allir landsmenn? Landsnet er ekki einkahlutafélag og hefur aðrar skyldur vegna þess. Það er t.d. ekki æskilegt að stórnotendur og hagsmunir þeirra ráði alfarið stefnumörkun Landsnets, þó að vissulega spili þeirra hagsmunir hlutverk. Umræðan sem Húnabyggð hefur haft uppi um byggðalínur og mikilvægi þess að þær séu í byggð kristallast í þessu atriði. Sé markmið Landsnets eingöngu að lágmarka



fjarlægð milli framleiðslu og stórnotenda þá er mikilvægt að það komi skýrt fram. Sé það þannig þýðir það að hagsmunir þeirra byggða sem framleiða orkuna, sem yfirleitt eru ekki sömu byggðirnar og hýsa stórnotendurna, eru verulega skertir.

Á sömu blaðsíðu er tekið fram að áhersla sé lögð á umhverfisvænar lausnir og að nýta betur og nota minna. Að fara með orkudreifikerfið inn á ósnortin víðerni samræmist ekki þessari hugsun. Þá er á bls. 14 vitnaði í Heimsmarkmiðin og áherslur þar sem einnig er hægt að gagnrýna með tilliti til þess að fara yfir ósnortin víðerni o.s.frv. Í lokin er beinlínis fullyrt að Landsnet vinni ötullega að því lágmarka neikvæð áhrif uppbyggingar á heimsmarkmiði 15 og það kappkostað að velja þá línuleið og staðsetningu einstakra mastra sem hefur minnst áhrif á viskerfi. Að mati Húnabyggðar er hægt að setja mjög stórt spurningamerki við þessar fullyrðingar miðað við þann fókus og vinnu sem Landsnet hefur sett í að knýja fram að farið verði svokallaða heiðarleið með Holtavörðuheiðarlínu 3.

Húnabyggð vill enda þessa umsögn á því að undirstrika að forsvarsfólk Húnabyggðar er tilbúið í og óskar eftir samtali við Landsnet um þessa umsögn og um uppbyggingu orkudreifikerfisins eins og það snertir hagsmuni Húnabyggðar.

f.h. Húnabyggðar

Pétur Arason, sveitarstjóri



Reykjanesbæ, 31. maí 2025

Landsnet

Guðrún Margrét Jónsdóttir

Efni: Kerfisáætlun Landsnets mál nr. 509/2025 – umsögn HS Veitna

Málið er kynnt í Skipulagsgáttinni, mál nr. 509/2025, og saman stendur af þremur skjölum; (1) drög að kerfisáætlun 2025-2034, langtímaáætlun, (2) drög að kerfisáætlun 2025-2034, umhverfismatsskýrsla og (3) drög að kerfisáætlun 2025 – 2034, framkvæmdaáætlun 2026-2028.

HS Veitur reka dreifikerfi raforku á Suðurnesjum, í Hafnarfirði og hluta Garðabæjar, í Árborg og í Vestmannaeyjum og skiptir framþróun flutningskerfisins miklu fyrir félagið og viðskiptavinum þess á ofangreindum stöðum.

Eins og gera má ráð fyrir er víða tiltekin skörun í þeim framkvæmdum sem framundan eru og því mikilvægt að gagnkvæmt tillit sé tekið til þróunar bæði flutningskerfisins og dreifikerfa raforku á veitusvæðum HS Veitna. Á þetta bæði við tæknileg atriði, tímaáætlanir og nýtingu og uppbyggingu einstakra kerfishluta og eftir atvikum nauðsynlegar breytinga á þeim í einstökum tilvikum.

Mikilvægt er að við mat á einstökum valkostum í kerfisáætlun sé fullt tillit tekið til ofangreindra þátta og framtíðar hagsmuna viðskiptavina HS Veitna með tilliti til afhendingargetu og -öryggis. Í þessum efnum þarf sérstaklega að huga að öryggi að teknu tilliti til náttúruhamfaraáhrættu eins og vikið er að í ofangreindum gögnum Landsnets og nánar er vikið að hér að neðan. HS Veitur leggja áherslu á að þessa þætti þurfi að setja í forgang við gerð kerfisáætlunar hver sem nánari útfærsla á þessum þáttum kanna að verða og þá eftir atvikum í nánara samstarfi við stjórnvöld.

HS Veitur taka undir mikilvægi þess að einfalda lög, reglur og leyfisveitingaferlar tengt uppbyggingu og framþróun flutningskerfisins enda ljóst að tafir hafa valdið miklu tjóni og kostnaði fyrir samfélagið þar sem gríðarleg verðmæti eru fara forgörðum á hverju ári. Þá er ljóst að tafir á uppbyggingunni draga verulega úr raforkuöryggi um land allt og hafa áhrif á raforkuframboð vegna flöskuhálsa í flutningskerfinu.

Suðurnes

Í framkvæmdaáætlun er gert ráð fyrir því að á árinu 2025 verði lokið við Suðurnesjalínu 2 frá Hamranesi í Hafnarfirði að Fitjum í Reykjanesbæ. Er það langþráður áfangi til þess að tryggja orkuöryggi og orkuframboð á Suðurnesjum, en hafa þarf í huga að tekið hefur á annan áratug að ljúka þessari framkvæmd. Minnt er á að fyrst var sótt um framkvæmdaleyfi fyrir Suðurnesjalínu 2 í maí árið 2015 en þá hafði undirbúningur framkvæmdanna staðið yfir árum sama. Ljóst er að þessar miklu tafir á framkvæmdunum hafa haft veruleg neikvæð áhrif möguleika til atvinnuuppbyggingar síðast liðinn áratug. Er óskandi að núverandi tímaáætlanir hér að lútandi standist



þannig að línan verði tekin í notkun á þessu ári. Þá er mjög jákvætt að gert er ráð fyrir verklokum á nýju tengivirki á Njarðvíkurheiði á árinu 2025.

Ljóst er sérstaklega þarf að huga að stöðu flutningskerfisins með tilliti til náttúruhamfara áhættu eins og nánar er vikið að drögum að kerfisáætlun og á það eðli málsins samkvæmt við landið allt þó vissulega kunni áhættunnar að vera ólíkar eftir landshlutum eins og dæmin sýna.

Fram kemur að áfallapol flutningskerfisins á Suðvesturhorninu verði metið sérstaklega með tillit til hraunrennslisbætur með sérstakri áherslu á tvítengingu virkjanna í Svartsengi og á Reykjanesi. Er tekið fram að fyrstu niðurstöður hér að lútandi verði kynntar síðar á þessu ári. Þá er tekið fram sérstaklega þurfi að ræða hvernig eigi að fjármagna þær framkvæmdir sem snúa fyrst og síðast að áhættustjórnun vegna náttúruvár (bls. 8 í langtímaáætlun draga að kerfisáætlun).

HS Veitur taka undir mikilvægi þess að lokið verði við tvítengingar virkjanna á Reykjanesskaga og að hluti þeirra framkvæmda verði að ljúka gerð afhendingarstaðar raforku fyrir sveitarfélagið Grindavík annað hvort austan eða vestan við bæinn. Ljóst er að núverandi tengipunktur í flutningskerfinu í virkjuninni í Svartsengi byggir á sögulegum forsendum sem nauðsynlegt og eðlilegt er að breyta og færa að sveitarfélaginu, sbr. sviðsmyndir sem Landsnet hefur kynnt hér að lútandi.

Þessar framkvæmdir eru eðlilegur þáttur í því að auka raforkuöryggi á Reykjanesskaganum og rekstraröryggi þeirra virkjana sem þar starfa og þar með möguleikann á að hægt sé reka þær í eyjarekstri ef á þarf að halda fyrir svæðið. **Fyrir framtíð Grindavíkur og endurreisn er mjög mikilvægt að nýtt tengivirki fyrir bæinn komist til framkvæmda, verði hluti af kerfisáætlun og fremst í framkvæmdaáætlun hennar.** Sé vilji til að fjármagna slík verkefni sérstaklega er mikilvægt að þær ákvarðanir séu teknar strax þannig að fyrirsjáanleiki sé til staða fyrir atvinnulíf og íbúa í Grindavík og þar með aðra innviði á svæðinu.

Hafnarfjörður og Garðabær

Mjög jákvætt er að í drögum að kerfisáætlun og framkvæmdaáætlun er gert ráð fyrir aukni afhendingaröryggi á Hafnarfjarðarsvæðinu með tvítengingu svæðisins enda hafa HS Veitur lengi lagt áherslu á að slíkri tengingu verði komið á og þar með bætt afhendingaröryggi.

HS Veitur hófu árið 2019 þá vegferð að innleiða 33 kV stofndreifikerfi á Hafnarfjarðar svæðinu þannig að aðveitustöð HS Veitna í Hamranesi og aðveitustöð HS Veitna í Öldugötu séu með tvítengingu sín á milli með 36 kV tengingum. HS Veitum vinna einnig að innleiðingu 33 kV kerfi nær Garðabæ, við Kapelluhraun í Hafnarfirði. Einnig áætlað að koma upp 33/11 kV millispennistöð og sem verði tvítengd, annarsvegar við Öldugötu og hins vegar við aðveitustöðina í Hamranesi í gegnum rofastöð sem gert er ráð fyrir við Kaldárselsveg og Heiðmerkurveg við Ásland í Hafnarfirði. Tilgangur innleiðingar á 33 kV kerfi í Hafnarfirði er að auka afhendingaröryggi til viðskiptavina sem og taka við álagi á 11 kV frá Öldugötu og minnka þar með álagið á 11 kV kerfinu frá Öldugötu.

Í drögum að kerfisáætlun eru kynntir þrír valkostir sem ætlað er að uppfylla markmið um 132 kV tvítengingu Hafnarfjarðar í Öldugötu og þar með markmið um raforkuöryggi, áreiðanleika afhendinga og gæði raforku.



Eins og komið hefur fram í minnisblöðum HS Veitna til Landsnets er **valkostur 1** í drögum að kerfisáætlunum talinn óraunhæfur og komi þar með ekki til greina til þess að ná þeim markmiðum sem að er stefnt.

Hér má nefna að við slíka framkvæmd þyrfti að taka 132 kV virki Landsnets úr rekstri, vegna endurnýjunar og viðhalds á núverandi GIS búnaði Landsnets í Öldugötu, sem kominn er á líftíma sinn. HS Veitur eru með tvo aflspenna í Öldugötu til niðurspenningar á 11 kV og áður nefndan 132/11 kV 25 MVA spenni og annan 33/11 kV 25 MVA. Ætti að fara í þessa framkvæmd myndi það í raun raska verulega afhendinga öryggi á 11 kV þar sem 132/11 kV aflspennirinn væri ekki til taks. HS Veitur telja eins og áður segir að í raun sé þessi valkostur ekki raunhæf og óásættanlegur fyrir HS Veitur og viðskiptavinum þess.

Þá er einnig rétt að minna á að mikið af lögnum liggja í veg- og þar með lagnastæðum að Öldugötu, sérstaklega í nálægð við Öldugötu, þar sem HF1 og 33 kV JONA-OLDA strengur HS Veitna er í rekstri. Fyrirséð er að mikið rask myndi fylgi lagningu nýrra 132 kV háspennustrengs frá Hnoðraholtslínu að Öldugötu og hæpið að slíkt væri gerlegt með ofangreinda strengi í rekstri. Hér þarf einnig að hafa í huga að sé strengur á milli Hamraness og Hnoðraholt AD7, tekin úr rekstri yrði allt álag að flytjast á HF1 í gegnum Hamranes, Öldugötu og að Hnoðraholti. Er fullkomlega óvíst að þessi leið sé tæk með tilliti til getu og ástands 132 kV strengsins, þ.e. HF1 jarðstrengs Landsnets. Loks þarf að hafa í huga að ef HF1 og AD7 yrðu úti þyrfti að tryggja að flutningur milli Hamranes og Hnoðraholt fari ekki í gegnum 33 kV kerfi HS Veitna.

HS Veitur telja að **valkostur 2** sé í raun nánast sá sami og valkostur 1, þ.e. munurinn á þeim er svo óverulegur og hann sé því heldur ekki raunhæfur með sömu rökum og að framan eru rakin.

Í **valkosti 3** fellst nýr afhendingastaður í Lækjarbotnum og hann flytjist úr núverandi afhendingastað við Öldugötu. Þetta felur í sér að tveir 132 kV strengir kæmu frá Lækjarbotni inn á Hnoðraholtslínu 1 eða AD7. HS Veitur þyrftu þá að koma upp nýrri rofastöð í Lækjarbotnum og 132 kV spennar í Öldugötu yrðu væntanlega færðir yfir í nýja tengivirkið við Lækjarbotna. Ljóst er að þessi valkostur kallar á lokið verði við innleiðingu á 33 kV stofndreifikerfi í Hafnarfirði og Garðabæ eins og HS Veitur hafa unnið að. Í áætlunum HS Veitna er gert ráð fyrir að verkefnum þessu tengdu verði lokið árið 2030 og þar með tvítenging á milli aðveitustöðva HS Veitna í Hamranesi og Öldugötu ásamt tilheyrandi búnaði í stöðvunum.

Mikilvægt er að í fjárhagslegum samanburði valkosta sé einnig horft til fjárfestingaþarfar HS Veitna sem er nauðsynleg svo valkostur 3 gangi upp.

Hér má t.d. benda á að í dag eru HS Veitur með innmötunarafl á 132 kV upp á 145 MW ásamt niðurspenningu á 33 kV uppá 120 MW, þar á eftir með niðurspenningu á 11 kV uppá 75 MW. Við valkost 3 yrði 132/11kV 25 MVA aflspennir HS Veitna ónothæfur og niðurspenningarafl á 11 kV yrði 50 MW. Taka þarf mið af þessu við skipulag framkvæmda.

Með framanritað í huga er mikilvægt að tryggja frekara samstarf milli HS Veitna og Landsnet um tímaáætlun og kostnað vegna valkosta 3 enda kallar hann á verulegar fjárfestingar í dreifikerfinu og búnaði ásamt endurröðun þeim búnaði sem nú er í aðveitukerfinu.



Árborgsvæði

Yfirstandandi og væntanlegar framkvæmdir Landsnets á svæðinu snerta ekki dreifikerfi HS Veitna á svæðinu með beinum hætti en munu styrkja flutningskerfi verulega sem aftur eykur orkuöryggi viðskiptavina á svæðinu í heild sinni. Má þar m.a. nefna hlutaendurnýjun á Selfosslínu 1 og lagningu Þorlákshafalínu 2. HS Veitur taka því undir mikilvægi þessar framkvæmda enda mjög jákvæðar fyrir svæðið.

Vestmannaeyjar

Á árinu 2025 verða lagðir tveir nýir sæstrengir til Vestmannaeyja (VM4 og VM5) sem munu auka til muna afhendingaöryggið sem er mjög jákvætt og mikilvægt fyrir viðskiptavinum HS Veitna sem og fyrir reksturinn á fjarvarmaveitu félagsins í Eyjum. Þessar breytingar munu kalla á verulegar fjárfestingar í dreifikerfi HS Veitna í Vestmannaeyjum. Þegar er hafin undirbúningur að þessum framkvæmdum.

Um leið og HS Veitur þakka fyrir tækifærið til þess að veita umsögn um drög að kerfisáætlun og gott samstarf við Landsnet hingað til vegna framtíðaráætlana er áfram gert ráð góðu og árangursríku samstarfi við nánari útfærslur á einstökum þáttum kerfisáætlunar og þá bæði langtímaáætlunarinnar og framkvæmdaáætlunarinnar. Er því óskað frekara samtals um efnisatriði framangreindrar umsagnar HS Veitna og þar með nánari útfærslu einstakra atriða í henni.

Virðingarfyllst,

f.h. HS Veitna

Baldur Dýrfjörð lögfræðingur



Pingeyjarsveit – Umsögn Skipulagsnefnd.

Dags.31.05.2025

One nr: 2504046

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík.

Umsögn Skipulagsnefndar.

Heiti: Kerfisáætlun 2025-2034

Málsatvik

Á 36.fundu Skipulagsnefndar Pingeyjarsveitar var lög fyrir umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun vegna kerfisáætlunar 2025-2034: kynning umhverfismatsskýrslu - umhverfismat áætlana. Kynningartími er frá 9. 4. 2025 til 31.5. 2025.

Umfjöllun.

Í Kerfisáætlun er fjallað um áform Landsnets sem eru áformuð á tímabilinu 2025-2034.

Niðurstaða.

Aukin eftirspurn er eftir rafmagni á svæðinu og því áhyggjuefni að núverandi byggðalína sé fulllestuð. Þetta á ekki síst við varðandi flutningskerfi á Norðaustur horni landsins. Nefndin vill engu að síður beina því til Landsnets að hvað varðar flutning og miðlun raforku, að allar útbætur í þeim málum verði að vera unnar í eins mikilli sátt og hægt er, við sveitarfélög og landeignendur, þar sem mannvirki af þessu tagi skapi verðmæti en að sama skapi setja skerðingu á það land sem þau upptaka.

Að öðru leyti gerir Skipulagsnefnd Pingeyjarsveitar ekki athugasemdir við drög að Kerfisáætlun 2025-2034 og umhverfismatsskýrluna en tekur undir umsögn stjórnar SSNE

Virðingarfyllst.
f.h. Skipulagsnefndar Pingeyjarsveitar.
Knútur Emil Jónasson.



Akraneskaupstaður

Landsnet hf.

**Gylfaflöt 9
112 Reykjavík**

*Erindið sent með tölvupósti
á netfangið*

Akranesi, 2. júní 2025

2505243 HB

Efni: Landsnet - kerfisáætlun 2025 - 2034

Eftirfarnandi umsögn var samþykkt í skipulags- og umhverfisráði þann 02.06.2025.

Akraneskaupstaður er dæmi um sveitafélag sem hefur til margra áratuga reynslu og þekkingu á mikilvægi raforkuframleiðslu og iðnaði sem byggir á nýtingu raforku.

Þannig var bygging Sementsverksmiðju Ríkisins áhrifarík um þróun byggðar á Akranesi. Næsta uppbyggingarskeið á Akranesi, má tengja við uppbyggingu á Grundartangasvæði, fyrst með Járnblandiverksmiðju og seinna með byggingu verksmiðju Norðuráls. Nú eru um 20% af launatekjum íbúa á Akranesi, framleiðsla án fiskvinnslu, og ljóst að nýting raforku á Grundartanga er stór hluti af því.

Nú eru enn áhugasamir aðilar á um byggingu á iðnaði á Grundartanga. Akraneskaupstaður hefur nú mjög alvarlegar áhyggjur af því að frekari uppbygging, og þar með fjölgun starfa sé sett í uppnám vegna þess að orkuflutningskerfið er ekki tilbúið til að anna aukinni eftirspurn. Um er að ræða fyrirtæki sem þegar hafið hafið umhverfismat, eða eru að hefja slíkt ferli. Hér er um verulegar fjárfestingar að ræða, og mun uppbygging og starfsemi þessara fyrirtækja hafa mikil áhrif á atvinnusvæði Akranesinga. Samkvæmt þeim áætlunum sem ræddar hafa verið, þarf að stækkun á flutningskerfi á Grundartanga að vera lokið 2027.

Það ætti að vera öllum ljós hve áhrifamikill þáttur í þróun byggðar og hagvaxtar í byggðalaginu er tengdur því að takist að efla orkuflutningskerfið.

Bygging Holtavörðuheiðarlínu er að mati Akraneskaupstaðar mikilvægt framfaramál og geta byggt undir framtíðarvöxt. Að samhliða verði hægt að efla núverandi byggðalínu, til að þjóna upprunalegu hlutverki sínu – að flytja orku milli byggða.

Samhliða hvetur Akraneskaupstaður til að Vatnshamralína verði endurnýjuð. Vatnahamralína er komin til ára sinna og mikilvægt að hún fái uppfærslu.



Akraneskaupstaður

Það er mat Akraneskaupstaðar að nauðsynlegt geti verið að flýta byggingu Akraneslínu 2 og núverandi tenging, Akraneslína 1, er tæplega nægjanlega öflug til að bregðast við eftirspurn stærri notenda.

Samkvæmt upplýsingum sem síðast voru kynntar og ræddar um orkunotkun á Akranesi, er um 5-7 MW á Akranesi nýtt á dag m.v. meðaltal s.l. 2 ár. Notkun lækkaði 2017/2018 og aftur lækkun 2022 en var alltaf í ca. 10 MW áður, fyrirvari er á þessum tölum.

Undanfarin misseri hefur Akraneskaupstaður átt tilbúna atvinnulóðir til uppbyggingar, innan marka sveitafélagsins, og ljóst að ein af áskorunum að byggja þær lóðir er að fyrirtæki sem nýta verulegt magn raforku hafi aðgang að öflugu flutningskerfi. Í viðræðum við hugsanlega lóðarhafa hafa komið fram áhyggjur af takmarkandi aðgengi að raforku, í tengslum við uppbyggingu nýrra atvinnustarfsemi.

Þá er ótalið að vaxandi eftirspurn eftir raforku vegna orkuskipta, er á Akranesi sem annarsstaðar sterkur áhrifavaldur um þróun.

Ný kerfisáætlun og nálgun Landsnets á uppbyggingu á raforkuflutningskerfinu er almennt séð jákvæð fyrir Akranes. Akraneslína 2 er á áætlun hjá Landsneti en þó ekki í framkvæmdaáætlun næstu þriggja ára. Nýtt tengivirki við sveitarfélagamörk Akraneskaupstaðar, mun verða mjög mikilvægt fyrir framtíðar atvinnuuppbyggingu á Akranesi. Akraneskaupstaður hefur þegar hafið undirbúning að skipulagi fyrir nýtt tengivirki, í góðu samráði við Landsnet.

Það er mat Akraneskaupstaðar að nauðsynlegt geti verið að hafa sveigjanleika í kerfisáætlun til að bregðast við eftirspurn sem þessar uppbyggingaráætlanir hafa í för með sér, í það minnsta að við endurmat og endurskoðun á framkvæmdaáætlun verði rými til að bregðast hratt og fljótt við aukinni orkuþörf.

Samandregið eru áherslur Akraneskaupstaðar á tillögu til kerfisáætlunar.

Akraneskaupstaður hefur áhyggjur af seinagangi á eflingu á flutningskerfi raforku. Sérstaklega þar sem vitað er um fjárfestingar og uppbyggingaráform sem miða við að aukin flutningsgeta til Grundartangasvæðisins verði til staðar þegar árið 2027.

Akraneskaupstaður fagnar áformum um byggingu á Akraneslínu 2, en gerir tillögu um að tímasetning hennar geti komið til endurskoðunar á tímabili áætlunarinnar.

Akranesi 2. júní 2025

Fyrir hönd Akraneskaupstað,

*Haraldur Benediktsson
Bæjarstjóri*



Landsnet
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Reykjavík, 4. júní 2025
E-2025-076/0.11

Efni: **Umsögn um kerfisáætlun Landsnets 2025-2034**

Landsvirkjun hefur kynnt sér drög að kerfisáætlun Landsnets 2025-2034 og þakkar tækifærið til umsagnar. Sérstök áhersla var lögð á skýrsluna „Drög að kerfisáætlun 2025-2034. Langtímaáætlun“ en hér á eftir er samantekt um helstu athugasemdir við núverandi drög hennar.

Landsvirkjun styður almennt aðgerðir sem miða að styrkingu flutningskerfisins. Samtenging landshluta er þjóðhagslega mikilvægt verkefni sem mun færa okkur nær markmiðum stjórnvalda um orkuskipti og styrkja verulega orkuöryggi þjóðarinnar. Styrking flutningskerfisins með hagkvæmum hætti opnar ný græn sóknarfæri fyrir aukna orkuframleiðslu og getur haft jákvæð áhrif á hagvöxt og atvinnulíf s.s. nýja iðngarða, gagnavera og hátækni matvælavinnslu, sem og fiskeldi á landi.

Við styrkingu flutningskerfisins er mikilvægt að horft sé til arðsemi einstakra verkefna og að sá mælikvarði verði notaður til að forgangsraða verkefnum. Mælikvarði um hagkvæmni ætti að vera leiðarstef við val á forgangsverkefnum og myndi leiða til hagkvæmari flutningsgjaldskrár sem er mikilvægur þáttur í að viðhalda alþjóðlegri samkeppnishæfni íslensks raforkumarkaðar og viðunandi orkuöryggi. Landsvirkjun ítrekar fyrri áherslu á að flutningsgjaldskrá taki mið af samkeppnishæfni landsins, þörfum orkuiðnaðar sem og orkusækisins iðnaðar og orkuöryggi. Sérstaklega er mikilvægt að Landsnet beri flutningsgjaldskrá sína saman við samkeppnismarkaði, t.d. á Norðurlöndum, og þá sér í lagi í tengslum við stórnotendur sem nýta stærsta hluta fluttrar raforku á Íslandi. Hætti þeir starfsemi munu flutningsgjöld almennings og annarra notenda að óbreyttu taka stórfelldum hækkunum og verðmætasköpun minnka.

Nánar má kynna sér athugasemdir Landsvirkjunar hér að neðan. Um er að ræða bæði almennar athugasemdir og ábendingar ásamt sértækum athugasemdum við skýrslu um Langtímaáætlun.

Almennar athugasemdir og ábendingar

Gjaldskrá Landsnets

Landsnet áætlar að fjárfestingar næstu 10 árin verði 119 ma.kr. á núverandi verðlagi. Einnig kemur fram að „við mat á lengri tíma ábata sé gengið út frá fjárfestingum sem eru 7,25 ma.kr. á ári umfram afskriftir.“ Væntar fjárfestingar eru um 2,5x bókhaldslegar afskriftir ársins 2024. Fjárfestingarnar munu hækka eignastofn Landsnets verulega og hækka þar með sjálfkrafa tekjuþörf félagsins, ekki nema komi til samsvarandi aukning í fluttu magni um kerfi Landsnets.

Stuðst er við lágsþá raforkuspár Landsnets frá 2024 í kerfisáætlun. Landsvirkjun óskar eftir því að flutt magn í kerfi Landsnets, sem lagt er til grundvallar í umfjölluninni, sé útskýrt mun betur. Skoða þarf endurmat á áhrifum flutts magns eftir þörfum, sérstaklega þar sem „[m]at á virði aukins orkuflutnings er afgerandi þáttur í þjóðhagslegu arðsemismati kerfisáætlunar að þessu sinni og stærsti ábataliðurinn.“ Landsvirkjun hefur af því áhyggjur að miklar fjárfestingar umfram afskriftir, á sama tíma og aukið flutt magn í kerfi Landsnets eykst ekki til samræmis, muni leiða til hækkunar flutningsgjalda.

Samkvæmt framkvæmdaáætlun 2026-2028 koma fram hækkanir á tekjumörkum sem nema 35% fyrir afhendingu til dreifiveitna og 41-42% fyrir afhendingu til stórnotenda (ef allar framkvæmdir ganga eftir sem útlistaðar eru í töflum

í skjalinu). Að öðru óbreyttu myndi þetta verða umtalsverð hækkun á núverandi gjaldskrá og er ekki í samræmi við gjaldskrárbreytingar sem kynntar eru í Langtímaáætlun 2025-2034 fyrir árin 2026-2028 þar sem gjaldskráin er sögð lækka eða standa í stað á tímabilinu. Æskilegt er að Landsnet útskýri betur hvað veldur þessum mun og samræmi framsetningu á forsendum til að fyrirbyggja misskilning á áhrifum kerfisáætlunar á gjaldskrá. Einnig er nauðsynlegt að setja fram með skýrum hætti hversu mikilli aukningu raforkuflutnings Landsnet gerir ráð fyrir samhliða þessum fjárfestingum, auk þess að næmnigreina mismunandi sviðsmyndir fyrir aukningu raforkuflutnings. Þá gæti lesandi áttað sig betur á því hversu háðar gjaldskrárbreytingar eru forsendum um aukinn raforkuflutning.

- Óskað er eftir umfjöllun um hvort þróun raforkunotkunar í samræmi við lágsþá og hægri framþróun orkuskipta (mv. væntingar fyrir nokkrum árum) valdi því að endurskoða þurfi boðaða styrkingu flutningskerfisins? Í þeirri umfjöllun er nauðsynlegt að taka tillit til annarra tilgreindra athugasemda í umsögn þessari, s.s. kostnaði við flutning raforkunnar.
- Óskað er eftir nánari útskýringum um flutt magn í kerfi Landsnets, spá sem liggur til grundvallar og samspili þess við hærri eignastofn og það sett í samhengi við vænt flutningsgjöld.
- Óskað er eftir útskýringum á því hvers vegna gjaldskráin stendur í stað eða lækkar að raungildi í langtímaáætlun meðan tekjumörk eru sögð hækka um 35%-42% fyrir fjárfestingarnar í framkvæmdaáætlun 2026-2028.
- Óskað er eftir næmnigreiningu á áhrifum áætlaðs raforkuflutnings á gjaldskrárbreytingar í langtímaáætlun og framkvæmdaáætlun 2026-2028.

Arðsemi Landsnets

Fjallað er um uppbyggingu tekjumarka en lítið eða ekkert um arðsemiskröfu og aðrar forsendur sem tekjumörkin byggja á. Landsvirkjun hefur í fyrri umsögnum sínum ítrekað fjallað um mikilvægi þess að leyfð arðsemi Landsnets verði endurskoðuð til lækkunar. Í fyrri kerfisáætlun hefur verið boðað að arðsemiskrafa Landsnets myndi lækka yfir tíma, en í nýjustu áætlun er ekki að finna neina slíka umfjöllun. Arðsemisþátturinn hefur vegið um 40-48% í tekjumörkum vegna stórnotenda undanfarin ár svo áhrif hans á gjaldskrárverð eru veruleg.

Uppgjör Landsnets síðustu ár hefur verið sterkt og arðsemi með miklum ágætum. Arðgreiðslur Landsnets hafa stóraukist og námu USD 24m árið 2022, USD 26m árið 2023 og USD 13m árið 2024. Engin haldbær rök eru fyrir því að tekjumörk Landsnets þurfi að miðast við það háa arðsemi að félagið geti áfram greitt eiganda sínum svo riflegan arð. Með íslenska ríkið sem eiganda er viðbúið að ágæt lánskjör Landsnets batni sem hefði jákvæð áhrif á arðsemi félagsins. Bætt lánskjör ættu að leiða til þess að þáttur lánsvaxta í leyfðri arðsemi Landsnets lækki með tilheyrandi lækkun flutningsgjaldskrá.

Landsvirkjun hvetur til þess að leyfð arðsemi Landsnets verði endurskoðuð sem gæfi tilefni til lækkunar á gjaldskrá að öðru óbreyttu. Það er ekki í anda raforkulaga að félag í sérleyfisstarfsemi með tryggar tekjur greiði eiganda sínum riflegan arð á sama tíma og félagið er í stórfelldum fjárfestingum næstu ár og áratugi. Eðlilegra væri að gjaldskrá slíks fyrirtækis miðaðist við að standa straum af daglegum rekstri og fjárfestingum, samhliða því að skila hóflegri arðsemi.

- Óskað er eftir því að Landsnet útskýri betur arðsemi fyrirtækisins og áhrif arðsemi á flutningsgjöld notenda. Þessi útskýring er mikilvægur liður í að byggja upp þjóðhagslega hagkvæmt raforkukerfi þar sem arðsemin er 40-48% af tekjumörkum á undanförunum árum.

Samkeppnishæfni Íslands

Landsvirkjun telur mikilvægt að Landsnet horfi til flutningskostnaðar í alþjóðlegu samhengi, enda keppa Ísland og íslensku orkufyrirtækin á alþjóðlegum markaði í sölu á raforku til stórnotenda. Stórnotendur hérlandis mynda stærsta hluti notkunar kerfisins og eðli starfsemi þeirra er að þeir skapa háa nýtingu á þeim innviðum sem nýttir eru. Flest þessara fyrirtækja eru með starfsemi erlendis, sum í mörgum löndum. Það er því gríðarlega mikilvægt að Landsnet beri flutningsgjaldskrá sína saman við samkeppnismarkaði.

Í kerfisáætlun eru miklar fjárfestingar framundan sem fara beint til hækkunar á eignastofni án þess að aukning í fluttu magni raforku fylgi til samræmis við aukningu í fjárfestingu. Kostnaður af þessum fjárfestingum mun því leggjast af fullum þunga á núverandi stórnotendur sem væru þá að niðurgreiða fjárfestingar í flutningskerfinu fyrir framtíðarnotendur.

Mikilvægt er að líta til samkeppnishæfni Íslands í orkuverði og flutningi í samhengi við spá um flutt orkumagn. Ef Ísland er ekki samkeppnishæft alþjóðlega í orkuverði og flutningi raforkunnar mun ekki vera mikill vöxtur í raforkunotkun héraðs. Ný framleiðsla eins og t.d. rafeldsneytisvinnsla mun ekki byggjast upp héraðs ef Ísland er ósamkeppnishæft alþjóðlega.

- Landsvirkjun óskar eftir því að Landsnet birti greiningu á flutningskostnaði í kerfi sínu í samanburði við erlendar gjaldskrár flutningsfyrirtækja, sérstaklega á Norðurlöndunum og notist við nýleg gögn. Með slíkum samanburði má sjá hvernig samkeppnishæfi Íslands er fyrir raforkunotendur samanborið við önnur lönd. Eðlilegt er að Landsnet birti slíkan samanburð til að styðja sínar fullyrðingar um samkeppnishæfni Íslands.

Landsnet meti arðsemi framkvæmda til að ná hagkvæmni

Í framkvæmdaáætlun koma fram fjölmörg verkefni og lýsing á þeim. Landsvirkjun telur eðlilegt að Landsnet reikni arðsemi einstakra verkefna, stórra sem smárra, og noti þann mælikvarða til þess að forgangsraða verkefnum sínum. Mælikvarði um hagkvæmni ætti að vera leiðarstef við val á forgangsverkefnum og myndi leiða til hagkvæmrar flutningsgjaldskrár. Mikilvægt er að Landsnet skoði einnig aðra ódýrari kosti en stórtækar fjárfestingar í flutningskerfinu sem gætu aukið stöðugleika í flutningskerfinu.

Raunar er það svo að í 8. gr. reglugerðar nr. 870/2016 um kerfisáætlun er fjallað um markmið um hagkvæmni í kerfisáætlun. Þar kemur fram „Einnig skal taka fram hver arðsemi eigin fjár framkvæmdar og arðsemi heildarfjármagns framkvæmdar er.“ Landsvirkjun telur eðlilegt að Landsnet framfylgi þessari grein reglugerðarinnar og styðjist við niðurstöðurnar við forgangsroðun verkefna.

- Landsvirkjun óskar eftir að Landsnet meti hagkvæmni einstakra framkvæmda með kostnaðar og ábatagreiningu og nýti slíkt mat við forgangsroðun verkefna.

Aðrar athugasemdir Landsvirkjunar við ýmis atriði í Kerfisáætlun

Kafli 5.1 Flutningstakmarkanir

Um Snið IIIB skrifar Landsnet: „Um árábil hafa flutningstakmarkanir og óstöðugleiki verið vandamál í rekstri byggðalínunnar og hafa skerðingar á orkuafhengingu aukist ár frá ári“

Landsvirkjun telur að þessi setning að ofan sé ekki skýr og enn fremur að umfjöllun um áhrif vanti. Ef átt er við að hluti af orkuskerðingum stórnotenda hefðu ekki þurft að eiga sér stað ef tenging væri betri milli suðurs og norðurs tekur Landsvirkjun undir það – en bendir á að þau skilaboð mættu gjarnan vera betur orðuð með skýrleika í huga. Landsvirkjun bendir einnig á að umfjöllun Landsnets þyrfti jafnframt að fela í sér að vegna sniðsins hefur þurft að takmarka vinnslu í stöðvum Landsvirkjunar norðan Sniðs IIIB. Undanfarin ár hefur Þórisvatn ekki náð fyllingu á meðan Blanda og Fljótsdalur hafa farið á yfirfall í nær öllum árum. Hluti þessa yfirfalls er vegna sniðsins og er töpuð orka á bilinu 100 – 500 GWh á ári. Það væri flestum fyrirtækjum mjög þungbært að missa tekjur af slíku orkumagni en Landsvirkjun hefur eitt orkufyrirtækja verið skert á þennan hátt.

- Óskað er eftir að Landsnet undirstriki betur og taki fram óhagræði og kostnað Landsvirkjunar vegna Sniðs IIIB.

Kafli 5.3 Takmarkandi þættir fyrir þróun flutningskerfisins

Í kaflanum kemur fram umfjöllun um það óskilvirka og hæga ferli sem einkennt hefur skipulags- og leyfisveitingarferli framkvæmda við uppbyggingu flutningskerfis. Bent er á að heildaráhrif þess séu að áætlanir um uppbyggingu standist ekki og hamli það bæði hagrænni þróun og orkuöryggi. Í kaflanum er enn fremur áréttuð sú skoðun Landsnets að flutningskerfið allt séu mikilvægir innviðir og að vissar framkvæmdir sem gegni lykilhlutverki í samtengingu

landsvæða ætti að líta á sem þjóðhagslega mikilvæga innviði. Tryggja ætti að þær framkvæmdir gangi greiðlega fyrir sig.

Landsvirkjun er sammála því að jákvætt væri að stytta og einfalda skipulags- og leyfisveitingarferli við uppbyggingu flutningskerfisins og að stjórnvöld leiti leiða til þess að veita mikilvægum framkvæmdum skjótari framgang.

Kafli 6.1 – Þróun notkunar og framleiðslu

Orkuskipti hafa gengið hægar fyrir sig en vænst var fyrir nokkrum árum. Fyrir því eru margvíslegar ástæður, m.a. að kostnaður græns vetnis og rafeldsneytis er, enn sem komið er, hár samanborið við jarðefnaeldsneyti og aðra valkosti til orkuskipta. Landsvirkjun hefur birt stefnu sína um rafeldsneytisframleiðslu þar sem fram kemur að fyrirtækið sjái grænt vetni og rafeldsneyti ekki koma til með að leika stórt hlutverk í innlendum orkuskiptum á næstu árum, þótt það gæti breyst til lengri tíma lítið. Brýnt er að fjárfestingar í flutningskerfinu haldist í hendur við flutt orkumagn í kerfi Landsnets til að halda flutningsgjaldskrá lágrí og stöðugri.

Samkeppnishæfni Íslands hvað varðar orkuverð og flutning hefur áhrif á vöxt raforkunotkunar á Íslandi. Í því samhengi má nefna nýja starfsemi, s.s. rafeldsneytisvinnslu. Ef Ísland er ósamkeppnishæft í orkuverði og flutningi raforkunnar mun slík ný starfsemi ekki byggjast upp hérlandis og eðlilegt væri að slík möguleg þróun hefði áhrif á áform um uppbyggingu flutningskerfisins.

- Óskað er eftir umfjöllun um hvort hægari orkuskipti en væntingar stóðu til fyrir nokkrum árum hafi leitt til þess að þörf fyrir uppbyggingu flutningskerfisins hafi breyst?
- Óskað er eftir umfjöllun um hvernig hægari orkuskipti m.v. fyrri væntingar hafi áhrif á forgangsroðun verkefna hjá Landsneti með það að markmiði að fjárfestingar haldist í hendur við flutt orkumagn?

Kafli 6.2 Þróun viðskiptaumhverfis

Landsvirkjun tekur undir að virkir raforkumarkaðir skapi forsendur fyrir margs konar verðmætasköpun og nýsköpun. Langtíma- sem og skammtíamarkaðir hafa sinn sess hérlandis og veita báðir markaðir, og aðrir, mikilvæg verðmerki til hagaðila og undirbyggja ákvarðanir þeirra, hvort sem er til nýrra virkjana eða notkunar orkunnar hverju sinni. Horfa verður til þess að markaðsumhverfið henti eiginleikum íslenska raforkukerfisins og notendum þess og þar hafa langtíamarkaðir verið fyrirferðamestir hingað til.

Einnig verður að horfa til hagkvæmra orkukosta og hagkvæms flutningskerfis. Í þessu samhengi er vert að minna á að alþjóðleg samkeppnishæfni Íslands liggur fyrst og fremst í að þróa kosti í vatnsaflí, jarðvarma og vindi á landi. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum t.d. Orkustofnunar er sólarorka dýrari en aðrir valkostir á Íslandi. Í alþjóðlegri samkeppni er sólarorka hérlandis ósamkeppnishæf. Vandséð er að sólarorka muni á næstu árum valda ójafnvægi sem krefjist mikilla viðbragða flutningskerfisins. Greining á líklegri framþróun sólarorku á Íslandi myndi varpa skýrara ljósi á þróun til framtíðar.

- Óskað er eftir svari hvort Landsnet muni gera greiningu á mögulegri þróun sólarorku á Íslandi og viðbragða sem hún getur krafist?

Kafli 6.4 Rannsóknarverkefni um flutningskerfi framtíðar

Landsvirkjun fagnar áherslu Landsnets á flutningskerfi framtíðar þar sem rekstrarhæfni, tæknilausnir og fjárfestingar eru í brennidepli. Í takt við stefnu Landsnets um að viðskiptavinurinn sé er forgangi er mikilvægt að haft sé samráð um verkefnið til að tryggja að öll sjónarmið komi fram og skili auknu virði til framtíðar. Lagt er til að Landsnet kynni betur markmið verkefnisins og veiti viðskiptavinum tækifæri til aðkomu að verkefninu. Landsvirkjun hefur tekið þátt í þróun nýrra lausna tengdum kerfisþjónustu í samvinnu við Landsnet, hraðvirkar stýringar véla sem hafa skilað aukinni flutningsgetu og bættu öryggi. Mikilvægt er að greina framtíðarþörf kerfisþjónustu og byrja að bjóða út þá kerfisþjónustupætti sem skila bættri nýtni og auknu rekstraröryggi. Mikilvægt er að vindorka og tenging hennar komi ekki til með að valda tíðari truflunum í raforkukerfinu.

- Óskað er eftir svari hvort Landsnet hyggist kynna markmið og framvindu rannsóknarverkefnisins um flutningskerfi framtíðar fyrir sínum viðskiptavinum t.d. á opnum fundi/vinnustofu og gefa þeim tækifæri til að koma með hugmyndir/endurgjöf ?

Kafli 7 Öryggi

Ljós er að uppbygging flutningskerfisins tekur tíma og verður rekstur raforkukerfisins krefjandi á næstu árum þar til búið er að ná að byggja upp kerfið. Þá sýna nýlegar truflanir, t.d. 2. október 2024, að þörf er aukinni áherslu á virkum áhættustýringum til að lágmarka áhrif truflana. Lagt er til að setja af stað vinnuhópa til að yfirfara virkni reglunar, varnarbúnaðar og kerfisuppskiptingar til að tryggja áfallþol kerfisins. Mikilvægt er að viðeigandi kerfisvarnir og hraðvirkar stýringar séu ávallt í endurskoðun með þátttöku aðila á markaði, þ.e.a.s. að bjóða út sértæka kerfisþjónustu bæði tengdri framleiðslu og álagi.

Kafli 7.1 Orkuöryggi

Landsvirkjun hrósar góðum árangri Landsnets á stuttum tíma hvað varðar greiningu og upplýsingar um kerfisjöfnuð. Aukið viðhald og uppbygging á næstu árum kallar á góða samræmingu í rekstri. Miklar tilfærslur hafa verið á verkum á ársáætlun sem veldur því að áhættustýring verður flóknari og eykur líkur á mistökum.

Kafli 7.2 Afhendingaröryggi

Frammistöðuskýrsla Landsnets gefur góða mynd af lykilþáttum tengdum afhendingaröryggi. Mikilvægt er að framkvæma áhættugreiningar fyrir heildarkerfið og hafa virkar áhættustýringar til að minnka áhættu í kerfisrekstri. Viðbótarupplýsingar tengdar þróun rekstraráhættu, t.d. í frammistöðuskýrslu, myndu skila miklu virði fyrir aðila á markaði.

Kafli 7.3 Rekstraröryggi

Landsvirkjun fagnar áherslu á þátt launafls á rekstraröryggi í þessari kerfisáætlun. Til að tryggja spennugæði og stöðugleika er mikilvægt að aflvélar hafi rými til reglunar. Það má tryggja m.a. viðeigandi útjöfnun launafls í flutningskerfinu. Mikilvægt er að Landsnet skilgreini mælikvarða launafls til að tryggja viðeigandi spennugæði og stöðugleika kerfisins á öllum svæðum þess.

- Óskað er eftir svörum hvort Landsnet vinni að þróun nýrrar eða breyttrar kerfisþjónustu til að auka öryggi kerfisins í dag og til framtíðar, sem boðin verður út á næstunni?
- Óskað er eftir svörum hvort Landsnet muni kynna stöðu launaflsútgjafunnar niður á svæði í kerfinu og setja sér skýr markmið sem eru sýnileg t.d. í frammistöðuskýrslu Landsnets?
- Óskað er eftir svörum hvernig Landsnet ætli að lágmarka færslur á framkvæmdaverkum og bæta ársáætlun m.t.t. fyrirsjáanleika fyrir aðila á markaði?
- Óskað er eftir svari hvort Landsnet muni framkvæma reglubundnar áhættugreiningar m.t.t. þróunar kerfisins og hvort virkar áhættustýringar séu fyrir hendi sem eru sýnilegar aðilum á markaði?

Kafli 8 – Samkeppnishæfni

Landsvirkjun telur mikilvægt að horft sé til þess kostnaðar sem muni leggjast á notendur flutningskerfisins á sama tíma og farið er í margvíslegar framkvæmdir. Horfa þarf til þess að stórnotendur starfa á alþjóðlegum markaði en flutningskostnaður er einn af þeim þáttum sem mynda samkeppnishæfni Íslands í alþjóðlegu samhengi.

Til þess að atvinnuuppbygging, byggðaðþróun, hagvöxtur og sjálfbærni blómstri þurfa aðstæður hérlandis að vera sem hagfelldastar. Undir hagfelldar aðstæður fellur samkeppnishæfur flutningskostnaður, m.a. í alþjóðlegu samhengi, enda nota stórnotendur stóran hluta raforkunnar hérlandis. Flutningskostnaður getur orðið svo hár að hann komi í veg fyrir að stórnotendur komi hingað til lands, eða þá að stórnotendur hérlandis, sem eru einnig með starfsemi erlendis, kjósi að beina umsvifum á aðrar starfsstöðvar utan Íslands.

Tengigjöld geta einnig komið í veg fyrir nýjar fjárfestingar í virkjunum. Í þriðja kafla framkvæmdaáætlunar er umfjöllun um kerfisframlag. Aðferðafræði kerfisframlags samkvæmt netmálum Landsnets gerir ráð fyrir fyrirframgreiðslu á fjárfestingarkostnaði og rekstrarkostnaði sem getur verið talsvert hærri en bein fjárfesting Landsnets í tengivirkinu. Í stað þess að dreifa kostnaðinum af fjárfestingunni og rekstrinum yfir líftíma verkefnisins

eins og tekjumörkin gera ráð fyrir er verið að búa til viðbótarkostnað sem virkar mjög letjandi fyrir nýfjárfestingar í raforkuvinnslu á Íslandi. Sem dæmi er fyrirframgreiðsla kerfisframlags fyrir Vaðölduver 2,6 milljarðar fyrir tengivirki sem kostar Landsnet 2,3 milljarða króna og fyrirframgreiðsla kerfisframlags fyrir Hvalárlínu (valkostur 2) 6,7 milljarðar fyrir tengivirki sem kostar Landsnet 5,1 milljarða króna¹.

Þannig getur hár flutnings- og tengikostnaður haldið aftur af atvinnuuppbyggingu og verðmætasköpun. Samkeppnishæfni Íslands þarf að skoða í þessu ljósi og mikilvægt að Landsnet greini og skýri frá flutningskostnaði fyrirtækisins í alþjóðlegum samanburði. Í slíkum samanburði ætti að forgangsraða nágrannalöndum sem eru helstu samkeppnismarkaðir Íslands.

Í raforkulögum kemur fram að markmið laganna sé að „stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og efla þannig byggð í landinu.“ Í þessu samhengi verður að íhuga kostnað við uppbyggingu og rekstur flutningskerfisins. Mikilvægt er að hafa flutningskostnað sem allra lægstan en á sama tíma að mæta kröfum samfélagsins. Of hár kostnaður við flutning raforkunnar getur verið merki um þjóðhagslega óhagkvæmni (m.a. vegna arðsemiskröfu Landsnets) og haldið aftur af atvinnuuppbyggingu.

Víða erlendis eru lönd með sérstaka áherslu á samkeppnishæfni sína og þá oft í tengslum við orkuvinnslu, flutning raforku og iðnaðarstarfsemi. Keppikefli annarra þjóða er að vera með sem allra skilvirkast orkukerfi og þannig byggt undir atvinnustarfsemi í alþjóðlegri samkeppni. Vel færi á því að Landsnet útskýrði hvernig fyrirtækið sér flutningskerfið og flutningskostnað, í samhengi við önnur nálæg kerfi.

- Óskað er eftir svari um hver sé stefna Landsnets þegar litið er til hagkvæmni flutningskerfisins í alþjóðlegum samanburði?
- Óskað er eftir svari um hvernig Landsnet sjái fyrir sér að nálgast önnur samkeppnislönd í flutningskostnaði? Hefur Landsnet sett sér markmið um að vera hagkvæmasta flutningsfyrirtækið á Norðurlöndunum?
- Óskað er eftir því að Landsnet framkvæmi alþjóðlega samanburðargreiningu á hagkvæmni flutningskerfis Landsnets í samanburði við önnur nálæg lönd og samkeppnismarkaði til að sýna fram á samkeppnishæfni flutningskerfisins
- Óskað er eftir rökstuðningi hvers vegna kerfisframlag sé miklu hærra en kostnaður flutningsmannvirkja vegna tengingu Vaðölduvers og Hvalárvirkjunar?

Kaflí 10 – Langtímaþróun meginflutningskerfisins

Kaflar 10.5 – 10.6

Landsnet skrifar að „Góður mælikvarði á breytileika í raforkukerfinu er staðalfrávik“. Landsvirkjun er ósammála því að þessi umfjöllun gefi góða sýn af breytileika í raforkukerfinu til framtíðar. Einungis staðalfrávik er sýnt, en ekki önnur tölfræði, eins og meðalflutningur. Lína sem með tímanum verður fulllestuð í auknum mæli, fær lægra staðalfrávik.

Ef tilgangurinn er hins vegar er að sýna fram á áhrif breytilegra orkugjafa vill Landsvirkjun benda á að framleiðsla raforku er á nær öllum tímum á forsendum þarfa notenda. Ef ekki er breytileg notkun hjá þeim, þá er ekki heldur breytileg heildarvinnsla né heldur breytilegir heildarflutningar. Ef Landsnet gerir ráð fyrir breytilegum notendum þyrfti það að koma fram til að hægt sé að átta sig á þessari nokkuð löngu yfirferð. Eins er tímabilið sem hér er skoðað það langt að miklar breytingar verða í flutningsinnviðum og vinnslu, þ.m.t. að lína sem uppfærð er frá 132 kV í 220 kV flyst frá einu grafi yfir á annað. Mjög erfitt eða ómögulegt er því fyrir lesanda að átta sig á því hvað þessar niðurstöður eiga að leiða í ljós.

¹ Til viðbótar má nefna að hvergi liggur fyrir aðferðafræði sem kemur í veg fyrir að fjárfesting Landsnets í þessum tengivirkjum þar sem er fyrirframgreitt kerfisframlag, rati ekki líka í tekjumörkin sem gerir Landsneti kleift að innheimta aftur rekstrarkostnað og tekjur af fjárfestingunni gegnum tekjumörkin, með tilheyrandi hækkun á gjaldskrá. Landsnet hefur þegar fengið greitt fyrir allan kostnað vegna þessara tengivirkja og því óeðlilegt að Landsnet hljóti viðbótartekjur af þessum eignum á líftíma þeirra.

Einnig er bent á að ártöl vantar á x-ás mynda 10-8 og neðar. Bent er á að á mynd 10-9 gæti verið betra fyrir lesandann að hafa allar línur á einu grafi, með mismunandi litum (ártöl vantar).

Á myndum 10-12 og 10-13 er sýnd afhendingargeta afhendingarstaða í dag og svo eftir 10 ár. Afhendingargeta á hverjum stað er háð staðsetningu orkuframleiðslu. Til dæmis er ekki hægt að afhenda í dag orkuvinnslu af Norðurlandi á Suðurland, eins og túlka mætti mynd 10-12.

- Landsvirkjun telur mikilvægt að forsendur séu settar fram fyrir flutningum, þá sérstaklega hvar notkun og vinnsla eykst miðað við núverandi kerfi. Lesandi getur ekki tekið afstöðu til sviðsmyndar þar sem flutningur eykst mikið um tiltekna línu ef hann veit ekki hvað drifur þessa auknu flutninga.

Kaflí 11 - Langtímaáætlun - styrkingar í flutningskerfinu fram til 2035

11.2 Framkvæmdir til næstu 10 ára

Gert er ráð fyrir á langtímaáætlun 2032 til 2034 að fara í framkvæmdir við að auka flutningsgetu Hrauneyjafosslínu 1. Með núverandi T- tengingu Búðarhálsstöðvar inn á Hrauneyjafosslínu 1, er sú framkvæmd ekki gerð öðruvísi en að Búðarhálsstöð sé úr rekstri á meðan.

- Landsvirkjun telur það óásættanlegt og gerir því kröfu um að Búðarhálsstöð verði tengd inn á fyrirhugað tengivirki við Vaðöldu, áður en framkvæmdir við Hrauneyjafosslínu 1 hefjast. Óskað er eftir viðbrögðum Landsnets við þessu.

Kaflí 12 - Langtímaþróun flutningskerfisins eftir landshlutum

12.2.3 Endurnýjunar- og uppbyggingarverkefni á Vesturlandi

Með tilkomu Holtavörðuheiðarlína 1 og 3 skiptir Hrutatungulína 1 um hlutverk og mun í auknum mæli þjónusta Vesturland, Vestfirði og Norðurland vestra. Einnig hefur verið til skoðunar að tvítengja Akranes á 132 kV með nýrri línu milli Akraness og Hvalfjarðar og með endurnýjun Vatnshamralínu 2 sem 132 kV línu, án þess þó að tímasetning liggi fyrir. Þessar nýju línur myndu taka við hlutverki Vatnshamralínu 1 en að mestu leyti þjóna svæðisbundna flutningskerfinu, þar sem Holtavörðuheiðarlína 1 mun bera meginflutning raforku milli landssvæða.

- Í drögum að langtímaáætlun kerfisáætlunar eru Holtavörðuheiðarlínur 1 og 3 settar á framkvæmdaáætlun 2026 – 2028. Miðað við fyrri reynslu af leyfisveitingum vegna nýrra 220 kV línuverkefna telur Landsvirkjun líkur á að sú áætlun muni ekki standast. Óskað er eftir svari Landsnets hvort áætlað sé að þessi tímaáætlun muni standast?
- Óskað er eftir upplýsingum um hvernig flutningstakmarkanir um snið IIIb breytast eftir að tenging frá Akureyri til Grundartanga í gegnum Blöndu verður kláruð.

12.4.3 Endurnýjunar- og uppbyggingarverkefni á Norðurlandi

Í norðvesturhlutanum eru helstu framkvæmdaverk bygging nýrra 220 kV lína frá Akureyri í Blöndu, Blöndulína 3 og frá Blöndu í Holtavörðuheiði, Holtavörðuheiðarlína 3.

- Í drögum að langtímaáætlun kerfisáætlunar eru Blöndulína 3 ásamt Holtavörðuheiðarlínum 1 & 3 settar á framkvæmdaáætlun 2026 – 2028. Miðað við fyrri reynslu af leyfisveitingum vegna nýrra 220 kV línuverkefna telur Landsvirkjun líkur á að áætlunin muni ekki standast. Óskað er eftir svari Landsnet hvort áætlað sé að þessi tímasetning muni standast?

12.5.3 Endurnýjunar- og uppbyggingarverkefni á Austurlandi

Eitt af helstu framkvæmdaverkum næstu ára er áðurnefnd bygging 220 kV tengivirkis á Hryggstekk sem þegar er hafin. Með uppfærslu í 220 kV og tengingu við Fljótsdalslínur 3 og 4 mun Austurland lenda inn fyrir áhrifasvæði sniðs IIIB og þannig draga úr mikilvægi Fljótsdalslínu 2 og bæta bæði afhendingargetu og öryggi kerfisins á svæðinu.

Helstu áherslur í framkvæmdaáætlun eru að færa Austurland inn fyrir þekktan flöskuháls í flutningskerfinu með framkvæmdum sem miða að því að tengja Hryggstekk við 220 kV kerfið.

Landsvirkjun endurtekur athugasemd sína við fyrri kerfisáætlun Landsnets 2023 – 2032 um að tenging Hryggstekks inn á Fljótsdalslínu 3 og Fljótsdalslínu 4 auki líkurnar á að svæðisbundin truflun á Austurlandi hefði neikvæð áhrif á rekstur Fljótsdalsstöðvar og álvers Alcoa á Reyðarfirði. Í stærri rekstrartruflunum í raforkukerfinu hefur kerskáli álvers Alcoa ásamt Fljótsdalsstöð verið rekinn í eyjarekstri í gegnum Fljótsdalslínu 4.

- Óskað er eftir svari um hvaða ráðstafanir komi fram í kerfisáætlun til að tryggja öruggan samrekstur Fljótsdalsstöðvar og álversins á Reyðarfirði?
- Óskað er eftir svari hvort Landsnet hafi skoðað þann möguleika að tengja Hryggstekk eingöngu inn á aðra hvora 220 kV Fljótsdalslínuna til að eiga möguleika á eyjarekstri álversins og Fljótsdalsstöðvar?

12.6.1 Flutningskerfið á Suðurlandi

Helstu veikleikar:

- Tengivirki Sigöldu
- Spennir 4 í Sigöldu
- Tenging Búðarhálslínu 1
- Hrauneyjafosslína 1

Aukin orkuvinnsla á svæðinu mun þó kalla á styrkingar á flutningskerfinu á Þjórsár- og Tungnaáarsvæðinu. Má þar helst nefna uppfærslu á Hrauneyjafosslínu 1 sem þarf að ráðast í á næstu árum sem og bætta tengingu Búðarhálsvirkjunar, sem í dag er T-tengd við Hrauneyjafosslínu 1.

12.6.3 Endurnýjunar- og uppbyggingarverkefni á Suðurlandi

Við Vaðöldu standa yfir framkvæmdir við nýjan tengipunkt í kerfinu sem hlotið hefur nafnið Ferjufit. Tilgangur hans er að tengja nýtt vindorkuver, Vaðölduver, sem staðsett verður ofan Búrfells í Rangárþingi ytra. Vaðölduver er fyrsti stóri vindlundur sem byggður er á Íslandi og er áætlað að uppsett afl hans verði 120 MW. Einnig er í undirbúningi bygging nýs tengivirkis við Þjórsá í tengslum við byggingu Hvammsvirkjunar. Tengivirkið verður staðsett austan megin Þjórsár, nálægt stöðvarhúsi virkjunarinnar og mun til framtíðar einnig þjóna sem önnur af tveimur aðaltengingum austari hluta Suðurlandskerfisins við meginflutningskerfið.

Þó svo tenging Búðarhálslínu 1 inn á flutningskerfið sé talin upp sem einn af veikleikum flutningskerfisins á Suðurlandi, er ekki að sjá að úrbætur séu á döfinni hvað það varðar. Hins vegar er gert ráð fyrir á langtímaáætlun árin 2032 til 2034 að fara í framkvæmdir við að auka flutningsgetu Hrauneyjafosslínu 1. Með núverandi T- tengingu Búðarhálsstöðvar inn á Hrauneyjafosslínu 1, er sú framkvæmd ekki gerð öðruvísi en að Búðarhálsstöð sé úr rekstri á meðan.

- Landsvirkjun telur það ekki ásættanlegt og gerir kröfu um að Búðarhálsstöð verði tengd inn á fyrirhugað tengivirki við Vaðöldu, áður en framkvæmdir við Hrauneyjafosslínu 1 hefjast. Óskað er eftir viðbrögðum Landsnets.

Kaflí 13 – Þjóðhagsleg áhrif kerfisáætlunar

Á ársfundi Landsnets 2025 kom fram að fyrirtækið hyggist verja um 200 milljörðum króna í uppbyggingu flutningskerfisins á næstu 10 árum. Í kerfisáætlun er að finna eftirfarandi texta:

„Áætlaðar fjárfestingar í kerfisáætlun nema að núvirði 119 milljörðum króna á næstu 10 árum. Við mat á lengri tíma ábata er gengið út frá fjárfestingum upp á 7,25 ma.kr. á ári umfram afskriftir. Meiri óvissa er um þær forsendur sem gilda fyrir árin 2035-2050 þar sem tímasetningar eru óljósar og kostnaðarmat á frumstigi“.

Í viðtali á RUV er haft eftir Svandísi Hlín Karlsdóttur, framkvæmdastjóra hjá Landsneti, að fyrirtækið muni framkvæma fyrir 120 milljarða króna á næstu þremur árum.

Í öðrum kafla langtímaáætlunar kemur fram að innviðaskuld sé 86 milljarðar króna. Óljóst er hvort eða að hve miklu leyti sú fjárhæð er innifalin í öðrum fyrirhuguðum fjárfestingum Landsnets.

- Hér er mikill munur á framsetningu talna. Mikilvægt er að Landsnet tali einu máli um þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru. Landsvirkjun óskar eftir að Landsnet staðfesti formlega hvaða fjárfestingar er ætlað að fara í á næstu árum, til ársins 2034, og hvaða fjárhæðir eru þar á bak við. Óskað er eftir sundurliðun fyrir hvert ár.

Fram kemur í texta að áætlaður heildarábati er allt frá því að vera neikvæður um 35 ma.kr. í einni sviðsmynd. Á mynd 13.2 er hins vegar ekki að sjá neina neikvæða niðurstöðu í sviðsmyndum. Brýnt er að skýra þetta misræmi. Neikvæð niðurstaða í sviðsmynd gefur tilefni til að endurskoða uppbyggingaráformin.

- Óskað er eftir útskýringum á misræmi í texta og mynd 13.2.

Landsnet leggur fram tölur um kostnað og ábata fram til ársins 2034 fyrir 3 sviðsmyndir. Þar er kostnaður miðaður við 120 milljarða til ársins 2034. Ábati er sýndur en ekki hvernig hann er metinn. Þá er í sömu töflu sýndur endurgreiðslutími í árum fyrir þessar 3 sviðsmyndir.

- Óskað er eftir svari hvernig sé ábatinn reiknaður og hvaða forsendur eru á bak við þessa framsetningu?
- Enn fremur er óskað eftir útskýringu á arðsemiskröfu í þjóðhagslega matinu
- Óskað er eftir útskýringum hvað sé átt við með endurgreiðslutíma í árum? Er það sama hugtak og notað er í hefðbundnum viðskiptamódelum, á ensku „payback“? Ef svo er, hefur Landsnet reiknað út arðsemi þessara fjárfestinga og ef svo er hver er hún eða við hvað er miðað?

13.1 – Virði aukins orkuflutnings

Í kaflanum kemur fram að „[m]ikilvægasti ábati styrkingar flutningskerfisins er að með því að styrkja flutningskerfið stóreykst raforkuflutningur og afhending raforku.“ Eins og áður hefur verið vikið að í þessari umsögn þarf að huga að kostnaði. Ef kostnaður við styrkingu flutningskerfisins leiðir til hás kostnaðar við flutning raforkunnar í alþjóðlegu samhengi mun samkeppnisstaða Íslands versna. Stórnotendur gætu t.d. leitað annað með sína starfsemi, eða nýta ekki framleiðslugetu sína með sem hagkvæmustum hætti. Fyrst og fremst þarf að ráðast í hagkvæmar styrkingar flutningskerfisins og huga að samkeppnishæfni Íslands og atvinnulífs hvað flutningskostnað varðar.

Á mynd 13.1 kemur fram heildarflutningur. Þar kemur fram að fyrir árið 2025 er heildarflutningur sem nemur um 21-22 TWh. Í fimmta kafla kerfisáætlunar kemur fram að á árinu 2024 hafi um 18,3 TWh farið um kerfi Landsnets. Vandséð er að 21-22 TWh fari um kerfi Landsnets ári síðar. Hér þarf að skýra betur hvernig upphafspunktur á mynd 13.1 er fenginn.

Í kafla 6 kemur fram að lágspá sé lögð til grundvallar í útreikningum. Í spánni kemur fram öll raforkunotkun, hvort sem hún fer um flutningskerfið eða t.d. beint inn á dreifikerfin. Skýra þarf hvort heildarflutningur sé réttnefni á mynd 13.1. Ef litið er á mynd 13.1 virðist sem heildarflutningur sé of hár miðað við útgefna raforkuspá Landsnets frá árinu 2024. Þá er ekki samræmi í því sem fram kemur í kafla 6 þar sem fram kemur að lægsta viðmið heildareftirspurnar sé 33 TWh árið 2050.

Landsvirkjun telur mjög mikilvægt að fá skýr svör við athugasemdum þessum um upphafspunktinn og spána sem liggur til grundvallar, sérstaklega í ljósi þess að „mat á virði aukins orkuflutnings er afgerandi þáttur í þjóðhagslegu arðsemismati kerfisáætlunar“, eins og fram kemur fyrir í kafla 13. Ef notast er við meiri raforkunotkun í útreikningum á þjóðhagslegu mati og t.d. áhrifum á gjaldskrá en lýst í fimmta kafla þá mun það hafa veruleg áhrif.

- Óskað er skýringa á fluttu orkumagni í kerfi Landsnets sem lagt er til grundvallar og afstöðu Landsnets hvort endurmeta þurfi þróun flutningsgjalda miðað við forsendur um flutt magn.

Hvergi í kerfisáætlun er minnst á kostnaðaraðhald eða hagræðingarkröfu í rekstri. Mikilvægt er að gæta þess að mat á þjóðhagslegum ábata sé ekki notað til að réttlæta óhóflegan kostnað við fjárfestingar og rekstur kerfisins. Gjaldskrárþróun undir almennri verðlagsþróun er ekki nægilegur rökstuðningur til að halda því fram að flutningskerfið hafi verið byggt upp, eða muni vera byggt upp, með hagkvæmum hætti. Æskilegt væri að íslenska þjóðin fengi sem mesta hlutdeild í þjóðhagslegum ábata sem til staðar er vegna fjárfestinga og rekstur flutningskerfisins með lágri flutningsgjaldskrá, en ekki að Landsnet taki ábatann allan til sín gegnum lítið kostnaðaraðhald eða engri hagræðingu í rekstri sem leiðir til hærri gjaldskrár en nauðsynlegt er.

- Landsvirkjun óskar eftir umfjöllun um hagræðingu og aukna skilvirkni í flutningi sem muni leiða til lægri flutningsgjaldskrár.

Mikilvægt er að reikna hagkvæmni einstakra framkvæmda og nota þá niðurstöðu sem leiðarstef í forgangsörðun verkefna. Heildstætt mat á öllum framkvæmdum í því þjóðhagslega mati sem lagt er fram í kafla 13 er ekki nægilegt þar sem það segir ekki til um hagkvæmasta val framkvæmda til að ná markmiðum.

- Landsvirkjun ítrekar fyrri athugasemd sína um að mikilvægt sé að mat á hagkvæmni einstakra framkvæmda fari fram og það notað við forgangsörðun verkefna.

Kaflí 14 – Styrking flutningskerfis eykur samkeppnishæfni þjóðar

Á mynd 14.1 kemur fram „vísitölupróun lykilverða“. Á kynningarfundum hefur komið fram að stuðst sé við raforkuverð til stórnotenda úr ársreikningum Landsvirkjunar. Landsvirkjun birti meðalverð til stórnotenda án flutningskostnaðar í ársreikningi árið 2019 og mátti þar sjá samanburð aftur til ársins 2015. Fyrir þann tíma birti Landsvirkjun meðalverð til stórnotenda þar sem flutningur var innifalinn í sumum samningum. Það eru því ekki til samanburðarhæf gögn fyrir meðalverð til stórnotenda Landsvirkjunar fyrir árið 2015 til að birta á mynd sem þessari.

14.1 Söguleg þróun gjaldskrár

Gjaldskrá Landsnets innifelur nokkra kostnaðarliði, t.d. aflgjald og orkugjald og einnig gjöld vegna kerfisþjónustu og flutningstöp. Vandséð er á myndinni hvort vísitala gjaldskrár innifeli allan kostnað sem t.d. stórnotendur greiði, þ.m.t. kerfisþjónustu og flutningstöp.

- Landsvirkjun óskar skýringa á hvað er innifalið í vísitölu gjaldskrár stórnotenda. Ef kerfisþjónusta og flutningstöp eru ekki innifalín í vísitölu gjaldskrár þá óskar Landsvirkjun eftir afstöðu Landsnets hvort það telji kerfisþjónustu og flutningstöp fyrir utan gjaldskrá.

Í kaflanum kemur eftirfarandi fram „[a]ð þessu öllu sögðu hefur Landsneti tekist að reka flutningskerfi með kostnaði sem er með þeim lægri sem þekkist.“

- Óskað er eftir að Landsnet vísi í erlendar greiningar með nýlegum gögnum, eða láti framkvæma greiningar með erlendum samanburði og birti þær, þar sem sýnt er fram á að þessi fullyrðing standist.

Í kaflanum kemur fram „[e]ins og áður var vikið að hefur gjaldskrá stórnotenda þróast á hagfelldan hátt fyrir notendur“ og einnig vísað til þess að gjaldskráin hafi verið undir þróun vísitölu neysluverðs. Bent er á að ekki er nóg að vísa í þróun vísitölu neysluverðs og bera saman við gjaldskrá Landsnets sem sönnun þess að kostnaðurinn sé sá lægsti sem þekkist. Á undanförunum 20 árum hefur flutt magn í kerfi Landsnets aukist verulega og hefði slík aukning í fluttu magni átt að leiða af sér hagræði í flutningskerfinu og lægri flutningsgjöld. Hvergi er minnst á kostnaðaraðhald til að halda fjárfestingarkostnaði í lágmarki eða hagræðingakröfu til að halda rekstrarkostnaði í lágmarki. Án erlends samanburðar fyrir hagkvæmni kostnaðar í flutningskerfinu er alveg eins hægt að álykta að kostnaður og gjaldskrá sé of há og hefði getað verið lægri hefði flutningskerfið verið rekið með eins hagkvæmum hætti og best gerist erlendis.

- Landsvirkjun óskar eftir skýringum á af hverju vísitala neysluverðs er helsti samanburður fyrir þróun gjaldskrár? Einnig er óskað eftir skýringum á því hvers vegna aukið flutt magn í kerfi Landnets skili sér ekki í lægri gjaldskrá.

Kaflí 15 – Áhrif áætlaðra fjárfestinga á flutningskostnað

Áætlaðar fjárfestingar eru 119 ma.kr. á núverandi verðlagi á næstu 10 árum. Einnig kemur fram að við mat á lengri tíma ábata sé gengið út frá fjárfestingum sem eru 7,25 ma.kr. á ári umfram afskriftir.

Í ársreikningi Landsnets fyrir árið 2024 kemur fram að afskriftir hafi verið um 36 m.USD, sem samsvarar um 5 milljörðum króna. Væntar fjárfestingar hvers árs að meðaltali eru því um 2,5x umfram bókhaldslegar afskriftir ársins 2024. Í framkvæmdaáætlun kemur eftirfarandi fram:

Allar fjárfestingar í flutningskerfinu hafa áhrif á tekjumörk og í framhaldinu á gjaldskrá. Að því gefnu að aðrar stærðir (arður, gengi krónu gangvart dollara og raforkuflutningur) haldist óbreyttar þá hefur Landsnet svigrúm til að fjárfesta árlega sem nemur afskriftum á eignastofni til að gjaldskrá haldist óbreytt. Í því tilviki sem fjárfestingar jafngilda afskriftum helst eignastofn óbreyttur milli ára. Fjárfestingar umfram afskriftir

stækka því eignastofn félagsins og hækka þannig tekjumörk. Hærri tekjumörk leiða svo til gjaldskrárhækkana ef ekki kemur til aukinn raforkuflutningur.

Hinar boðuðu fjárfestingar munu hækka eignastofninn verulega og hækka þar með sjálfkrafa tekjupörf félagsins. Ef litið er til lágsþár raforkuspár Landsnets þá er aukin heildarnotkun raforku um 20% meiri á milli áranna 2025 og 2035. Á bls. 102 er fullyrt að gjaldskrá til dreifiveitna og stórnotenda muni lækka að raungildi á næstu þremur árum.

- Óskað er eftir nánari útskýringum á því hvernig umtalsverðar fjárfestingar umfram afskriftir á sama tíma og aukin notkun, sem er mun minni en væntar fjárfestingar, leiði til þess að vísitala gjaldskrár muni lækka bæði fyrir dreifiveitur sem og stórnotendur.
- Einnig er óskað eftir umfjöllun um þróun gjaldskrár til lengri tíma.

Að lokum þakkar Landsvirkjun fyrir tækifærið til að koma að athugasemdum og ábendingum við kerfisáætlun Landsnets. Ef einhverjar ábendinganna þarfnast nánari skýringa eða samtals þá er Landsvirkjun tilbúin til þess.

Virðingarfyllt,

Hörður Arnarson
Forstjóri

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavarðarsvið
Suðurgötu 39 101 Reykjavík
(354) 570 13 14
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

5. júní 2025
MÍ202504-0105/ 6.07/ Þ.H.

Efni: Kerfisáætlun Landsnets 2025-2034 (nr. 0509/2025). Kynning umhverfismatsskýrslu.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið erindi Skipulagsstofnunar í Skipulagsgáttinni, þar sem óskað er eftir umsögn um umhverfismatsskýrslu fyrir kerfisáætlun Landsnets 2025-2034. Um er að ræða langtímaáætlun til 10 ára auk þess sem horft er til lengri framtíðar um þróun flutningskerfisins. Auk þessa er gerð grein fyrir framkvæmdaáætlun næstu 3 ára, 2026-2028. Greinargerð er unnin af VSÓ Ráðgjöf fyrir Landsnet: *Kerfisáætlun Landsnets 2025-2034. Umhverfismatsskýrsla* (dagsett 9. apríl 2025).

Í skýrslunni kemur fram að fornleifar verða einn af þeim umhverfisþáttum sem til skoðunar verða við mótun kerfisáætlunar enda getur uppbygging flutningskerfis haft bein áhrif á menningarminjar. Í samantekt um helstu niðurstöður mats á áhrifum langtímaáætlunar í töflu 1.1. bls. 1, segir að óvissa sé um áhrif á fornleifar. Við langtímaáætlun byggir matsvinnan á fyrirliggjandi gögnum og er markmiðið að tryggja að mikilvæg umhverfissjónarmið komi snemma fram í samráðsferlinu þannig að gróf valkostagreining liggja fyrir áður en farið verður í frekari útfærslu framkvæmdar á seinni stigum, á skipulagsstigi eða mati á umhverfisáhrifum.

Það sem helst veldur óvissu varðandi fornleifar við gerð langtímaáætlunar er að stór svæði landsins eru enn að heita má óskráð með fullnægjandi hætti. Á bls. 22 er fjallað um minjavefsjá Minjastofnunar Íslands, en þar er öllum lögbundnum fornleifaskráningum safnað sem unnar eru í tengslum við skipulagsmál eða framkvæmdir í landinu. Þótt enn sé mikið óunnið í skráningu fornleifa þá hefur mikið verk verið unnið við að færa fyrirliggjandi fornleifaskrár inn í vefsjána og hefur hún tekið stakkaskiptum á undanförunum árum. Hér má einnig nefna nýlega þekju í kortasjónni sem kallast „Minjavísir“, en hann byggir á að farið var í gegnum ýmsar lykil heimildir sem vísa á minjar og minjastaði sem voru síðan staðsettir, eins og kostur er, á kortagrunn. Þótt ekki sé um hefðbundna skráningu að ræða þá gefa þessar upplýsingar góða hugmynd um dreifingu minja í landinu og hvar þeirra er helst að vænta. Varðandi langtíma kostagreiningu við uppbyggingu flutningskerfisins ættu þessi fyrirliggjandi gögn að fleyta manni

Þór Hjaltalín
Sviðsstjóri
thor@minjastofnun.is

býsna langt og draga úr óvissu. Við nánari útfærslu á framkvæmdastigi þarf svo í flestum tilfellum ítarlegri fornleifaskráingu.

Í töflu 5.1, bls. 60 er gefið yfirliti um hugsanlegar mótvægisáðgerðir, m.a. vegna menningarminja. Þar er gert ráð fyrir að „hnika línu/streng hjá verndarsvæðum þar sem það er mögulegt“, en aldursfriðaðar fornleifar hafa um sig 15 m friðhelgunarsvæði og friðlýstar minjar 100 metra, út frá ystu sjáanlegu útmörkum þeirra. Þetta er lykil atriði, að leggja línurnar þannig að þær valdi sem minnstu raski á fornleifum. Hins vegar er annað atriði sem rétt er að nefna hér en hefur fengið litla sem enga umfjöllun í matsskýrslunni, en það er áhrif framkvæmdanna á *menningar- eða búsetulandslag*. Landslag og ásýnd er að vísu einn umhverfispátturinn sem lagt er sérstakt mat á en þar liggur áherslan á óbyggð víðerni, sem vissulega er afar mikilvægur umhverfispáttur. Vernd óbyggðra víðerna getur einnig þjónað vernd fornra tófta og menningarlandslags á svæðum sem eru lítt snortin af umsvifum mannsins í nútíma.

Í töflu 3.1, bls. 6, er fjallað um matsþætti sem lagðir eru til grundvallar við að gefa landslagi gildi, lágt, miðlungs eða hátt og fær landslagið m.a. hærra gildi eftir því sem það er minna manngert. Hér verður að undirstrika að málið er flóknara en svo. Í Evrópska landslags-samningnum, sem íslensk stjórnvöld fullgiltu árið 2020, segir í 1. grein þar sem fjallað er um skilgreiningar, að “landslagsvernd” feli í sér *áðgerðir til að vernda og viðhalda mikilvægum eða einstökum einkennum í landslagi, og sem færa má rök fyrir vegna gildis þess sem arfleifðar og staðsetningar í náttúrunni og/eða vegna mannlegra athafna*. Þar er vernd menningarlandslags miðlæg líkt og í Landsskipulagsstefnu 2024-2038, þar sem segir: *Skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag og skipulag mannvirkja, byggða og bæjarrýma efli þau gæði sem felast í menningarlandslagi*. Orð þessi eru sannarlega raunhæf markmið sem hægt er að ná í vandaðri skipulagsvinnu.

Minjastofnun vekur athygli á því að á undanförunum árum hefur í auknum mæli verið horft til varðveislu menningar- og búsetulandslags og sjónrænna áhrifa framkvæmda á það í tengslum við almenna minjavernd. Má nefna að í 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, er „búsetulandslag“ á lista yfir það sem telst til fornleifa, ef það hefur náð 100 ára aldri. Sömuleiðis hafa stærri svæði verið friðlýst sérstaklega sem menningarlandslag, eins og Þjórsárdalur og eru fleiri slík svæði sem teljast hafa mikið menningarsögulegt og sjónrænt gild í undirbúningi að friðlýsingu, eins og t.d. Ólafsdalur í Gilsfirði. Hér má einnig nefna að Þingvellir fóru á heimsminjaskrá UNESCO sem einstakt menningarlandslag á heimsvísu. Það er því mikilvægt að þessi mikilvægi matsþáttur verði markvisst tekinn inn þegar fjallað er um áhrif framkvæmda á landslag. Ágæta umfjöllun um menningarlandslag má fá á heimasíðu

Minjastofnunar: <https://www.minjastofnun.is/static/files/skjol-i-grein/Menningar-og-busetulandslag.pdf>

Auk þess að fjalla um stefnumótandi áætlun um framtíð flutningskerfis raforku er í kerfisáætlun einnig fjallað um umhverfisáhrif þriggja ára framkvæmdaáætlunar. Mörg verkefnanna á framkvæmdaáætluninni hafa líklegast þegar sætt mati á umhverfisáhrifum, verið tilkynnt til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu og í einhverjum tilvikum kann jafnvel að hafi verið gefið út framkvæmdaleyfi vegna einstakra verkefna. Þar sem fyrir liggja upplýsingar um fornleifar er hægt að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á fornleifar. Í einhverjum tilfellum á eftir að afla upplýsinga um fornleifar á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum og því óljóst um áhrif framkvæmdanna á fornleifar á þessu stigi.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Þór Ingólfsson Hjaltalín
Sviðsstjóri minjavarðasviðs

Afrit sent: Landsnet

Til Skipulagsstofnunar

Jaðri 13. júní 2025

EFNI: Mál nr.509/2025

Kerfisáætlun 2025-2034

Hagsmunasamtök landeigenda vegna Holtavörðuheiðarlínu 1 gera veigamiklar athugasemdir við ofangreint mál. Á félagsfundi þar sem flestir landeigendur frá Skarðsheiði að Grjóthálsi komu saman var eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða:

„Hagsmunasamtök landeigenda vegna Holtavörðuheiðarlínu 1 afþakkar Holtavörðulínu 1 um lönd félagsmanna sinna og bendir ríkinu sem eiganda Landsnets og Landsneti hf á að nýta lönd ríkisins ef hægt er að finna út að framkvæmdin í þeirri mynd sem hún hefur verið sett fram getur talist til almannahagsmuna. Það gengur gegn öllu meðalhófi og stefnu ríkisins um lagningu raflína að leggja ekki raflínuna stystu leið og nýta þá land ríkisins. Árangurslaust hefur verið í mörg ár bent á ýmsa hluti varðandi þessa fyrirhuguðu framkvæmd, sem jafnharðan er sópað undir teppið. Þá óskar fundurinn eftir að Hrutatungulína 1 verði fjarlægð, þegar ný byggðalína hefur verið lögð enda er líftími hennar á enda. Félagið bendir á að vel er mögulegt að styrkja raforkuflutningskerfi landsins án þess að brjóta meðalhóf, eignarétt og mannréttindi. Þetta má gera með því að finna línunni hentugan stað.“

Eðli málsins samkvæmt felst í þessari einörðu yfirlýsingu landeigenda sú afstaða að Holtavörðuheiðarlína 1 fari ekki um lönd félagsmanna okkar. Við óskum eftir því að Kerfisáætlun verði aðlöguð að þessu.

Virðingarfyllt,

fyrir hönd stjórnar samtakanna

Eiríkur Blöndal



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

2504009 PD

Umsögn Skorradalshrepps

Kerfisáætlun Landsnets 2025-2034

Umsögn var send inn til Landsnets er varðar verkefnis- og matslýsingu fyrir vinnslu Kerfisáætlunar Landsnets 2025-2035. Nú er til umfjöllunar umhverfismatsskýrsla Kerfisáætlunar Landsnets 2025-2034, Framkvæmdaáætlun 2026-2028 og Langtímaáætlun.

Í kerfisáætlun fjallar Landsnet um hvernig skuli þróa og endurnýja flutningskerfi raforku. Kerfisáætlun er ætlað að tryggja að vel sé staðið að þróun flutningskerfisins, ákvarðanatökan byggji á bestu tiltæku þekkingu og sé opin og aðgengileg hagaðilum. Við gerð kerfisáætlunar er lagt mat á þróun flutnings og notkunar raforku, þróun markaða og annarra þátta sem geta haft áhrif á raforkukerfið. Gegnum kerfisáætlun geta orkufyrirtæki, notendur, sveitarfélög og aðrir hagaðilar fengið upplýsingar um hvaða framkvæmdir eru á döfinni, hvers vegna þær hafi verið settar í forgang og hvernig þær muni hafa áhrif á afhendingargetu og gæði raforkukerfisins.

Kerfisáætlun er endurnýjuð annað hvort ár. Hún er kynnt og að lokum rýnd og samþykkt af Raforkueftirlitinu. Kerfisáætlunin fer í gegnum tvöfalt umsagnarferli: fyrst opið umsagnarferli þar sem öllum áhugasömum gefst kostur á að senda inn athugasemdir og síðan lokað umsagnarferli þar sem viðskiptavinir, núverandi og verðandi, geta sent inn athugasemdir.

Opna umsagnarferlið er frá 9. apríl til 31. maí. Aðalmarkhópur þessa samráðs eru Samband íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtök sveitarfélaga og þau sveitarfélög sem kunna að þurfa að gera breytingar á skipulagsáætlunum sínum vegna kerfisáætlunar. Þetta samráð er samkvæmt 2. gr. reglugerðar um kerfisáætlun um uppbyggingu flutningskerfi raforku nr. 870/2016 og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Á kynningartímabilinu eru haldnir opnir kynningarfundir og var einn þeirra haldinn þann 6. maí sl. á Hótel Hamri í Borgarnesi. Skipulagsfulltrúa var falið að sitja kynninguna fyrir hönd sveitarfélagsins.

Umhverfismatsskýrsla Kerfisáætlunar 2025-2034

Í kafla 3.8 er fjallað um áhrif langtímaáætlunar á heilsu. Matsspurning er eftirfarandi: „*Mun flutningskerfið fara nærri þéttbýli? Eru líkur á að kerfið hafi áhrif á rafsegulsvið og hljóðvist nærri byggð og útivistarsvæðum?*“ Áhrif langtímaáætlunar á heilsu eru metin óveruleg neikvæð. Framkvæmdir áætlunarinnar liggja ekki það nálægt byggð að hljóð frá flutningslínunum geti skapað óþægindi en þar sem leiðirnar fara um útivistarsvæði er óhjákvæmilegt að suð heyrir við vissar aðstæður, ef um loftlínur er að ræða. Að sama skapi er ekki líklegt að áhrifa rafsegulsviðs gæti á heilsu fólks þar sem styrkur þess er undir viðmiðunarmörkum ICNIRP. Í umsögn sveitarfélagsins við verkefnis- og matslýsingu fyrir vinnslu Kerfisáætlunar Landsnets 2025-2034 var sérstaklega komið inn á mikilvægi þess að lögð yrði fram matsspurning er varðaði lífsgæði íbúa, gagnvart útivist, umhverfi heimilis þeirra og heilsu, hvort flutningskerfi raforku væri í nálægð við heimili fólks, hvort líkur væru á að það hefði áhrif á fjárhag, heilsu og hamingju íbúa. Það er með ólíkindum að Landsnet sem á að gæta hagsmuna allra íbúa þessa lands skuli sniðganga umfjöllum um íbúa dreifbýlisins og á sama tíma á uppbyggingin sér fyrst og fremst

stað í dreifbýli. Þetta er með öllu ólíðandi og fer sveitarfélagið þess á leit við Skipulagsstofnun að hún gefi ekki út álit á ófullgerða skýrslu sem býr yfir svo mikilli mismunun á þegnum þessa lands.

Stofnuð hafa verið hagsmunasamtök landeigenda vegna Holtavörðuheiddarlínu 1, en hún liggur um tvær jarðir innan Skorradalshrepps. Landeigendur þeirra jarða eru meðlimir í ofangreindum hagsmunasamtökum. Samtökin samþykktu á fundi sínum þann 20. mars 2025 eftirfarandi bókun „Hagsmunasamtök landeigenda vegna Holtavörðuheiddarlínu 1 afþakkar Holtavörðulínu 1 um lönd félagsmanna sinna og bendir ríkinu sem eiganda Landsnets og Landsneti hf á að nýta lönd ríkisins ef hægt er að finna út að framkvæmdin í þeirri mynd sem hún hefur verið sett fram getur talist til almannahagsmuna. Það gengur gegn öllu meðalhófi og stefnu ríkisins um lagningu raflína að leggja ekki raflínuna stystu leið og nýta þá land ríkisins. Árangurslaust hefur verið í mörg ár bent á ýmsa hluti varðandi þessa fyrirhuguðu framkvæmd, sem jafnharðan er sópað undir teppið. Þá óskar fundurinn eftir að Hrutatungulína 1 verði fjarlægð, þegar ný byggðalína hefur verið lögð enda er líftími hennar á enda. Félagið bendir á að vel er mögulegt að styrkja raforkuflutningskerfi landsins án þess að brjóta meðalhóf, eignarétt og mannréttindi. Þetta má gera með því að finna línunni hentugan stað.“ Samþykkt samhljóða.

Bent er á í því sambandi varðandi kafla 3.11 að hreppsnefnd bókaði á 206. fundi sínum þann 30. apríl 2025 eftirfarandi í tengslum við erindi frá Hagsmunasamtökum Landeigenda vegna Holtavörðulínu 1: „Hreppsnefnd telur sig ekkert geta aðhafst í skipulagsmálum vegna lagningu raflína fyrr en full sátt og samningar á milli landeigenda og Landsnets liggja fyrir.

Hreppsnefnd hvetur Landsnet til að ganga frá samningum við landeigendur með sanngjörnum og sómasamslegum hætti, ef að þessari framkvæmd verður.”

Samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003 ber skv. 2. lið 1. gr. laganna að stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku. Það að greiða landbætur þarf að meta á sama hátt og annan kostnað við uppbyggingu flutningskerfisins. Tími kostar einnig peninga, þ.e.a.s. að tafir á uppbyggingu vegna þess að ekki næst samkomulag við landeigendur þarf einnig að kostnaðarmeta. Ef þessi þáttur er tekinn inn í umhverfismatið getur það leitt af sér að ódýrasti valkosturinn verði að Landsnet fari eins og hægt er yfir land ríkisins við uppbyggingu flutningskerfis raforku. Enn fremur takmarkast nýting landeigenda við uppbyggingar flutningskerfis raforku, gagnvart uppbyggingu landbúnaðarbygginga, fristunda- og/eða íbúðabygðar. Sveitarfélagið vill í því samhengi árétta það sem fram kemur í stefnu aðalskipulagsins sveitarfélagsins að semja skuli við landeigendur um helgunarsvæði nýrra rafveitna en einnig skal stefnt að samningum um eldri línur. Það er mikilvægt að uppbygging flutningskerfis raforku skili tekjum til samfélagsins og landeigendur fái árlegar bætur fyrir þær skerðingar sem þeir verða fyrir. Ef að það eru almanna hagsmunir landsmanna að styrkja flutningskerfi raforku hringinn í kringum landið og að uppbygging þess þurfi að ljúka sem fyrst þarf Landsnet að koma með lausnir sem íbúar og sveitarfélagið geti sætt sig við. Það er ekki ásættanlegt að sveitarfélagið og íbúar verði fyrir tjóni eins og verðfalli eigna og heilsufarstjóni. Ríkið verður að tryggja fyrir fram mögulega skaðabætur bæði gagnvart sveitarfélögunum og íbúum. Mikilvægt er að umhverfismat kerfisáætlunar skoði ólíkar leiðir til að ná fram samkomulagi við landeigendur og það kostnaðarmetið. Í ljósi ofangreinds þarf að setja fram matsspurningu undir umhverfispátt samfélags er varðar hver séu hagræn og heilsufarsleg áhrif uppbyggingar flutningskerfis raforku gagnvart ólíkum valkostum og nálgunum er varðar bætur sem ríkið ábyrgist til handa íbúum og sveitarfélögunum.

Í kafla 3.11 í undirkafla Skipulagsáætlunar kemur fram að skv. raforkulögum, gr. 9. c., um stöðu kerfisáætlunar gagnvart skipulagi sveitarfélaga kemur fram að sveitarstjórnun ber að samræma skipulagsáætlunar vegna verkefna í staðfestri tíu ára kerfisáætlun. Sveitarstjórn er þó heimilt að fresta ákvörðun um landnotkun samkvæmt kerfisáætlun í allt að átta ár. Sveitarstjórnun ber enn fremur að tryggja að skipulagsákvæðanir hindri ekki framgang verkefna sem eru í staðfestri þriggja ára framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar. Í þeim tilvikum þar sem framkvæmdir á kerfisáætlun eru ekki í samræmi við aðalskipulag viðkomandi sveitarfélaga, óskar Landsnet eftir samtali og samráðs við sveitarfélögin þegar óska þarf breytinga á aðalskipulagi þeirra. Slíkt samtal þarf að eiga sér stað tímanlega og fer oftast fram í undirbúningi umhverfismats viðkomandi framkvæmdar. Í ljósi ofangreinds vill sveitarfélagið benda á að skv. 6. kafla kemur fram að hluti af matsvinnu vegna kerfisáætlunar er að

skýra frá tengslum áætlunarinnar við aðrar áætlanir. Þar er enn fremur vísað í töflu 6.1. sem á að greina frá því til hvaða áætlana verður litið til og hvaða atriði kunni að snerta kerfisáætlun. Í því sambandi vill sveitarfélagið benda á stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku skv. þingsályktun nr. 26/148, samþykkt á Alþingi 11. júní 2018, þar sem segir að nýta skuli núverandi línustæði við lausnir á aukinni flutningsþörf ef aðstæður leyfa, með endurbyggingu og/eða spennuhækkun, fjölgun eða stækkun leiðara á línunum eða öðrum þekktum aðferðum. Skorradalshreppur gerir kröfu um að horft verði eftir til ofangreindrar stefnu stjórnvalda við vinnslu umhverfismats kerfisáætlunar Landsnets 2025-2034. Sveitarfélagið hefur fulla ástæðu til að minna á ofangreinda stefnu vegna áætlunar Landsnets um uppbyggingu Holtavörðuheidarlínu 1 meðfram núverandi byggðalínu, en samkvæmt stefnu Landsnets stendur ekki til að taka niður byggðalínuna sem er í hróplegu ósamræmi við stefnu stjórnvalda. Bent er enn fremur á að Kerfisáætlanir Landsnets eru ekki réttthærrí stefnu stjórnvalda. Í umhverfismatsskýrslu Holtavörðuheidarlínu 1 kemur ágætlega fram að ekki sé möguleiki á að nýta núverandi byggðalínu við lausn á aukinni flutningsþörf með spennuhækkun, fjölgun eða stækkun leiðara. Því skal bent á að ef Landsnet hefur áhuga á því að framfylgja stefnu stjórnvalda að þá ætti Holtavörðuheidarlína 1 að vera endurbygging núverandi byggðalínu, þ.e. að núverandi byggðalína yrði tekin niður við spennusetningu Holtavörðuheidarlínu 1.

Það er ámælisvert að umhverfisskýrsla kerfisáætlunar tekur ekki á magnáhrifum, eins og til að mynda nálægðar við spennivirki en þar er yfirleitt meira álag þverunnar raflína sem koma úr ólíkum áttum, þ.e. þær hafa ekki sömu stefnu. Við það verða umhverfisáhrifin meiri, þetta þarf að meta sérstaklega og mikilvægt að sett sé fram matsspurning undir umhverfisþætti samfélags um hvort að það séu líkur á að umhverfi spennustöðva/tengipunkta flutningskerfis raforku séu yfir hlaðin háspennulínunum og hver séu þolmörkin, er til að mynda möguleiki á mótvægisáðgerðum og í hverju þær gætu verið fólgnar.

Sveitarfélagið gerir athugasemdir við að ekki sé lögð fram matsspurning undir umhverfisþættinum lífríki og varðar hvort að flutningskerfið fari yfir laxveiðiár. Borgarfjörðurinn er eitt af mikilvægustu laxveiðihéruðum landsins og því ámælisvert að Landsnet meti ekki hagræn og umhverfisleg áhrif Kerfisáætlunar á veiðiár. Flutningskerfi raforku Landsnets hefur veruleg neikvæð sjónræn og hljóðvistarleg áhrif. Náttúruupplifun veiðimanna rýrist og þar af leiðandi hefur það neikvæð áhrif á veiðitekjur landeiganda. Það er mikilvægt að flutningskerfi raforku skerði sem minnst upplifun veiðifólks og óskar Skorradalshreppur eftir því að sá umhverfisþáttur verði metinn sérstaklega og Skorradalshreppur gerir kröfu um að lögð fram matsspurning þar sem spurt er hvort að flutningskerfi raforku hafi hagræn áhrif á veiðitekjur landeiganda og hver áhrif á upplifun veiðifólks sé.

Sveitarfélagið vill enn fremur benda á að Landsnet ber að leggja fram í sinni kerfisáætlun stefnu um efnisnotkun við uppbyggingu háspennumastra að teknu tilliti til þess landslags sem flutningskerfi raforku fer um. Með þetta í huga að þá gefur það auga leið að þetta ætti að endurspeglast í byggingarefninu sem valið er í háspennumöstrin, þ.e. að notað sé timbur, þ.e. heitt efni, í háspennumöstur á láglandi en stál, þ.e. kalt efni, í háspennumöstur í hrjóstrugu fjalllendi.

Í kafla 2.2 um aðferðarfræði við vægismat er ljóst að Landsnet muni halda áfram að móta þá aðferðarfræði við framsetningu á vægismati áhrifa sem kynnt hefur verið í fyrri kerfisáætlunum. Það er mikilvægt í þessu sambandi, ef Landsnet vill ná fram árangri og samstöðu um lagnaleiðir, að samfélagið fái meira vægi í matinu, þ.e. að umhverfisþættir séu stigaðir þannig að þeir fái mishátt vægi gagnvart hvor öðrum. Þannig er árangurinn hámarkaður og umhverfisáhrifin lágmarkuð gagnvart íbúum þessa lands. Það er vel þekkt í aðferðarfræði umhverfismats að umhverfisþættir fái mismunandi vægi út frá mikilvægi. Það tryggir að markmið og stefna stjórnvalda nái fram að ganga eins og að hlífa góðu ræktunarlandi, friðlýstum svæðum, votlendissvæðum, hagræn og efnahagslegur ábati og það sem þetta ætti að snúast fyrst og fremst um, er að taka tillit til íbúa. Heilsa og öryggi íbúa ætti að vera metið ofar öllu.

Eins og ofan greinir að þá er hluti matsvinnu vegna kerfisáætlunar að skýra frá tengslum áætlunarinnar við aðrar áætlanir. Í kafla 6.3 vantar tilfinnanlega að horft sé til áætlana sveitarfélaga um uppbyggingu

flutningskerfis raforku. Má í því samhengi benda á stefnu Skorradalshrepps þar sem mörkuð er stefna um að unnið verði að því að Sultartangalína 1 (SU1) verði aflögð, lögð samhliða Sultartangalínu 3 (SU3) eða lögð í jörð, ef kemur til endurnýjunar línunnar. Sama gildir um þær háspennulínur sem fyrirhugaðar eru innan marka sveitarfélagsins. Það er mat sveitarfélagsins að háspennulínur dragi úr náttúruupplifun fólks og gildi svæða vegna neikvæðra sjónræna áhrifa. Í umhverfismatsskýrslu Kerfisáætlunar 2025-2034 kemur fram að almennt er stefnt að því að framkvæmd fylgi mannvirkjabelti eins og kostur er. Það er ekki ásættanlegt að setja það fram sem stefnu en gera ekkert með hana. Fjalla þarf um alla þá möguleika sem eru í stöðunni um að fylgja mannvirkjabeltum eins og kostur er á landsvísi í umhverfismatsskýrslu. Taka ber þó tillit til þess að raforkuflutningskerfi sem er búið með afskriftartíma sinn, eins og Hrutatungulína 1 og lögð fyrir tíma umhverfismats, er engan veginn rétt að skilgreina sem mannvirkjabelti, heldur þarf að finna bestu leiðina út frá umhverfismati þegar kemur til endurnýjunnar línu.

Langtímaáætlun

Í langtímaáætlun um þróun flutningskerfis raforku sem unnin var fyrir Kerfisáætlun Landsnets 2023-2032 kemur fram eftirfarandi: „*Nokkrar 220 kV línur í meginflutningskerfinu eru hannaðar og byggðar (ýmist að öllu leyti eða að hluta) með tvöföldum leiðara og má þar nefna Sultartangalínur 2 og 3, Fljótsdalslínur 3 og 4 og Búrfellslínu 3A. Þær eru gjarnan kallaðar tvíleiðaralínur, þ.e. í hverjum fasa eru tveir leiðarar sem eykur flutningsgetu allt að tvöfalt. Tveir leiðarar hafa einnig minna viðnám en einn og minnka þar af leiðandi flutningstöp umtalsvert. Þær línur sem eru tvíleiðara í flutningskerfinu eru allar byggðar fyrir 400 kV spennustig en eru reknar á 220 kV. Þær eru því mun hærri og breiðari en 220 kV lína þyrfti að vera með tvöföldum leiðara. Með tiltölulega lítilli útlitsbreytingu 220 kV línu er mögulegt að auka flutningsgetu röramastra línu (eins og hafa verið byggðar í KR3, KR4 og HS3) í tvíleiðara línu. Stálburðarvirki þeirra þyrfti að vera sterkara þar sem leiðarar línunnar eru tvöfalt þyngrir.*“ Vakin er athygli á því að hér er verið að vísa í eldri langtímaáætlun Landsnets. Skorradalshreppur gerir kröfur um að umhverfisáhrif Kerfisáætlunar séu metin út frá mögulegri flutningsgetu og hæstu spennu hverrar línu fyrir sig óháð því á hvaða spennu á að byrja að reka umrædda línu á. Í upphafi skal endinn skoða, segir máltækið. Hærri spenna hefur viðtæk áhrif á samfélagið og íbúa sem búa nærri flutningskerfi Landsnets og því er það sanngjörn krafa að þetta sé metið í umhverfismati kerfisáætlunar 2025-2034.

Framkvæmdaáætlun 2026-2028

Í kafla 2.5.3 kemur fram að gert sé ráð fyrir að framkvæmdir við Holtavörðuheiðarlínu 1 hefjist 2027 og þeim ljúki 2029. Breyta þarf Aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010-2022 eins og fram kemur í skýrslum Landsnets. Sveitarfélagið telur óraunhæft í ljósi ofangreinds, þ.e. afstöðu hagsmunasamtaka landeiganda og stefnu stjórnvalda skv. þingsályktun nr. 26/148, að framkvæmdaáætlun Landsnet standist varðandi Holtavörðuheiðarlínu 1. Taka þarf tillit til þessa og setja fram raunhæfar og réttar áætlanir eins og kostur er.

Skorradal, 31. maí 2025

Virðingarfyllst,



Pétur Davíðsson,
Formaður skipulags- og byggingarnefndar

Íbúum og fyrirtækjum í Ölfusi hefur fjölgað á síðustu árum og ljóst er að sveitarfélagið stendur frammi fyrir verulegri atvinnuuppbyggingu og fjölgun íbúa á næstu árum. Þessi þróun kallar á styrkingu innviða, þar á meðal örugga og nægjanlega afhendingu raforku til að mæta þörfum samfélagsins og styðja við orkuskipti.

Kerfisáætlun 2025–2034 gerir í framkvæmdahluta sínum ráð fyrir Þorlákshafnarlínu 2 (2026) sem mikilvægri framkvæmd fyrir afhendingaröryggi á svæðinu. Sveitarfélagið fagnar því sérstaklega en bendir jafnframt á mikilvægi þess að tryggt verði að fullnægjandi tenging og afhendingargeta verði fyrir hendi til að styðja við framtíðaruppbyggingu atvinnustarfsemi og íbúabyggðar í Þorlákshöfn og nágrenni.

Ölfus leggur áherslu á:

1. Að Landsnet ljúki áfangaskiptri uppbyggingu Þorlákshafnarlínu 2 innan áætlaðs tímaramma og taki mið af áformum sveitarfélagsins um þróun atvinnusvæða og nýjar lagnir í dreifikerfi.
2. Að við áframhaldandi þróun kerfisáætlunar verði sérstaklega litið til orkuskipta í samgöngum og sjávarútvegi sem kalla á aukið flæði og sveigjanleika í afhendingu.
3. Að Landsnet tryggi virk samráð við sveitarfélagið á næsta stigi útfærslu viðkomandi framkvæmda og tryggt verði að gögn og upplýsingar um áætlaða tengipunkta og afhendingargetu verði aðgengileg fyrir skipulagsvinnu.

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

Garðabær, 16. júní 2025
202504-0092/A.B.
08.03

Efni: Umsögn - Mat á umhverfisáhrifum - Kerfisáætlun 2025-2034 Skipulagsstofnun.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 10. apríl 2025, með beiðni um umsögn vegna umhverfismatsskýrslu fyrir kerfisáætlun Landsnets 2025–2034.

Kerfisáætlunin nær yfir allt landið og skiptist í framkvæmdaáætlun (2026–2028) og langtímaáætlun (2025–2034). Hún felur í sér bæði viðhald og nýframkvæmdir í raforkuflutningskerfi Landsnets þar sem lögð er áhersla á að styrkja afhendingaröryggi, bæta tengingar milli svæða og auka sveigjanleika og áreiðanleika kerfisins í heild.

Áætlunin gerir ráð fyrir lagningu nýrra loftlína og jarðstrengja, endurnýjun og styrkingu eldri flutningslína, byggingu nýrra tengivirkja og endurbótum á eldri tengivirkjum. Þá er einnig gert ráð fyrir niðurrifi eldri mannvirkja og lína þar sem þær eru orðnar úreltar eða valda óþarfa raski.

Framkvæmdir á grundvelli kerfisáætlunar eru víðfeðmar og geta haft áhrif á fjölbreytt vistkerfi, landslag og byggðasvæði. Því er mikilvægt að útfærsla framkvæmdanna byggist á samræmdu mati á umhverfisáhrifum, valkostum og mótvægisaðgerðum fyrir hvert einstakt verkefni. Þá er einnig mikilvægt að í framkvæmdum verði gætt að samræmi við stefnumörkun í aðalskipulagi, ásamt náttúruverndarsjónarmiðum, laga- og reglugerðarskyldum, sem og skuldbindingum samkvæmt alþjóðlegum samningum um vernd náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni.

Samantekt

Náttúruverndarstofnun hefur farið yfir umhverfismatsskýrslu fyrir kerfisáætlun Landsnets 2025–2034. Áætlunin nær yfir umfangsmiklar framkvæmdir sem geta haft áhrif á fjölbreytt náttúruverðmæti, þar á meðal friðlýst svæði, vistgerðir, fuglalíf, víðerni og landslag.

Helstu athugasemdir og áherslur stofnunarinnar eru eftirfarandi:

- Óbyggð víðerni virðast ekki vera greind, þrátt fyrir að nokkrar framkvæmdir nái inn á lítt snortin hálendissvæði.

- Vistgerðir og fuglalíf eru ekki metin með tilliti til staðbundinnar verndar eða ábyrgðartegunda og skortir rökstudda greiningu á áhrifum framkvæmda á slík náttúruverðmæti.
- Friðlýst svæði eru ekki metin með tilliti til þess hvort fyrirhugaðar framkvæmdir rýri verndargildi þeirra; leyfisveitingar þurfa að liggja fyrir frá Náttúruverndarstofnun þegar slíkt á við.
- Mannvirkjabelti og val á línuleiðum taka ekki nægjanlegt mið af varúðarreglu og því að forðast stofnun nýrra framkvæmda á öröskuðum svæðum.
- Landslagsáhrif og ásynd eru greind að hluta en ekki í tengslum við óbyggð víðerni, náttúruupplifun eða sjónræna samfellu í landslagi.
- Skortur er á greiningu valkosta, mótvægisaðgerða og samræmis við aðalskipulag og náttúruverndarmarkmið sveitarfélaga.
- Óvissa ríkir um rökstuðning fyrir áhrifamati, m.a. varðandi áhrif á verndarsvæði, vistgerðir og dýralíf.
- Í greinargerð kemur fram að: „Valkostagreining á áætlunarstigi er alltaf háð þeim fyrirvara að ekki er lokið vinnu við umhverfismat framkvæmdarinnar á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda nr. 111/2021. Sú málsmeðferð getur skilað annarri niðurstöðu en umhverfismat kerfisáætlunarinnar, þar sem þar liggja til grundvallar ítarlegri gögn og oft frekari útfærslur valkosta.“ Stofnunin tekur undir að þessi fyrirvari sé mikilvægur en bendir jafnframt á að ekki sé hægt að sleppa þeirri skyldu í áætluninni að greina valkosti, verndarsvæði og náttúruverndarsjónarmið með fullnægjandi hætti á þessu stigi.

Niðurstöður kerfisáætlunar

Í matsskýrslu fyrir kerfisáætlun Landsnets 2025–2034 kemur fram að bæði framkvæmdaáætlun næstu tíu ára og langtímaáætlun til ársins 2050 geti haft neikvæð áhrif á tiltekna umhverfispætti. Þar er sérstaklega vísað til áhrifa á landslag og ásynd, áhrif á fuglalíf og búsvæði fugla, auk röskunar á vistgerðum sem falla undir verndarákvæði náttúruverndarlaga. Þá eru einnig nefnd áhrif á útivistarsvæði, óraskaðar víðernir og svæði í nágrenni friðlýstra svæða.

Að mati stofnunarinnar er brýnt að tryggja að kerfisáætlun – hvort sem um ræðir framkvæmdaáætlun eða langtímaáætlun – feli ekki í sér áform sem leiði til samverkandi neikvæðra áhrifa á umhverfisverðmæti. Nauðsynlegt er að vinna áfram með valkosti, forgangsroðun framkvæmda, mótvægisaðgerðir og eftir atvikum endurskoðun til að tryggja að áætlunin standist þær skyldur sem lög og reglur gera ráð fyrir.

Lífríki - Skortur á aðgreiningu umhverfisáhrifa

Í kafla 3.4 umhverfismatsskýrslunnar er fjallað um áhrif langtímaáætlunar á lífríki þar sem teknir eru saman ýmsir umhverfispættir eins og vistgerðir, friðlýst svæði, fuglalíf, tegundir, votlendi og alþjóðleg verndarsvæði. Að mati Náttúruverndarstofnunar mætti greiningin vera skýrari og byggð á aðgreiningu einstakra þátta og þeirra lagaákvæða sem við eiga í hverju tilviki.

Það að setja saman fjölbreytta verndarþætti undir einum matsþætti sem nefnist „lífíki“ getur dregið úr skýrleika skýrslunnar til að draga fram sértæk umhverfisáhrif. Sérstaklega á þetta við um þætti sem njóta verndar samkvæmt lögum eða alþjóðlegum skuldbindingum, svo sem friðlýst svæði, Ramsar- og IBA-svæði, eða tegundir sem falla undir sérstaka vernd 61. gr. náttúruverndarlaga.

Sama gildir um þá hluta skýrslunnar þar sem fjallað er um áhrif einstakra framkvæmda. Þar eru áhrif oft sett fram í stuttri samantektartöflu undir yfirskriftinni „áhrif á lífíki“ án aðgreiningar á tilteknum verndarþáttum. Þó að umfjöllunin sé gagnleg sem yfirlit væri æskilegt að fram kæmu ítarlegri greiningar á áhrifum á hverja tegund umhverfisþátta fyrir sig.

Náttúruverndarstofnun mælir með að í skýrslunnar verði byggðar á aðgreindri framsetningu, þar sem áhrif á vistgerðir, fuglalíf, friðlýst svæði og önnur viðkvæm svæði eru metin sérstaklega og í samræmi við viðeigandi ákvæði náttúruverndarlaga og laga um mat á umhverfisáhrifum.

Valkostir og náttúruvernd

Í matsskýrslunni er gerð grein fyrir því að valkostir hafi verið skoðaðir við val á meginleiðum raflína og tengipunkta innan kerfisáætlunar, meðal annars með hliðsjón af tæknilegum, samfélagslegum og umhverfislegum þáttum. Hins vegar er ekki alltaf ljóst hvernig áhrif á náttúruverndarsjónarmið – svo sem friðlýst svæði, vistgerðir, fuglalíf og landslag – vógu í raun þungt í samanburði valkosta.

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt 14. gr. laga nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum skal í matsskýrslu greina raunhæfa valkosti og færa rök fyrir vali framkvæmdaraðila. Þar undir fellur einnig svo kallaður *núllkostur* sem lýsir því sem gerist ef framkvæmd verður ekki farin. Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um gerð matsskýrslu er lögð áhersla á að samanburður valkosta verði skýr og studdur raunhæfum upplýsingum um áhrif á umhverfi, náttúru og samfélag.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er brýnt að í frekari útfærslu kerfisáætlunar verði náttúruverndarsjónarmið – svo sem vernd vistgerða samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga, áhrif á fuglalíf, ásýnd og nánd við friðlýst svæði – tekin sérstaklega með í samanburð valkosta.

Náttúruminjaskrá

Í umhverfismatsskýrslunni kemur fram að áhrifasvæði langtímaáætlunar kann að ná til svæða á C-hluta náttúruminjaskrár, einkum vegna landslagsgilda. Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé skýrt um þessi svæði í tillögunni og að það komi fram hver áhrif tillögunnar eru á þau. Þá leggur stofnunin ríka áherslu á að tillagan og fyrirhugaðar framkvæmdir raski ekki verndargildi svæðanna.

Náttúruverndarstofnun bendir á að þar sem fjallað er um C-hluta, ætti fremur að nefna svæðin „*Svæði á náttúruminjaskrá undir aðrar náttúruminjar*“. Náttúruverndarstofnun bendir einnig á að samkvæmt 2. tölul. laga til bráðabirgða við náttúruverndarlög nr. 60/2013 skal eldri náttúruminjaskrá halda gildi sínu þar til ráðherra gefur út nýja skrá samkvæmt 33. gr.

laganna. Um minjar á skránni, aðrar en þær sem eru friðlýstar, skal þá fara samkvæmt ákvæðum 67. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 þar til endurmat verndargildis þeirra minja hefur farið fram. Þetta þýðir að eldri náttúruminjaskrá heldur formlegu gildi sínu en réttaráhrif 37. gr. núgildandi laga gilda ekki um þau svæði að svo stöddu.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er brýnt að kerfisáætluninni fylgi skýrt markmið um að raska ekki verndargildi náttúruminja.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í skýrslunni er víða vísað til þess að framkvæmdir geti haft áhrif á svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, m.a. vegna jarðminja, hrauna, votlendis, fossa, birkiskóga og leira.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis.

Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Að mati Náttúruverndarstofnunar ber að hafa í huga:

- Ávallt skal meta hvort almennir eða brýnir almannahagsmunir réttlæti röskun og sýna fram á að ekki sé unnt að koma framkvæmdum fyrir utan verndarsvæðis.
- Nauðsynlegt er að útfærsla framkvæmda, m.a. val á línuleiðum og tækni, taki mið af þessari vernd, og að meta þurfi áhrif á hvert einstakt verndarsvæði þegar þau eru þekkt.

Náttúruverndarstofnun leggur sérstaka áherslu á að hraun verði ekki rofin eða grafin í tengslum við lagningu jarðstrengja nema sýnt hafi verið fram á að enginn annar kostur sé fyrir hendi. Slík röskun getur haft í för með sér óafturkræfar breytingar á jarðmyndunum og raskað þeim vistgerðum sem þar kunna að finnast. Í samræmi við 61. gr. náttúruverndarlaga ber að forðast slíkt rask og gera grein fyrir öðrum valkostum og áhrifum þeirra með skýrum hætti í skipulags- og umhverfismati.

Í greinargerð segir að í nágrenni við langtímaáætlun séu friðlýst svæði, svæði á náttúruminjaskrá, á náttúruverndaráætlun sem sum hver hafa gildi vegna sérstakra jarðmyndana. Til dæmis má þar nefna fólkvanginn Krossanesborgir á Akureyri og Grábrókarhraun og Hreðavatn í Borgarbyggð sem eru skilagreindar sem aðrar náttúruminjar. Leitast er við að forðast rask innan slíkra svæða.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að áætlunin raski ekki verndargildi þessara svæða og að tryggt verði að hver framkvæmd sé metin með tilliti til lagalegrar verndar og skráðra verndarmarkmiða.

Í greinargerð segir að varðandi mótvægisáðgerðir: *Hnika línu/streng og vegslóðum til að lágmarka rask á jarðminjar þar sem það er mögulegt.* Náttúruverndarstofnun bendir á að

orðalagið *lágmarka rask á jarðminjar þar sem það er mögulegt* er ekki í samræmi við ákvæði 61. gr. náttúruverndarlaga og mikilvægi þess að kerfisáætlunin uppfylli ákvæði náttúruverndarlaga.

Ramsar svæði

Í greinargerð segir: Ramsarsvæði eru votlendissvæði í heiminum sem valin hafa verið sérstaklega til verndunar og eru sex slík svæði á Íslandi (Umhverfisstofnun, án dags.). Þessi svæði eru einkum að finna á Vesturlandi og Norðvesturlandi. Við ákvörðun um línuleiðir framkvæmda er leitast við að forðast svæði sem á hvíla verndarákvæði eins og kostur er.

Auk þess segir í umhverfismatsskýrslunni að sex Ramsar-svæði séu á Íslandi, einkum á Vesturlandi og Norðvesturlandi, og að leitast sé við að forðast verndarsvæði við val á línuleiðum.

Að mati Náttúruverndarstofnunar þarf að fjalla ítarlegar um þessi svæði í tengslum við kerfisáætlun og skýra hvernig tryggt verði að þau njóti þeirrar verndar sem aðild Íslands að Ramsarsamningnum feli í sér.

Ramsarsamningurinn um votlendissvæði er alþjóðlegur samningur um vernd og skynsamlega nýtingu votlendis sem Ísland hefur fullgilt. Samkvæmt skuldbindingum samningsins skulu aðildarríki ekki einungis forðast röskun skráðra Ramsar-svæða heldur einnig taka tillit til þeirra í allri áætlanagerð og framkvæmdaáformum sem kunna að hafa áhrif á verndargildi þeirra. Þetta felur í sér skyldu til að greina möguleg áhrif og gera viðeigandi ráðstafanir til að vernda vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni þeirra.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að í kerfisáætlun verði tilgreint nákvæmlega hvort og hvaða fyrirhugaðar framkvæmdir eða línuleiðir liggja innan eða í grennd við Ramsar-svæði og metið með rökstuddum hætti hvort áhrif þeirra kunni að rýra verndargildi svæðanna. Ábyrgð stjórnvalda á vernd Ramsar-svæða er mikil.

Friðlýst svæði og áhrif

Í matsskýrslunni kemur fram að hluti framkvæmda kerfisáætlunar liggi í nágrenni við friðlýst svæði og svæði á náttúruverndarsvæðum. Einnig kemur fram að leitast sé við að forðast rask innan slíkra svæða.

Náttúruverndarstofnun vill vekja athygli á 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd en þar segir segir: „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsta svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Náttúruverndarstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.“

Þá bendir stofnunin á mikilvægi þess að hugað sé sérstaklega að áhrifum þeirra framkvæmda sem fyrirhugaðar eru í landareignum sem liggja að friðlýstum svæðum þar sem slíkar framkvæmdir geta haft áhrif á verndargildi þeirra. Samkvæmt 54. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 skal við veitingu leyfa utan friðlýstra svæða taka mið af mögulegum áhrifum á friðlýst svæði, leita umsagnar Náttúruverndarstofnunar og eftir atvikum setja skilyrði til að koma í veg fyrir skaða.

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að áætlunin gerir ekki ráð fyrir raski á friðlýstum svæðum.

Fuglalíf og ábyrgðartegundir

Náttúruverndarstofnun bendir á að margir þættir í kerfisáætlun Landsnets 2025–2034 geta haft áhrif á fuglalíf, bæði beint og óbeint. Þar á meðal eru nýjar loftlínur, tengivirki, jarðstrengir og tengileiðir, sem fara í gegnum opið landslag og geta farið um svæði þar sem fuglar halda til til varps, fæðuöflunar eða hvíldar. Sömuleiðis geta framkvæmdir leitt til breytinga á landnýtingu, truflunar frá framkvæmdum og röskunar búsvæða.

Náttúruverndarstofnun bendir á að raflínur geta haft áhrif á fuglalíf vegna árekstra, sérstaklega á opnum svæðum þar sem tegundir eins og lóur, spóar og hrossagaukar halda til. Þetta eru ábyrgðartegundir Íslands og Ísland ber sérstaka verndarskyldu gagnvart þeim samkvæmt Bernarsamningnum og samningnum um líffræðilega fjölbreytni.

Þá er nauðsynlegt að meta áhrif framkvæmda á fugla með tilliti til tímasetninga, t.d. truflun á varptíma eða fækkun búsvæða í kjölfar rasks. Slík áhrif eru ekki greind með nægjanlegum hætti í matsskýrslunni.

Náttúruverndarstofnun bendir á að allir fuglar njóta verndar samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nema annað sé kveðið á um í reglugerð. Friðunin tekur einnig til eggja og hreiðra. Í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur fram að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun.

Í ljósi ofangreinds telur stofnunin að í matsskýrslunni þurfi að skoða nánar umhverfisáhrif kerfisáætlunar á fuglalíf. Þá skortir rökstutt mat á áhrifum einstakra framkvæmda á fugla og gögn sem byggja á nýjustu rannsóknum um búsvæði fugla á áhrifasvæðum.

Bakkagróður og vernd samkvæmt 62. gr. náttúruverndarlaga

Í umhverfismatsskýrslu kerfisáætlunar er ekki sérstaklega fjallað um áhrif framkvæmda á bakkagróður eða vísað til 62. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Samkvæmt þeirri grein skal gróður og landslag í nágrenni vatna og votlendis njóta sérstakrar verndar gegn raski sem getur haft skaðleg áhrif á vatnafar eða gróðurfarið.

Bakkagróður gegnir lykilhlutverki við að binda jarðveg, draga úr rofi og styðja vistkerfi vatnsins. Rask vegna framkvæmda, s.s. vegslóða eða fyllinga við vatnsbakka, getur haft veruleg áhrif ef ekki er tekið tillit til verndar þessara jaðarsvæða.

Náttúruverndarstofnun telur brýnt að meta sérstaklega áhrif framkvæmda í grennd við vatn á bakkagróður.

Óbyggð víðerni

Náttúruverndarstofnun bendir á að óbyggð víðerni eru skilgreind samkvæmt náttúruverndarlögum á eftirfarandi hátt: *Svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km að*

stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínunum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að framkvæmdir á óröskuðum svæðum geti haft áhrif á víðerni, en fer ekki markvisst yfir áhrif þeirra með tilliti til lagalegrar verndar óbyggðra víðerna, sbr. 3. og 5. gr. náttúruverndarlaga.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að kerfisáætlun Landsnets taki mið af þeirri vernd sem óbyggð víðerni njóta samkvæmt náttúruverndarlögum og landslagsverndarstefnu stjórnvalda.

Mikilvægt er að kerfisáætluninni fylgi markmið um að minnka ekki óbyggð víðerni né raska þeim með nýjum mannvirkjum. Þá skal slík skerðing byggð á samanburði við raunhæfa valkosti, með skýrri greiningu á víðernagildum og mótvægisaðgerðum. Slík nálgun tryggir að heildarsýn um víðernavernd sé höfð að leiðarljósi í langtímaáætlun raforkuflutningskerfisins.

Landslag og ásýnd

Kerfisáætlun Landsnets 2025–2034 felur í sér fjölmargar framkvæmdir sem geta haft áhrif á ásýnd lands og landslagsheildir. Þetta á sérstaklega við um loftlínur, tengivirkjabyggingar og tilheyrandi innviði sem koma fram í opnu landi, víðernum eða á svæðum með hátt landslagsverndargildi.

Samkvæmt 69. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 ber stjórnvöldum og leyfisveitendum að gæta þess að framkvæmdir valdi ekki röskun á ásýnd og yfirbragði lands.

Náttúruverndarstofnun bendir á að þó að mótvægisaðgerðirnar, sem lagðar eru til í skýrslunni, séu í meginatriðum ágætar vantar skýra umfjöllun svæða þar sem áhrif eru mest, nánari viðmið um hvar jarðstrengir eigi að vera nýttir, samanburði á sjónrænum áhrifum mismunandi mastrategunda og að lokum skýrari greiningu á því hvernig niðurrif eldri lína (t.d. Rangárvallalína 1) gæti virkað sem mótvægisaðgerð fyrir nýjar línur.

Mannvirkjabelti

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að við staðarval og útfærslu framkvæmda skuli leitast við að fylgja fyrirliggjandi mannvirkjabeltum og rýra ekki frekar óröskuð svæði.

Mikilvægt er að forðast stofnun nýrra mannvirkjabelta á heiðum og hálendissvæðum þar sem þau geta leitt til óafturkræfrar skerðingar á viðkvæmum vistkerfum og óbyggðum víðernum (t.d. Arnarvatnsheiði).

Slík stefna er í samræmi við náttúruverndarsjónarmið og meginmarkmið laga um náttúruvernd þar sem lögð er áhersla á að vernda náttúruleg ferli og ásýnd landsins (sbr. 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013).

Í fyrri umsögnum hefur Náttúruverndarstofnun ítrekað bent á mikilvægi þess að fylgt sé fyrirliggjandi mannvirkjabeltum og að forðast beri opnun nýrra framkvæmda inn á lítt röskuð svæði. Slíkt verklag er í samræmi við markmið Landslagssamnings Evrópu og stuðlar að samfelldri vernd landslagsheilda og víðerna á landsvísu.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Hákon Ásgeirsson

sviðsstjóri